**ÁSTA MEKKÍN PÁLSDÓTTIR**

*Boxar við strákana*

Heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



**TÍSKA & FEGURÐ**

*Diskóið snýr aftur*

Sérblað um tísku

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



**TIGER**

bæklingurinn fylgir blaðinu í dag


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. apríl 2007 — 103. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## ÞRIÐJUDAGUR

### Breytt hlutverk með bættri tækni



Ævar Kjartansson bindur vonir við hlaðvarpið.

MENNING 32

### Heiðrún á flugi



Söngkonan Heiðrún Anna Björnsdóttir spilar ásamt nýrri hljómsveit sinni á Glastonbury-hátíðinni í sumar.

FÓLK 42

### Fartölvunni stolið



Hjálmar Hjálmarsson biðlar til þjófsins um að skila sér gripnum.

FÓLK 42

### KR Íslandsmeistari



KR-ingar eru Íslandsmeistarar í körfubolta eftir sigur á Njarðvík í framlengdum leik í gær.

ÍÞRÓTTIR 38

## VEÐRIÐ Í DAG





**SKÝJAÐ MEÐ KÖFLUM** Í dag verða suðvestan 3-10 m/s. Úrkomulítið með morgninum en skúrir eða él vestan til síðar í dag. Annars skýjað með köflum en þó hætt við lítils háttar vætu austan til um tíma í dag. Hiti 3-7 stig að deginum.

VEÐUR 4

LESTUR MEÐAL 12-49 ÁRA
höfuðborgarsvæðið

**Þriðjudagur**





*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í mars 2007.



**FRÁ VÍGVELLINUM** Lögreglumenn, nemendur og starfsfólk báru út og hlúðu að fórnarlömbum skotárásanna þangað til sjúkrabílar og hjúkrunarfólk kom á staðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Fjöldamorð framið í háskóla í Virginíu

**Mannskæðasta skólaárás í sögu Bandaríkjanna. Alls létust 32 nemendur og starfsmenn. Vígamaður framdi sjálfsmorð. Viðbrögð skólayfirvalda gagnrýnd.**

**FJÖLDAMORÐ** Alls 32 nemendur og starfsmenn voru skotnir til bana og fimmtán særðust að auki í Virginia Tech, fjöltækniháskóla Virginíu, í gær. Morðinginn svipti sig síðan lífi.

Árásirnar voru tvær. Í þeirri fyrri, klukkan 7.15, létust tveir menn sem staddir voru í vistarverum nemenda. Í þeirri seinni, um tveimur tímum seinna, voru þrjátíu myrtir í verkfræðistofu, langt frá fyrri staðnum. Þá höfðu skólayfirvöld rétt lokið við að senda út tölvupóst til að vara nemendur við hættu á vopnuðum manni og skipað þeim að halda sig innan dyra.

Lögreglan hefur skýrt þessar tafir með því að talið hafi verið að morðinginn hefði yfirgefið háskólasvæðið eftir fyrri árásina. Á blaðamannafundi sagðist Wendell Flinchum lögreglustjóri ekki treysta sér til að staðfesta að árásirnar tvær tengdust með beinum hætti. Hins vegar sagði hann að lögreglan vissi ekki til þess að fleiri en einn byssumaður hefði verið á ferð.

Vígamaðurinn svipti sig lífi eftir seinni árásina. Ekki er vitað hver hann var né hvort hann var nemandi við skólann.

Skólayfirvöld voru gagnrýnd fyrir seinleg viðbrögð og léleg. Skólanum var ekki lokað og kennslu ekki frestað, þrátt fyrir að tveir menn hefðu verið myrtir og morðingi þeirra komist undan.

Dagmar Hannesdóttur, nemanda við skólann, var ásamt samnemendum sínum skipað að læsa sig inni í kennslustofunni. „Ég var í annarri byggingu þegar þetta gerðist, hálfan kílómetra frá,“ segir hún. „Það var liðin svona klukkustund af kennslustundinni þegar yfirmaður deildarinnar kom inn og sagði okkur að læsa öllum hurðum og halda okkur inni í stofunni.“

- kóþ / sjá síðu 4

Ákvæði í samningum sem bannar launþega að gefa upp hvað hann hefur í laun:

# Konur vilja banna launaleynd

**SKOÐANAKÖNNUN** Meirihluti kvenna, 56 prósent, og 69 prósent stuðningsmanna Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs vilja að launaleynd verði bönnuð. Launaleynd felst í því að fyrirtæki setur ákvæði í starfssamning sem bannar launþega að gefa upp hvað hann hefur í laun.

Meirihluti stuðningsmanna Sjálfstæðisflokks, eða 62 prósent, vill hins vegar ekki banna slíkt ákvæði í kjarasamningum. 38 prósent eru því fylgjandi. Ekki er marktækur munur á afstöðu þeirra sem segjast kjósa aðra flokka en Sjálfstæðisflokkinn og Vinstri græna.

Sé litið til allra er munurinn milli þeirra sem vilja leyfa og þeirra sem vilja banna launaleynd ekki heldur marktækur. Alls 52 prósent vilja banna launaleyndarákvæði í kjarasamningum, en 48 prósent eru slíku banni mótfallin.

55 prósent þeirra sem ekki gefa upp hvaða stjórnmálaflokk þeir myndu kjósa segjast mótfallin launaleynd, en 45 prósent eru því fylgjandi.

- ss/ sjá síðu 6

**Á AÐ BANNA LAUNALEYND?**

**KONUR**





**SKATTA- OG VELFERÐARMÁL!**

Valdimar Leó Friðriksson og Kjartan Eggertsson flytja erindi og ræða við fundargesti. Hljómsveitin 6 í djass leikur.

**Skeifunni 7 í kvöld kl. 20 - allir velkomnir!**

www.xf.is

Frjálslyndi flokkurinn



**Í HVÍLD** Selurinn virtist ekkert hafa á móti því að sitja fyrir í myndatöku. MYND/GUNNAR GUÐMUNDSSON

Furðuleg skepna í Straumi:

# Selur með hundalappir

**DÝRALÍF** Njarðvíkingurinn Gunnar Örn Guðmundsson kom auga á kúnstugan sel þegar hann var á ferð í Straumi í gær.

„Ég er nú orðinn sextugur og hélt ég hefði svolítið vit á dýrum, en ég hef aldrei vitað til þess að selir væru með lappir,“ segir Gunnar. „Ég trúði þessu varla þegar ég myndaði hann. Þetta lítur út eins og lappir á Labradorhundi.“

Hann segir selinn sennilega hafa verið þreyttan og því hvílt sig við sjávarborðið. „Ég var ekki nema metra frá honum þegar hann fór að hvæsa á mig, hann hefur líklegast verið alveg uppgefinn.“ - sþs

Jón Páll Eyjólfsson leikari:

# Vill fá hlutverk í Harry Potter

**KVIKMYNDIR** „Á þessu stigi fær maður bara að sjá búta úr handritinu og það hvílir mikil leynd yfir þessu öllu saman,“ segir Jón Páll Eyjólfsson leikari sem prófaður hefur verið fyrir hlutverk í sjöttu myndinni um Harry Potter. Sú heitir Harry Potter and the Half-Blood Prince og verður frumsýnd á næsta ári. Ekki fæst uppgefið um hvaða hlutverk er að ræða.

Jón Páll komst í gegnum fyrsta úrtakið og á raunhæfa möguleika á að fá hlutverkið. -hdm/ sjá síðu 42

VELKOMIN Í SKAGAFJÖRÐ

**Tekið til kostanna**

ALÞJÓÐLEGIR HESTADAGAR Í SKAGAFIRÐI

20. - 22. apríl 2007

- Reiðkennslusýning Hólaskóla
- Theodórsþing
- Kvöldsýningar
- Stærsta hesthús landsins



www.digitalhorse.is

## SPURNING DAGSINS



*Kristinn, ertu ekki lengur utanveltu?*

„Nei, ég er á toppnum."

Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður slapp ómeiddur þegar bíll hans valt á laugardagskvöld.

Alþýðusamband Íslands rannsakaði breytingu á vísitölu neysluverðs frá því í febrúar:

# Veitingamenn skila ekki skattalækkun

**NEYTENDUR** Veitingamenn hafa ekki skilað neytendum þeirri lækkun sem þeim ber í kjölfar breytinga á virðisaukaskatti 1. mars síðastliðinn.

Á heimasíðu Alþýðusambands Íslands kemur fram að verð á veitingahúsum hafi einungis lækkað um 3,2% frá því í febrúar, en vonir hafi staðið til þess að veitingahús lækkuðu hjá sér verð og skiluðu lækkun á virðisaukaskattinum til neytenda. Sú sé ekki raunin, veitingaliður vísitölunnar sé nánast óbreyttur frá því í marsmánuði.

„Það hefur komið ítrekað fram að veitingahúsin standa ekki í stykkinu," segir Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ. „Við erum að tala um opinberan skatt sem fyrirtækin hafa innheimt og eiga að skila, en gera ekki."

Hann segir vissulega um undantekningar að ræða, en veitingahúsin sem heild skili ekki neytendum þeirri lækkun sem þeim ber. „Veitingahúsin skera sig alveg úr því matvöruverslanir hafa í sjálfu sér staðið sig vel hvað varðar virðisaukaskattslækkunina. Hvað veldur því kann ég ekki að svara."

Hinn 1. mars lækkaði virðisaukaskattur á öll matvæli í sjö prósent, þar með talið í veitingahúsum og mötuneytum. - sþs



**VEITINGASTAÐUR** Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ, segir veitingamenn í sérflokki hvað varðar verðlækkanir eftir að virðisaukaskatturinn lækkaði. Þeir séu ekki að standa sig í stykkinu.

Kaupþing 800 milljarða virði:

# Úrvalsvísitalan yfir 7.800 stig

**VIÐSKIPTI Úrvalsvísitalan slær nú met á hverjum degi og endaði í nýjum methæðum í gær eftir 1,14 prósenta dagshækkun. Vísitalan stendur í 7.827 stigum, sem er 22,1 prósents hækkun frá ársbyrjun, en í apríl nemur hækkun hennar um 4,5 prósentum.**

**Meðal þess markverðasta sem gerðist í gær var að markaðsvirði Kaupþings, stærsta fyrirtækis landsins, fór yfir 800 milljarða króna í fyrsta skipti. Bankinn hækkaði um 2,25 prósent í viðskiptum gærdagsins og stendur gengi hans í 1.091 krónu á hlut.** - eþa

Tilhæfulaus lántökutrygging:

# Yfirlýsing upp á þrettán milljarða

**FJÁRMÁL Viggó Þórir Þórisson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Verðbréfaþjónustu Sparisjóðanna, gaf út ábyrgðaryfirlýsingu um rúmlega þrettán milljarða króna innistæðu á reikningi.**

**Upphæðin átti að vera trygging fyrir lántöku í erlendum banka. Féð er hvergi að finna og engin slík fjárhæð inni á reikningnum. Þetta kom fram í fréttatíma Ríkisútvarpsins í gær.**

**Manninum var vikið úr starfi eftir að upp komst um málið í síðustu viku. Efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra er með málið til umfjöllunar og er rannsókn þess á frumstigi.** - sþs



**MÆTTUR Á NÝ** Borinn Jötunn, sem sést hér við boranir á Þeistareykjum í fyrra, er kominn aftur til Húsavíkur eftir vetrardvöl á Azoreyjum. Hann mun bora fjórar holur á næstu mánuðum, bæði á Þeistareykjum og við Kröflu og Bjarnarflag. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN

# Öðrum áfanga lokið

**Húsvíkingar bíða eftir að þriðji og síðasti áfangi hagkvæmisathugana vegna álversins á Bakka hefjist. Þeim tveimur fyrstu er lokið en eftir er að birta skýrslu fyrir annan áfanga. Borinn Jötunn kominn norður á nýjan leik.**

**STÓRIÐJA** „Þegar þriðji áfangi hefst er hægt að segja að menn nálgist endanlega ákvörðun," segir Bergur Elías Ágústsson, sveitarstjóri Norðurþings, spurður um hver staðan sé á þriggja áfanga hagkvæmnisathugunum vegna álversins við Bakka sem Norðurþing, ríkisstjórn Íslands og Alcoa urðu ásátt um að framkvæma í maí á síðasta ári og stóð til að ljúka í júní 2008.

Bergur er ófáanlegur til að gefa upp hvar hagkvæmnisathuganirnar eru nákvæmlega staddar en viðurkennir að verið sé að ljúka öðrum áfanga. Heimildir Fréttablaðsins herma að þeim áfanga sé lokið og aðeins sé beðið eftir áfangaskýrslu frá Alcoa til þess að hægt sé að byrja á þriðja og síðasta áfanganum.

Bergur segir að fyrsti áfangi hafi falið í sér forkönnun á áhættuþáttum sem gætu leitt það í ljós að þetta verkefni yrði ekki framkvæmanlegt en ekkert hafi komið í ljós sem bendi til þess. „Við höfum einnig farið yfir skipulagsmál, endurskoðað aðalskipulag Húsavíkur og lagt drög að skipulagi hafnar og vega á Bakka," segir Bergur.



**BERGUR ELÍAS ÁGÚSTSSON**

Tímasetningin á lokum annars áfanga er nokkuð í takt við það sem stóð í viljayfirlýsingu aðilanna þriggja í maí á síðasta ári. Þá var talað um að honum yrði lokið í mars á þessu ári. Ekki er búist við öðru en að samþykkt verði að ganga skrefið til fulls og hefja þriðja og síðasta áfangann.

Örlygur Hnefill Jónsson, héraðsdómslögmaður á Húsavík, segir í samtali við Fréttablaðið að mikill spenningur sé í bæjarbúum eftir að þriðji áfangi hefjist. Því til staðfestingar nefnir hann að bornum Jötni, sem notaður var til að bora þrjár holur í fyrra, var fagnað vel þegar hann kom að landi á Húsavík undir lok síðustu viku en borinn stóri mun á næstunni bora þrjár holur á Kröflu- og Bjarnarflagssvæðinu og eina við Þeistareyki.

Kristján Þ. Halldórsson, talsmaður Alcoa á Húsavík, vildi ekkert tjá sig um málið þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gær.

Heimildir Fréttablaðsins herma að málefni álversins verði rædd á ríkisstjórnarfundi í dag en Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sagðist ekki segja neitt um umræðuefni ríkisstjórnarfundarins þegar Fréttablaðið ræddi við hann. oskar@frettabladid.is

Forseti þings Evrópuráðsins:

# Gagnrýnir eldflaugavarnir

**STRASSBORG, AP** Forseti þings Evrópuráðsins, Hollendingurinn Rene van der Linden, bætti í gær sinni rödd í raðir þeirra sem gagnrýna áform stjórnvalda í Póllandi og Tékklandi að ganga til samninga við Bandaríkjamenn um að hýsa hluta af hnattrænu eldflaugavarnakerfi þeirra.

Van der Linden sagði í ræðu í þinginu að með áformunum sé „hætt á að skapa nýja spennu".

NATO-erindrekar hafa lagt til að aðskilið skammdrægt eldflaugavarnakerfi yrði tengt bandaríska langdræga eldflaugavarnaskildinum til að sjá öllum NATO-ríkjunum 26 fyrir eldflaugavörnum. - aa

Ný ríkisstjórn í Finnlandi:

# Skattalækkanir og atvinnumál

**FINNLAND Ný ríkisstjórn Hægriflokksins, Miðflokksins, Grænna og Sænska þjóðarflokksins hefur verið mynduð í Finnlandi. Matti Vanhanen, formaður Miðflokksins, verður forsætisráðherra, Jyrki Katanainen, formaður Hægri flokksins, varaforsætisráðherra og fjármálaráðherra. Ráðherrarnir verða alls tuttugu talsins, að sögn vefútgáfu Helsingin Sanomat.**



**MATTI VANHANEN**

**Ríkisstjórnin ætlar að styrkja velferðarsamfélagið og starfsumhverfi einkafyrirtækjanna, að sögn Hufvudstadsbladet. Stefnt er að því að skapa allt að 100 þúsund störf fram til ársins 2011. Miklar skattalækkanir eru fyrirhugaðar, bæði á tekjuskatti, virðisaukaskatti á matvælum og skatti á fyrirtækjum.** - ghs



**ARNAR GRANT OG ÍVAR GUÐMUNDSSON** Hæstánægðir með útkomuna á Hreysti-súkkulaðinu.

Íslenskt prótínsúkkulaði:

# Heilsustykki frá fitness-köppum

**HEILSA** Félagarnir Arnar Grant og Ívar Guðmundsson hafa sett á markað alíslenskt prótínsúkkulaði í samstarfi við Sælgætisgerðina Freyju. Prótínsúkkulaðið nefnist Hreysti-súkkulaði og var hannað af þeim félögum í samvinnu við sérfræðinga Freyju. Það þykir afskaplega bragðgott en þeir fullyrða þó að það sé 100% hollt og gott þannig að enginn þarf að fá samviskubit yfir að fá sér Hreysti-súkkulaði milli mála. - sjá Allt í miðju blaðsins - hs

BÍLL DAGSINS
TOYOTA AVENSIS 1.8
Nýskr. 03.04 - Sjálfskiptur - Ekinn 75 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Fjöldi íbúða fór illa út úr aurskriðunni sem féll á Sauðárkróki í fyrradag:

# Hreinsunarstarf á áætlun

**HAMFARIR** Aðgerðir björgunarsveitarmanna á Sauðárkróki til að hreinsa aur úr kjöllurum þeirra húsa sem urðu fyrir skriðu á sunnudag ganga vel, að sögn Böðvars Finnbogasonar, svæðisstjóra björgunarsveitanna í Skagafirði.

„Það eru tveir kjallarar eftir en við ætlum að reyna að klára þetta í kvöld," sagði hann um klukkan sjö í gærkvöldi. „Aurinn hefur skemmt nánast allt í þessum kjöllurum."

Hann segir að minnsta kosti sex hús vera óíbúðarhæf eftir aurskriðuna, og verði ekki íbúðarhæf á næstu vikum. „Það er mikil vinna eftir í lagfæringum, til dæmis eru flest gólfin í þessum íbúðum alveg ónýt. Síðan verður unnið alla vikuna við að hreinsa aurinn af götunum."

Skriðan féll eftir að vatnsstokkur fyrir ofan bæinn sprakk þannig að vatn sprautaðist út af krafti. Flaumurinn rann niður hlíðina við Lindargötu og bar með sér mikinn aur. Kjallarar sex húsa fylltust af aur og það sjöunda er nánast ónýtt.

„Við þurftum að flytja úr okkar íbúð," segir Lúðvík Friðbergsson, íbúi á Lindargötu. „Nú bíðum við bara eftir svörum frá tryggingafélögunum." - sþs



**AUR UM ALLA GÖTU** Hreinsunarstarf hófst í kjöllurum þeirra húsa sem urðu fyrir aurskriðunni, en það sem af er vikunni verður unnið við að hreinsa aurinn af götunni sjálfri. MYND/GUÐNÝ JÓHANNESDÓTTIR

Samfylkingin

# Kosningarnar 12. maí snúast um breytingar, framtíð landsins og þjóðarinnar, framtíð barna og foreldra þeirra. Á þessu hafa allir skoðun, en Samfylkingin hefur stefnu og lausnir.

**Kynntu þér stefnuna á www.xs.is.**

xS



## GENGIÐ 16.04.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 65,08 | 65,40 |
| Sterlingspund | 129,65 | 130,29 |
| Evra | 88,18 | 88,68 |
| Dönsk króna | 11,829 | 11,899 |
| Norsk króna | 10,903 | 10,967 |
| Sænsk króna | 9,558 | 9,614 |
| Japanskt jen | 0,5443 | 0,5475 |
| SDR | 98,98 | 99,56 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
**119,6466**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fyrirtæki afli sér vottunar um að kynbundinn launamunur viðgangist ekki:

# Bætir ímynd fyrirtækja

**JAFNRÉTTISMÁL** Samráðshópur um jafnlaunavottun, sem félagsmálaráðherra skipaði í nóvember 2005, hefur skilað tillögum sínum. Lagt er til að komið verði á laggirnar samvinnuverkefni Háskóla Íslands, Háskólans á Bifröst og Háskólans í Reykjavík með það að markmiði að fá fyrirtæki til að afla sér vottunar á því að unnið sé með markvissum hætti að launajafnrétti kynjanna.

Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra kynnti niðurstöður hópsins í gær en verkefnið er frumkvöðlastarf á Íslandi og á sér ekki fyrirmyndir í öðrum löndum. Stefnt er að því að fyrirtæki geti í framtíðinni sóst eftir vottun um að ekki sé fyrir hendi kynbundinn launamunur innan fyrirtækisins og að þar sé unnið með markvissum hætti að launajafnrétti.

Félagsmálaráðuneytið og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið munu ásamt háskólunum og Samtökum atvinnulífsins koma verkefninu á fót. Gert er ráð fyrir að fyrirtæki greiði fyrir þátttöku í vottunarferlinu en bætt ímynd er helsti hvati til þátttöku.

Nú þegar hafa nokkur fyrirtæki sóst eftir því að fá jafnlaunavottun, þar á meðal Íslandspóstur, Deloitte á Íslandi og Háskólinn í Reykjavík. **- þo**



**TILLÖGUR KYNNTAR** Vonir standa til þess að jafnréttisvottun kveði kynbundinn launamun niður. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sjómennirnir á Bjarma:

# Verið að reikna launakröfurnar

**VINNUMARKAÐUR** Óuppgerð launamál pólsku sjómannanna á Bjarma BA-326 eru í „eins góðri vinnslu og hægt er“, samkvæmt Hólmgeiri Jónssyni, framkvæmdastjóra Sjómannasambands Íslands.

Hólmgeir fundaði í gær með Níels Ársælssyni útgerðarmanni og sjómönnunum fjórum. „Við fórum yfir hvaða peninga þeir hefðu fengið og hvaða frádráttarliðir eru og síðan er ég að reikna bara. Við hittumst aftur á morgun og hættum ekki fyrr en þetta er búið,“ segir Hólmgeir sem er nú að fara yfir öll launatengd skjöl mannanna frá því í maí 2006. **- kóþ**

Íslenskur nemi í Virginiu Tech:

# Skipað að læsa sig inni í stofu

**SKOTÁRÁS „Ég var í annarri byggingu þegar þetta gerðist, svona hálfan kílómetra frá,“ segir Dagmar Hannesdóttir, sem er að ljúka doktorsnámi í barnasálfræði við fjöltækniháskólann í Virginíuríki í Bandaríkjunum. „Það var liðin svona klukkustund af kennslustundinni þegar yfirmaður deildarinnar kom inn og sagði okkur að læsa öllum hurðum og halda okkur inni í stofunni.“**

**Hún segist hvorki hafa heyrt né séð skotárásina, en um tveimur tímum síðar hafi öllum verið hleypt út og sagt að fara til síns heima.**

**„Það var endalaust af sjúkrabílum á svæðinu þegar ég var á leiðinni heim. Við fengum sjokk þegar við heyrðum hvað margir hefðu dáið og slasast. Ég veit ekki enn hvort ég þekkti einhverja af þeim sem létust, það er ekki búið að birta neina lista.“**

**Framhaldið er ekki ljóst segir Dagmar. „Það verður enginn skóli í dag og svo veit ég bara ekki hvað gerist. Annars útskrifast ég eftir mánuð og fer þá heim. Ég slapp því næstum því við ameríska dramað.“** **- sþs**



**DAGMAR HANNESDÓTTIR** Stendur fyrir framan sálfræðibyggingu háskólans.




**LÖGREGLUMENN KOMA SÉR FYRIR** Gengið er út frá því að byssumaðurinn hafi verið einn að verki. Hann svipti sig lífi eftir að hafa vegið 32 nemendur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Þrjátíu og þrír létust í árás í skóla í Bandaríkjunum

**Mannskæðasta skólaárás í sögu Bandaríkjanna. Byssumaður er talinn hafa verið einn að verki. Nemendum var skipað að halda sig innan dyra tveimur tímum eftir að fyrsta skotárásin hófst. Skólanum bárust sprengjuhótanir síðustu tvær vikur. George W. Bush ítrekar stuðning sinn við byssueign almennings.**

**VIRGINÍA, AP** Maður skaut alls 32 nemendur og starfsmenn til bana í gær í Virginia Tech, fjöltækniháskóla Virginíu. Þetta er mannskæðasta skólaárás í sögu Bandaríkjanna. Byssumaðurinn er talinn hafa verið einn að verki, en lögregla hefur ekki staðfest það. Hann lét einnig lífið og fórust því alls 33 í árásunum tveimur. Ekki hefur verið staðfest að árásirnar tvær tengist með beinum hætti.

Bandarískir lögreglumenn hafa ekki viljað gefa upp hvort byssumaðurinn var nemandi við skólann eða hugsanleg tildrög ódæðisins.

Vígaferlin hófust þegar klukkan var korter gengin í átta að morgni. Þá voru tveir skotnir til bana í vistarverum nemenda í West Ambler Johnston Hall. Um tveimur tímum síðar upphófst skothríð í skólastofu í Norris Hall, byggingu í öðrum enda háskólasvæðisins, en lóð skólans er ríflega þúsund hektarar að stærð. Lögreglumenn í Virginíu voru að rannsaka fyrri skotárásina þegar þeim var tilkynnt um þá seinni.

Tveimur tímum eftir fyrri árásina sendu skólayfirvöld út tölvupóst þar sem nemar voru varaðir við. „Mér finnst hneykslanlegt að einhver hafi látið lífið í skotárás klukkan sjö um morguninn og að í tölvupóstinum var ekkert minnst á að loka háskólasvæðinu eða fresta kennslu,“ sagði Jason Piatt, nemandi við skólann. Í póstinum var nemum sagt að halda sig innan dyra því byssumaður væri á ferð í háskólanum. „Þetta er fáránlegt. Á sama tíma voru 22 [30] í viðbót drepnir,“ sagði hann. Vitað er að skólanum bárust sprengjuhótanir síðustu tvær vikur en ekki er vitað hvort þær tengist morðunum í gær.

Talsmaður Hvíta hússins sagði að George W. Bush forseta þætti atvikið hryllilegt og að hann bæði fyrir fórnarlömbunum og íbúum Virginíuríkis. „Forsetinn trúir að fólk hafi rétt á því að vera vopnað, en að farið skuli eftir öllum lögum,“ sagði talsmaðurinn Dana Perino.

klemens@frettabladidi.is

**SKOTÁRÁSIN Í COLUMBINE:**
Tólf nemendur létust og 24 særðust í skotárásinni í Columbine-framhaldsskólanum hinn 20. apríl 1999.

Ódæðið frömdu tveir nemendur á táningsaldri, þeir Eric Harris og Dylan Klebold. Þeir sviptu sig síðan lífi.

Í kjölfar fjöldamorðsins var mikið rætt um almenna byssueign innan Bandaríkjanna.

Leifur Geir Hafsteinsson:

# Í algjöru sjokki

„Ég er bara í sjokki. Í algjöru sjokki,“ segir Leifur Geir Hafsteinsson, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík. Hann var aðstoðarkennari við sálfræðideild Virginia Tech-háskólans frá 2000 til 2004.

„Það er óraunverulegt að hugsa til þess að eitthvað gerist þarna. Þetta er pínulítill afskekktur bær lengst inni í Virginíu-ríki, langt frá öllum stórborgum. Þetta er alveg ótrúlegt.“

Hann segir nokkra Íslendinga hafa verið við skólann þegar hann var þar. „Seinni árásin var í verkfræðibyggingunni, þar sem nokkrir Íslendingar hafa stundað nám.“ **- sþs**


## Íbúð á Akureyri

Glæsileg 3ja herbergja, 106fm, íbúð á
6. hæð í nýju fjölbýlishúsi miðsvæðis
á Akureyri.
Íbúðin er öll flísalögð með hita í gólfum,eikar
innréttingum og granít á bekkjum.
Íbúðin skiptist í; forstofu, stofu og eldhús
samliggjandi, 2 svefnherbergi, baðherbergi,
þottahús og yfirbyggðar svalir (11fm).
Geymsla og bílastæði í bílakjallara.

Stórkostlegt útsýni í vestur,norður
og austur.
Íbúðin verður til sýnis Sumardaginn fyrsta
19. apríl frá klukkan 13:00 til 15:00

Upplýsingar gefur Hannes í síma
893-5979






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HORFUR Á GÓÐU SUMRI??**
**Allt bendir til þess að vetur og sumar frjósi saman. Það er talið vita á gott sumar ef frost er aðfaranótt fyrsta sumardags. Nú eru horfur á því. Á hinn bóginn hefur sést til varps krumma í námunda við mannabústaði og er það talið vita á hart vor. Nú er bara að leggja þetta á minnið og gera upp í haust.**

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
**Hæg suðvestlæg átt. Úrkomulítið í fyrstu en síðan skúrir. Hiti 3-6 stig, mildast síðdegis.**

*um hádegi »*



*» á morgun*




*» fimmtudagur*




*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 12°C hálfskýjað | London | 16°C léttskýjað | Alicante | 21°C léttskýjað |
| Billund | 13°C hálfskýjað | París | 21°C léttskýjað | Mallorca | 18°C heiðskírt |
| Osló | 12°C léttskýjað | Frankfurt | 22°C léttskýjað | Eindhoven | 17°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 9°C skúrir | Friedrichshafen | 24°C heiðskírt | Basel | 24°C heiðskírt |
| Gautaborg | 11°C hálfskýjað | Berlín | 20°C hálfskýjað | Las Palmas | 21°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




Varðan - út í lífið

**KJÖRKASSINN**



*Ert þú með bók á náttborðinu?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 72% |
| NEI | 28% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér að starfsmenn eigi að fá að tala frjálst um laun sín?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Þrír menn dæmdir í allt að tveggja ára fangelsisvist fyrir aðild að skotárás:

# Skutu á menn úr haglabyssu

**DÓMSMÁL** Þrír karlmenn voru dæmdir í níu mánaða til tveggja ára fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness í gær fyrir hlutdeild sína í skotárás í Hafnarfirði síðastliðið sumar auk fjölda annarra brota.

Sá sem hlaut þyngsta dóminn heitir Guðni Guillermo Gorozpe og er 28 ára gamall. Hann var sakfelldur fyrir að hafa að morgni 21. júní 2006 sparkað niður útidyrahurð á heimili manns, ruðst inn í íbúðina vopnaður kúbeini og rafstuðsbyssu og slegið húsráðanda í höfuðið með kúbeininu.

Guðni var einnig dæmdur sekur um að hafa síðar sömu nótt tekið þátt í skotárás ásamt þeim Bergi Má Ágústssyni, sem hlaut fimmtán mánaða dóm, og manni á fertugsaldri sem hlaut níu mánaða skilorðsbundinn dóm.

Mennirnir þrír fóru að heimili í Hafnarfirði vopnaðir haglabyssu þar sem Bergur Már skaut tveimur skotum inn í húsið með þeim afleiðingum að högl fóru í höfuð og hægri handlegg sama manns og Guðni hafði fyrr um kvöldið slegið með kúbeini. Einnig fóru högl í rúðu, gluggatjöld og veggi.

Þá var Guðni sakfelldur fyrir að hafa snúið aftur að húsinu í Hafnarfirði daginn eftir og kastað Molotov-kokkteil inn í það í þeim tilgangi að reyna að brenna það niður. Auk þess er hann dæmdur fyrir fjársvik og umferðarlagabrot. Mennirnir þrír eiga allir sakaferil að baki. **- þsj**



**SKOTÁRÁS** Bergur Már skaut tveimur skotum úr haglabyssu inn í þetta hús. Þrír menn voru inni og fóru högl í höfuð og hægri handlegg eins þeirra.

Umferðin um helgina:

# Tveir tugir ölvaðra við stýrið

**LÖGGÆSLA Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði 21 ölvaðan ökumann um helgina. Tíu voru stöðvaðir á laugardag og jafnmargir á sunnudag. Fimmtán þeirra voru í Reykjavík, þrír í Hafnarfirði og einn í hverju bæjarfélaginu, Kópavogi, Garðabæ og Seltjarnarnesi.**

**Nítján ökumannanna eru karlkyns og tæplega helmingur þeirra á á þrítugsaldri. Tveir þeirra höfðu ætluð ólögleg vímuefni í fórum sínum.**

**Einn farþegi ölvaðs ökumanns var handtekinn að auki. Hann var með ætlað þýfi í bílnum.** **- kóþ**


**BOÐEIND.IS**



Asus Vintage - Mjög öflug en hljóðlát tölva
Örgjörvi: AMD 64 bita 3500+ - Socket AM2
Skjákort: nVidia GeForce 6
Vinnsluminni: 1 GB DDR2 PC667
Harður diskur: 250GB - SATA II - 16mb buffer
Netkort: 10/100/1000 Mbps
Geisladrif: 16x DVD brennari/spilari dual layer
LightScribe (prentar á diska)
Stýrikerfi: Windows Vista Home
Þráðlaust Logitech EX110 lyklaboð og mús
Open Office ritvinnsluhugbúnaður
Vírusvörn o.fl..
Staðgreiðsluverð kr. 79.900,-
Verð áður kr. 84.900,-

Innbygð vefmyndavél og hljóðnemi er í öllum fartölvum frá Boðeind ásamt því að fartölvutaska, USB mús, Asus hugbúnaðarpakki og Norton vírusvörn fylgir frítt með



ASUS A6VMA - Mikið fyrir lítið
Öflug alhliða fartölva með leikjaskjákorti
Skjár: 15,4" WXGA Glare Type háskerpuskjár
Örgjöri: Pentium Mobile Single core 1.73GHz
Skjákort: nVidia Geforce Go 7300 256MB
Harður diskur: 100 GB
Vinnsluminni: 1GB DDR2
Geisladrif: Dual Layer 8x DVD skrifari/spilari
Stýrikerfi: Windows XP Professional
Staðgreiðsluverð kr. 94.900,-
Verð áður kr. 112.243,-



Asus A6T - góð í leikina
Öflug alhliða fartölva með alvöru leikjaskjákorti
Skjár: 15.4" Glare type háskerpuskjár
Örgjöri: AMD TurionX2 Dual Core TL52 64 bita
Skjákort: 256MB Geforce 7600 leikjakort
Harður diskur: 100 GB
Vinnsluminni: 1GB DDR2
Geisladrif: Dual Layer 8x DVD skrifari/spilari
Stýrikerfi: Windows XP Professional
Staðgreiðsluverð kr. 129.900,-
Verð áður kr. 149.900,-



Asus A6JA - góð í leikina
Öflug alhliða fartölva með alvöru leikjaskjákorti
Skjár: 15,4" WXGA Glare Type háskerpuskjár
Örgjöri: Intel Pentium Dual Core T2400
Skjákort: 256MB ATI Radeon X1600 leikjakort
Harður diskur: 100 GB
Vinnsluminni: 1GB DDR2
Geisladrif: Dual Layer 8x DVD skrifari/spilari
Stýrikerfi: Windows XP Professional
Staðgreiðsluverð kr. 129.900,-
Verð áður kr. 149.900,-



Asus Pundit ótrúlega nett og hljóðlát tölva
Örgjörvi: AMD 64 bita 3500+ - Socket AM2
Skjákort: nVidia GeForce 6 GPU
Vinnsluminni: 1 GB DDR2 PC667
Harður diskur: 250GB - SATA II - 16mb buffer
Netkort: 10/100/1000 Mbps
Geisladrif: 16x DVD brennari/spilari dual layer
Stýrikerfi: Windows Vista Home
Þráðlaust Logitech EX110 lyklaboð og mús
Staðgreiðsluverð kr. 79.900,-
Verð áður kr. 84.900,-

Boðeind í 20 ár - Þar sem verð og gæði fara saman
Boðeind býður upp á viðurkennda verkstæðis- & fyrirtækjaþjónustu
Mörkin 6 - 108 Rvk. - sala@bodeind.is
Opið frá kl 10:00 - 18:00 mánudaga til föstudaga - sími 588 2061


# Skiptar skoðanir um launaleynd

## Konur og kjósendur Vinstri grænna eru mótfallnir launaleynd. Kjósendur Sjálfstæðisflokksins styðja hana hins vegar. Ekki er marktækur munur á því hvort fólk vill banna launaleynd eða leyfa, ef aðrir hópar eru skoðaðir.

**SKOÐANAKÖNNUN** 51,6 prósent segja að ákvæði um launaleynd eigi ekki að leyfast í persónubundnum kjarasamningi, en 48,4 prósent segja að ekki eigi að banna slíkt ákvæði. Ekki er marktækur munur á milli þeirra sem vilja leyfa og þeirra sem vilja banna launaleynd.

Launaleynd felst í því að fyrirtæki setur ákvæði í starfssamning sem bannar launþega að gefa upp hvað hann hefur í laun.

Konur eru marktækt fylgjandi því að launaleynd verði bönnuð. 55,9 prósent þeirra eru fylgjandi slíku banni, en 44,1 prósent kvenna eru mótfallnar því.

Ekki er marktækur munur á afstöðu karla, en 52,5 prósent eru því mótfallnir að launaleynd verði bönnuð og 47,5 prósent þeirra eru því fylgjandi. Ekki er munur á afstöðu fólks eftir búsetu.

Ef litið er til þess hvaða stjórnmálaflokk svarendur sögðust myndu kjósa ef gengið væri til kosninga nú, er einungis marktækur munur á afstöðu stuðningsfólks Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs.

Meirihluti þeirra sem segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn vill halda í launaleynd og segjast 61,6 prósent vera því mótfallin að launaleynd verði bönnuð, en 38,4 prósent eru því fylgjandi.

Hins vegar segist meirihluti þeirra sem styðja vinstri græn vera því fylgjandi að launaleynd verði bönnuð. 68,5 prósent kjósenda Vinstrihreyfingarinnar vilja banna launaleynd, en 31,5 prósent þeirra eru því mótfallin.

Ekki er marktækur munur á afstöðu annarra eftir því hvaða flokk fólk segist kjósa. 44,1 prósent framsóknarmanna vill banna launaleynd, en 55,9 prósent eru því mótfallin. Þá segjast 47,8 prósent frjálslyndra vilja banna launaleynd, en 52,2 prósent eru því mótfallin.

54,6 prósent stuðningfólks Samfylkingar vill banna launaleynd, en 45,4 prósent eru því mótfallin. 55,0 prósent þeirra sem ekki gefa upp hvaða stjórnmálaflokk þeir myndu kjósa segjast mótfallin launaleynd, en 45,0 prósent eru því fylgjandi.

Hringt var í 800 manns laugardaginn 14. apríl og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var: Á að banna ákvæði í einstaklingsbundnum kjarasamningi sem kveður á um að launþegi megi ekki gefa upp laun sín? Alls 88,3 prósent aðspurðra tóku afstöðu til spurningarinnar.

**svanborg@frettabladid.is**

**Á AÐ BANNA LAUNALEYND?**




Skv. skoðanakönnun Fréttablaðsins 14. apríl 2007

Innflytjendur komu með tillögur til úrbóta á ráðstefnu í Ráðhúsinu:

# Bílprófin séu á fleiri málum

**INNFLYTJENDAMÁL** Auka þyrfti stuðning við innflytjendur í skólum landsins og styrkja íslenskukennsluna. Foreldrafélög þyrftu að virkja betur erlenda foreldra með túlkaþjónustu og bílpróf mætti þýða á fleiri tungumál en ensku því að orðalag prófanna er mjög erfitt. Þetta kom fram á ráðstefnu í Ráðhúsi Reykjavíkur í gær.

Níutíu prósent innflytjenda sem hefja nám í framhaldsskóla hætta. Barbara Kristvinsson ráðgjafi benti á að gefa þyrfti innflytjendum aukna möguleika á menntun og stuðningi við hæfi á framhaldsskólastigi og í íslensku þannig að samfélagið geti nýtt reynslu þeirra og hæfileika til fulls. „Við viljum að stjórnmálamenn tali við okkur, ekki um okkur, og að þeir byggi mál sitt á staðreyndum," sagði hún.

Lizel Renegado Christensen, kennari við Fellaskóla, sagði að þjálfa þyrfti íslenska nemendur í að vinna með erlendum nemendum. „Aðstoð í íslensku er eitt mikilvægasta verkefnið. Næstum vonlaust er fyrir nemendur frá ólíkum málsvæðum að stunda nám við skóla án hjálpar í íslensku og almennri aðstoð við námið. Grunnnámskeið í íslensku þyrfti að kenna á móðurmáli fólks ef kostur er. Aðstoð vantar við börn sem eru að ljúka grunnskóla. Auka þyrfti þjónustu námsráðgjafa og foreldrafélög þyrftu að virkja erlenda foreldra með túlkaþjónustu. Framkvæmd bílprófa mætti þýða á fleiri tungumál." **- ghs**



**VIRKJA ERLENDA FORELDRA** „Foreldrafélög þyrftu að virkja erlenda foreldra með túlkaþjónustu," sagði Lizel Renegado Christensen, kennari við Fellaskóla, á ráðstefnu um málefni innflytjenda í gær.

Eftir að hafa selt yfir 2 milljónir
pizzur á Grensásveginum,
flytjum við okkur um set
í nýtt glæsilegt húsnæði
í Skeifunni 17.




# Domino’s flytur af Grensásvegi í Skeifuna 17

## 17.-22. apríl verða allar pizzur af matseðli á 1.100 kr. í Skeifunni*

*Gildir eingöngu um sóttar pantanir í Skeifunni 17.

**Allt 2 lítra gos á 200 kr.***




Domino's Pizza®

**58·12345**

Skeifan 17 · dominos.is



LEGACY SUBARU

2 daga reynsluakstur Subaru Legacy*



Pantaðu 2 daga reynsluakstur í síma 525 8088

GLITNIR FJÁRMÖGNUN

Sedan verð frá 2.490.000,- Bílasamningur Glitnis** 30.243,-

Wagon verð frá 2.640.000,- Bílasamningur Glitnis** 32.049,-

SYMMETRICAL AWD

* SJÁ SKILMÁLA Á WWW.SUBARU.IS ** Bílasamningur miðað við 20% innborgun, eftirstöðvar í 84 mánuði og sérkjör hjá Glitni.

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000


Stúdentar munu geta nýtt sér strætó endurgjaldslaust:

# Fagna fríðindunum

**SAMGÖNGUR** Stjórn Stúdentaráðs Háskóla Íslands hefur samþykkt ályktun þar sem nýrri vistvænni áætlun Reykjavíkurborgar er fagnað. Ráðið fagnar sérstaklega þeim tíðindum að námsmenn fái frítt í strætó haustið 2007 og skorar á borgarstjórn að hafa frítt í strætó fyrir námsmenn til frambúðar.

„Ég er sannfærð um að stúdentar eigi eftir að nýta sér þessi fríðindi," segir Dagný Ósk Aradóttir, formaður Stúdentaráðs, og bendir á að fleiri sveitarfélög mættu taka Reykjavíkurborg sér til fyrirmyndar í þessum efnum.

- þo



**FRÍTT Í STRÆTÓ** Námsmenn búsettir í Reykjavík fá frítt í strætó haustið 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Aðstoðarframkvæmdastjóri SA um verðlagsmál:

# Íbúðalánin kynda undir verðbólgunni

**EFNAHAGSMÁL** Verðbólga hefur lækkað úr 5,9 prósentum í febrúar í 5,3 prósent, fyrst og fremst vegna lækkunar matvælaverðs. Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur Alþýðusambands Íslands, segir að verðbólgan sé óæskilega mikil og verði svo áfram en efnahagsþróunin sé klárlega á réttri leið, þó ekki á þeim hraða sem æskilegt hefði verið.

„Við áttum kannski von á því að mælingin nú yrði heldur jákvæðari þannig að verðbólgan gengi hraðar niður. Verðbólgan er enn þá tvöfalt hærri en verðbólgumarkmið Seðlabankans og það er ekki ásættanlegt," segir Ólafur Darri og bætir við: „Enn er gríðarlegt ójafnvægi í hagkerfinu og mikill undirliggjandi verðbólguþrýstingur."

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, SA, segir að verðbólgutíðindin séu slæm. „Vonir okkar um að verðbólgan nái verðbólgumarkmiði Seðlabankans um mitt ár virðast ekki ætla að ganga eftir. Það er fyrst og fremst fasteignamarkaðurinn sem enn og aftur er að kynda undir verðbólgunni og hækkuðu íbúðalán sem við mótmæltum harðlega," segir hann og vísar þar til ákvörðunar félagsmálaráðherra fyrir nokkru um að hækka lánshlutfall og hámarkslán hjá Íbúðalánasjóði.

Hannes telur vexti haldast háa áfram hjá Seðlabankanum og gengið of hátt um eitthvert skeið. „Auðvitað leitar þetta einhvern tímann jafnvægis en þetta tefur það ferli."

- ghs



**ÓLAFUR DARRI ANDRASON** „Verðbólgan er enn þá tvöfalt hærri en verðbólgumarkmið Seðlabankans," segir Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ.



**HANNES G. SIGURÐSSON** „Auðvitað leitar þetta einhvern tímann jafnvægis en þetta tefur það ferli," segir Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SA.




Ósk Vilhjálmsdóttir, myndlistarkona og ferðamálafrömuður

„Ferðaþjónusta skapar fjölbreytt störf um allt land fyrir sjómenn og bændur, veitinga- og gistihúsa-eigendur, leiðsögufólk, safnafólk, smiði, fornleifafræðinga, starfsfólk flugfélaga, bílstjóra, handverksfólk og listafólk. **Einn ferðamaður skilar að meðaltali 98 þúsund krónum í þjóðarbúið. Heilt tonn af áli skapar þjóðarbúinu 28 þúsund krónur** (Viðskiptablaðið, 24. ágúst 2005). ÉG VIL EFLA FERÐA ÞJÓNUSTUNA."



Ólafur Hannibalsson, blaðamaður

Stóriðjuhlé þýðir stöðugleika á ný, verðbólgu innan vikmarka, „mjúka lendingu" hagkerfisins og lækkun vaxta og **bætir með því hag hverrar fjögurra manna fjölskyldu um hálfa milljón króna á ári**. Treystum frjálsu hagkerfi til að skapa þúsundir nýrra starfa ár hvert án beinnar íhlutunar yfirvalda og alþjóðahringa.



Elvira Méndez Pinedo, doktor í Evrópurétti

„Ísland er einstakt land og á hið besta skilið. **Ef það væri staðsett í miðri Evrópu væri það friðlýstur þjóðgarður**. Fjárfestum í framtíðinni og lærum af því besta hjá öðrum þjóðum."

www.islandshreyfingin.is

ÍSLANDSHREYFINGIN lifandi land

www.toyota.is

# ÞESSIR 16 BÍLAR HAFA SANNAÐ SIG SEM SANNKALLAÐIR ÚRVALSBÍLAR



**Hyundai Getz** 1600 Bensín sjsk.
Á götuna: 02.04 Ekinn: 38.000 km
Verð: 1.140.000 kr. Skr.nr. TL867



**Hyundai Santa FE** 2700 Bensín sjsk.
Á götuna: 09.03 Ekinn: 49.000 km
Verð: 2.250.000 kr. Skr.nr. YF478



**Jeep Grand Cherokee Limited** 4700 Bensín sjsk. Á götuna: 09.03 Ekinn: 77.000 km
Verð: 2.590.000 kr. Skr.nr. MM859



**Lexus RX350 EXE** 3500 Bensín sjsk.
Á götuna: 04.06 Ekinn: 18.000 km
Verð: 5.550.000 kr. Skr.nr. LV361



**Mercedes Benz C 240 S/D** 2400 Bensín sjsk.
Á götuna: 02.04 Ekinn: 36.000 km
Verð: 3.490.000 kr. Skr.nr. DH194
**TILBOÐ: 2.990.000 kr.**



**MMC Pajero GDI GLS** 3500 Bensín sjsk.
Á götuna: 11.02 Ekinn: 80.000 km
Verð: 2.790.000 kr. Skr.nr. TU668



**Nissan Micra** 1200 Bensín sjsk.
Á götuna: 05.05 Ekinn: 35.000 km
Verð: 1.530.000 kr. Skr.nr. YU022



**Nissan Navara** 2500 Dísel sjsk.
Á götuna: 12.05 Ekinn: 30.000 km
Verð: 3.090.000 kr. Skr.nr. VA129



**Nissan Patrol Luxury** 3000 Dísel sjsk.
Á götuna: 03.05 Ekinn: 39.000 km
Verð: 5.090.000 kr. Skr.nr. OR713



**Subaru Forester W/G Luxury** 2000 Bensín sjsk. Á götuna: 01.06 Ekinn: 28.000 km
Verð: 2.970.000 kr. Skr.nr. MV287



**Toyota Avensis Sol** 1800 Bensín sjsk.
Á götuna: 11.05 Ekinn: 25.000 km
Verð: 2.390.000 kr. Skr.nr. EF446



**Toyota Corolla W/G** 1600 Bensín sjsk.
Á götuna: 11.03 Ekinn: 60.000 km
Verð: 1.530.000 kr. Skr.nr. AT117



**Toyota Land Cruiser** 4700 Bensín sjsk.
Á götuna: 07.02 Ekinn: 98.000 km
Verð: 4.090.000 kr. Skr.nr. UN886



**Toyota Land Cruiser 120 VX** 4000 Bensín sjsk. Á götuna: 02.04 Ekinn: 89.000 km
Verð: 4.250.000 kr. Skr.nr. UL976



**Toyota Rav4** 2000 Bensín sjsk.
Á götuna: 10.04 Ekinn: 40.000 km
Verð: 2.450.000 kr. Skr.nr. PH516



**Toyota Tundra** 4700 Dísel sjsk.
Á götuna: 08.00 Ekinn: 43.000 km
Verð: 1.890.000 kr. Skr.nr. PE871

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

**Núna bjóðum við16 betri notaða bíla á sannkölluðum úrvalskjörum.**

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 37211 04/07



HLUTHAFAFUNDUR GLITNIS BANKA HF.

Hluthafafundur Glitnis banka hf. verður haldinn í höfuðstöðvum bankans á Kirkjusandi mánudaginn 30. apríl og hefst kl. 15.00.

**Dagskrá:**
- Kjör stjórnar
- Önnur mál, löglega upp borin

Dagskrá fundarins og tillögur verða hluthöfum til sýnis á Kirkjusandi 2, 5. hæð, frá og með mánudeginum 23. febrúar 2007.

Framboðsfrestur til stjórnar rennur út miðvikudaginn 25. apríl nk., kl. 15.00. Framboðum skal skila til skrifstofu forstjóra að Kirkjusandi.

Atkvæðaseðlar verða afhentir hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra á fundarstað á fundardegi kl. 14.00 til 15.00.

16. apríl 2007,
stjórn Glitnis banka hf.

Samkvæmt 2. mgr. 63. gr. a. í lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, með síðari breytingum skal í tilkynningu um framboð til stjórnar gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu. Form sem frambjóðendur geta haft til hliðsjónar vegna þessarar upplýsingagjafar liggur frammi hjá ritara forstjóra.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 8029

GLITNIR


# Sex segja sig úr stjórninni

**Ólíklegt þykir að al-Maliki missi forsetaembættið í Írak þótt ráðherrar al-Sadrs hafi sagt sig úr stjórninni. Brotthvarf þeirra þykir þó áfall fyrir stjórnina.**

**ÍRAK, AP** Sex ráðherrar sögðu sig úr ríkisstjórn Íraks í gær. Með þessu vilja þeir mótmæla því að stjórn landsins hefur ekki viljað setja brotthvarfi bandarískra hermanna frá Írak nein tímamörk.

Ráðherrarnir sex eru allir fylgismenn sjíaklerksins Muktada al-Sadr, sem hefur bæði haft ítök á þinginu og ráðið yfir öflugum hersveitum sem barist hafa blóðugri baráttu bæði gegn bandaríska herliðinu og gegn súnní-múslimum.



SAID AL-HASHIMI Einn ráðherranna sex á blaðamannafundi í Bagdad þar sem hann sagðist vera hættur í ríkisstjórninni. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Talið er hugsanlegt að hersveitir al-Sadrs, Mahdi-herinn svonefndi, muni nú hefja á ný harða baráttu á götum Bagdad, en þær drógu sig í hlé eftir að bandarískir og íraskir hermenn hófu herferð í febrúar til þess að bæta öryggisástandið í Bagdad. Ýmislegt bendir jafnvel til þess að sveitirnar hafi nú þegar hert baráttu sína, þar sem líkum sem fundist hafa á víðavangi í Bagdad hefur fjölgað töluvert á síðustu dögum.

Fjölmargir af liðsmönnum Mahdi-hersins hafa verið handteknir á síðustu vikum í tengslum við öryggisherferðina í Bagdad.

Nassar al-Rubaie, sem var leiðtogi al-Sadr hópsins á þingi, las upp yfirlýsingu þar sem hann sagði ráðherrana sex segja af sér og „afhenda ríkisstjórninni ráðherraembættin í þeirri von að þau verði látin í hendur óháðra manna sem væru fulltrúar fyrir vilja þjóðarinnar“.

Nouri al-Maliki, forsætisráðherra Íraks, svaraði gagnrýni ráðherranna í gær þannig að „brotthvarf fjölþjóðaherliðsins tengist því hversu reiðubúnar hersveitir okkar eru til þess að taka að sér yfirstjórn öryggismála í héruðum landsins“.

Al-Maliki þurfti að reiða sig á stuðning al-Sadrs til þess að ná kjöri í embættið á sínum tíma. Brotthvarf ráðherranna sex úr stjórninni þykir verulegt áfall fyrir al-Maliki, þótt ólíklegt þyki að forsætisráðherrann missi embættið í kjölfarið.

Fyrir viku urðu tugir þúsunda Íraka við kalli al-Sadrs um að efna til friðsamlegra mótmæla daginn þegar fjögur ár voru liðin frá falli Bagdad í hendur erlenda herliðsins. Margir mótmælendanna kröfðust þess þá að ákveðin tímamörk yrðu sett fyrir brotthvarf erlendu hersveitanna frá Írak. **- gb**


DEKKJADAGAR

Tilboð á öllum jeppadekkjum

Eitt mesta úrval landsins af jeppadekkjum á flestar gerðir jeppa – breyttra sem óbreyttra



07-0028 KC

ARCTIC TRUCKS

Klettháls 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is | jeppar.is




TIL ALLRA ÁTTA Valgerður vígði listaverkið Áttir eftir Steinunni Þórarinsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Flugstöðin vígð á ný:

## Valgerður afhjúpaði Áttir

**VÍGSLA** Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra opnaði formlega stækkun Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar síðastliðinn laugardag. Við sama tilefni var afhjúpað glæsilegt listaverk á brottfararsvæðinu á 2. hæð. Það nefnist Áttir og er eftir myndlistarmanninn Steinunni Þórarinsdóttur.

Verkið er lýsandi fyrir starfsemi flugstöðvarinnar. Það sýnir fjórar manneskjur sem horfa hver í sína áttina og vísa til þess að frá flugstöðinni liggja vegir til allra átta.

Unnið hefur verið að stækkun flugstöðvarinnar frá árinu 2003 og hefur stöðin verið stækkuð um 30.000 fermetra. **- þo**

LÖGREGLUFRÉTTIR

### Þriggja bíla árekstur

Þrír bílar skullu saman á Hafnargötu í Keflavík um klukkan 15 í gær. Enginn slasaðist og litlar skemmdir urðu á bílunum. Þá hafði lögreglan á Suðurnesjum afskipti af fjórum sem óku um án öryggisbelta.

Óveður í NA-Bandaríkjunum:

## Mestu flóð í fjórtán ár

**NEW YORK, AP** Óveður gekk yfir norðaustanverð Bandaríkin í gær, með gríðarmikilli úrkomu og roki. Átta dauðsföll voru rakin til veðurhamsins og í það stefndi að hann skapaði verstu strandflóð á þessum slóðum í fjórtán ár.

Flug lá að mestu niðri á tímabili frá flugvöllum New York-borgar.

Búist var við að allt að 46 cm af blautum slyddusnjó kyngdi niður yfir þann hluta norðaustur-ríkjanna sem stendur hærra yfir sjó, í Maine, New-Hampshire og Vermont. Yfir 14 cm úrkoma mældist í New York-ríki og neyðarskýlum var komið upp í strandbyggðum sem voru í mestu flóðahættu. - aa



**SJÓR Á LAND** Brimið lemur bryggju í Atlantic City. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




Rekstur Samfylkingarinnar:

## Afgangur upp á 63 milljónir

**STJÓRNMÁL Samfylkingin var rekin með 63 milljóna króna afgangi á síðasta ári.**



SKÚLI HELGASON

**Frá því var greint á landsfundi flokksins á laugardag þegar ársreikningar hans voru samþykktir.**

**Tekjur Samfylkingarinnar á síðasta ári námu 125 milljónum og höfðu aukist um 37 prósent frá árinu áður.**

**Flokkurinn greiddi rúmar 18 milljónir í laun og 13 milljónir í funda- og kynningarkostnað en samtals voru rekstrargjöld rúmar 60 milljónir.**

**Eignir Samfylkingarinnar námu rúmum 50 milljónum um áramót og skuldirnar tæpum 34 milljónum.** - bþs



**OUMAR KONARI OG BAN KI-MOON** Fulltrúar Afríkubandalagsins og Sameinuðu þjóðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Súdansstjórn gefur eftir:

## Friðargæsla og þyrlur í Darfur

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP** Ríkisstjórn Súdans féllst í gær á að þrjú þúsund manna friðargæslulið á vegum Sameinuðu þjóðanna verði sent til Darfur-héraðs til að aðstoða sjö þúsund manna friðargæslulið frá Afríkubandalaginu sem þar er fyrir. Meðal annars verða herþyrlur sendar til héraðsins.

Þetta er annað skrefið af þremur sem Súdansstjórn og Sameinuðu þjóðirnar sömdu um í nóvember síðastliðnum. Þá neitaði Súdansstjórn því að þyrlur yrðu sendar til héraðsins. - gb

Umferðarslys á Suðurlandi:

## Einn slasaðist í bílveltu

**SLYS Einn var fluttur á sjúkrahús í gær eftir bílveltu við Hraunsá skammt frá Stokkseyri um miðjan dag í gær. Bifreiðin fór út af veginum og fór heila veltu.**

**Ökumaður bílsins var fluttur með sjúkrabíl til Reykjavíkur en reyndist ekki alvarlega slasaður.**

**Ekki er vitað um tildrög slyssins.** - þo



# Framkvæmdir við Holtagarða

**Byggingasvæði við Holtagarða hefur verið girt af og bílastæði húsnæðisins lagt undir framkvæmdirnar að hluta til. Skýringarmyndin hér að neðan sýnir bílastæðin og aðgengi eins og það er. Búast má við breytingum á fyrirkomulaginu þegar líður á framkvæmdirnar.**

**Viðskiptavinir og vegfarendur eru beðnir velvirðingar á þeim óþægindum sem framkvæmdirnar kunna að valda og beðnir að sýna sérstaka aðgát á svæðinu meðan breytingar standa yfir.**




Fiton/SÍA

BÓNUS VÍNBÚÐ
Landsbankinn HÚSASMIÐJAN

FASTEIGNAFÉLAGIÐ STOÐIR HF.
Fasteignafélagið Stoðir hf. er stærsta fasteignafélag landsins með yfir 310.000 m² í sinni eigu og sérhæfir sig í að leigja traustum leigutökum til langs tíma.
Kringlunni 4-12 103 Reykjavík
Sími 575 9000 Fax 575 9001 www.stodir.is


Árni M. Mathiesen um kreditkort ráðherra:

# Subbuleg umfjöllun

**RÍKISFJÁRMÁL** Árni Mathiesen fjármálaráðherra telur að fréttaflutningur Fréttablaðsins um kreditkort ríkisins á nafni ráðherra sé ómerkilegur. „Þetta er bara ómerkilegt, subbulegt mál þar sem verið er að reyna að gera heiðarlegt fólk að skúrkum algjörlega að ástæðulausu,“ sagði hann þegar Fréttablaðið óskaði eftir símaviðtali um hans sjónarmið varðandi þessi kort.

„Það er búið að svara öllu í þessu máli og segja frá því mörgum sinnum hvaða reglur gilda um þessi kort. Ég ætla ekki að taka þátt í þessari umræðu hjá ykkur,“ sagði hann og vildi þar með ekki svara spurningum um kreditkortanotkun sína á vegum ráðuneytisins. **- ghs**



**ÁRNI MATHIESEN** Vill ekki svara spurningum um kreditkortanotkun.



FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR** Hefur „greitt aðgangseyri“ Íslands að Nordic Business Outreach, sem er verkefni undir Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna (UNDP). Verkefnið auðveldar íslenskum fyrirtækjum að fjárfesta í fátækustu ríkjum heims.

# Allir hagnist á hjálpinni

**Utanríkisráðherra hvetur íslensk fyrirtæki til að fjárfesta í fátækari löndum. Hugmyndin er að allir hagnist og samfélögin verði skilvirkari.**

**ÞRÓUNARMÁL** Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra kynnir um þessar mundir nýjar leiðir við þróunaraðstoð og er hugmyndin að nýta megi einkageirann í þessa þágu.

Ráðuneytið hefur ákveðið að taka þátt í þróunarverkefninu *Nordic Business Outreach*, verkefni sem auðveldar einkafyrirtækjum að leita viðskiptatækifæra í þróunarlöndunum. NBO er einnig starfrækt í Danmörku og Noregi.

„Þetta er ekki góðgerðarstarfsemi,“ segir Valgerður. „Hugmyndin er sú að báðir aðilar hagnist. Þetta snýst um að fá atvinnulífið inn í þróunarmál, ekki síst vegna þess að þar er þekking, reynsla og frumkvæði til staðar sem opinberir aðilar hafa hugsanlega ekki,“ segir Valgerður. „Utanríkisráðuneytið er því að blása til þessa samstarfs með því að greiða ákveðinn aðgangseyri til að stimpla okkur inn, en síðan mun Viðskiptaráð halda utan um verkefnið gagnvart einkageiranum.“

Umræddur aðgangseyrir er tæpar tíu milljónir króna og verkefnið er hugsað til þriggja ára. Á þeim tíma verði fimm tilraunaverkefni sett á laggirnar. Valgerður leggur áherslu á að ekki sé litið á þátttöku fyrirtækja sem framlög, heldur sem samstarf. Til lengri tíma muni aðkoma fyrirtækja stuðla að uppbyggingu atvinnulífs og um leið styrkja grunngerð fátækari samfélaga.

> Þetta er ekki góðgerðastarfsemi. Hugmyndin er sú að báðir aðilar hagnist.
>
> **VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR**
> UTANRÍKISRÁÐHERRA

Verkefnið tekur mið af þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Valgerður viðurkennir að þessi markmið séu nokkuð háleit, en meðal þeirra er að helminga fátækt í heiminum. Hún er þó sannfærð um að þau nái fram að ganga á endanum. „En við teljum að til þess að þetta nái fram að ganga sé mikilvægt að alþjóðastofnun eins og UNDP komi að málum.“

Um möguleg verkefni segir Valgerður Íslendinga nú þegar búa að reynslu um samstarf á sviði orkunýtingar. Tækifærin séu mikil, því víða í fátækum ríkjum sé vannýttur kraftur og ekki bara á sviði orkunýtingar. Valgerður tekur dæmi af konum sem hún kynntist í Úganda, en þær eru í félagsskap kvenna í atvinnulífinu þar. „Þær kvörtuðu undan því að fá engin lán, þótt þær væru að biðja um mjög litla peninga. Þarna eru möguleikar fyrir lánastofnanir til að koma að,“ segir hún. **klemens@frettabladid.is**

## ÁTTUNDA ÞÚSALDARMARKMIÐIÐ

- Styrkja hnattræna samvinnu um þróun.
- Vinna frekar að opnu og sanngjörnu viðskipta- og fjármálakerfi sem byggir á skýrum reglum.
- Taka á málefnum fátækustu þróunarlandanna, m.a. með því að leggja af innflutningsgjöld og kvóta á útflutningsvörur þeirra, leysa skuldabyrði landanna með lækkun skulda, og með auknum framlögum til opinberrar þróunaraðstoðar.
- Taka tillit til sérstöðu landluktra landa og smárra eyþjóða.
- Vinna með lyfjaiðnaðinum að því að veita fátækum þjóðum aðgang að mikilvægum lyfjum.
- Vinna að því ásamt einkageiranum að veita þróunarlöndum aðgang að nýjustu upplýsinga- og samskiptatækni.

- Þúsaldarmarkmiðin voru sett af Sameinuðu þjóðunum árið 2000. Árið 1990 er grunnviðmið þeirra og þeim á að ná fyrir árið 2015.
*Heimild: www.felagsameinuduthjodanna.is*

Þróunarsamvinnustofnun Íslands styrkir byggingu mæðrahúsa í Níkaragva:

# Góð viðbrögð meðal kvenna

**ÞRÓUNARSAMVINNA** Í maí verður formlega tekið í notkun eitt af fimm mæðrahúsum sem Þróunarsamvinnustofnun Íslands styrkir í Níkaragva. Mæðrahús Rauða krossins í bænum Camoapa hefur fengið góðar viðtökur í samfélaginu en þangað geta þungaðar konur leitað eftir heilbrigðisþjónustu.

Gerður Gestsdóttir, verkefnisstjóri ÞSSÍ, segir að mikil þörf sé á þjónustu af þessu tagi í Níkaragva. Í mæðrahúsið, sem nú er starfrækt í húsnæði Rauða krossins, leita konur úr afskekktum byggðum og margar þeirra fá heilbrigðisþjónustu í fyrsta sinn á meðgöngunni. Þær búa ókeypis í mæðrahúsinu og snúa svo aftur heim að fæðingu lokinni.

„Viðbrögðin við þessu húsi hafa verið vonum framar en sum mæðrahús hafa átt erfitt með að fá samþykki samfélagsins,“ segir Gerður og nefnir sterk yfirráð karla yfir eiginkonum sínum sem eina ástæðu.

„Þeir kjósa að konurnar séu heima undir þeirra eigin eftirliti,“ útskýrir Gerður. Þá eiga fátækar konur einnig illa heimangengt.

Mæðrahúsið hóf starfsemi sína í desember og þá leitaði þangað ein kona. Þeim hefur fjölgað smátt og smátt og í mars leituðu fimmtán konur í mæðrahúsið.

Húsnæði Rauða krossins hentar ekki nógu vel undir starfsemi mæðrahússins og því mun framlag Þróunarsamvinnustofnunar Íslands felast í því að breyta húsnæðinu í heimili. Byggja þarf eldhús og þvottahús, bæta aðgengi og búa húsið húsgögnum. - þo



**GÓÐAR VIÐTÖKUR** Konurnar sem leita í mæðrahúsið hafa sumar ekki fengið neina heilbrigðisþjónustu á meðgöngunni. FRÉTTABLAÐIÐ/HARPA ELÍN

Upplýsingar um lyfseðilsskyld lyf:

## Lyfja gefur út nýja Lyfjabók

**HEILSA** Lyfja hefur gefið út nýja útgáfu Lyfjabókarinnar. Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, tók við fyrsta eintaki hennar á dögunum. Hún sagði bókina í anda lyfjastefnu ráðuneytisins, sem er bætt aðgengi almennings að auðskiljanlegum upplýsingum, að því er kemur fram í fréttatilkynningu.

Í bókinni er að finna upplýsingar um öll lyfseðilsskyld lyf sem seld eru í apótekum hér á landi með tæplega þúsund myndum af lyfjum auk fróðleiks um náttúrulyf, steinefni og heilsumál. Efnið í bókinni er einnig aðgengilegt á heimasíðu Lyfju; lyfja.is. - sþs

Samfylkingin:

## Rannveig formaður framkvæmdastjórnar

**STJÓRNMÁL Rannveig Guðmundsdóttir alþingismaður er nýr formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingar. Hún var ein í kjöri til embættisins á landsfundinum um helgina.**



RANNVEIG GUÐMUNDSDÓTTIR

**Rannveig tekur við starfinu, sem er eitt hið veigamesta í flokknum, af Gunnari Svavarssyni, forseta bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, en hann fer fyrir lista flokksins í Suðvesturkjördæmi í kosningunum í næsta mánuði.**

**Rannveig hefur setið á Alþingi síðan 1989 en lætur af þingmennsku eftir kosningar. - bþs**

Sjálfstæðisflokkurinn:

## Forstöðumenn trúfélaga gifti samkynhneigða

**STJÓRNMÁL** Sjálfstæðisflokkurinn vill að forstöðumönnum trúfélaga verði gert heimilt að staðfesta samvist samkynhneigðra.



GEIR H. HAARDE

Sá vilji flokksins er settur fram í ályktun landsfundar um fjölskyldumál. Eins og málum er nú háttað er aðeins borgaralegum vígslumanni heimilt að staðfesta samvist fólks af sama kyni.

Í sömu ályktun er hugmyndum um lögskipað afnám launaleyndar hafnað; hver og einn launþegi eiga að ráða hvort hann veiti þriðja aðila upplýsingar um launakjör sín eða ekki. - bþs





Fíton/SÍA

**N1** ÞJÓNUSTUSTÖÐVAR **N1** VERSLANIR **N1** BÍLAÞJÓNUSTA **N1** FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA




WWW.N1.IS

N1 er leiðandi verslunar- og þjónustufyrirtæki sem veitir fólki og fyrirtækjum afburðaþjónustu á sviði bílatengdrar starfsemi ásamt heildarlausnum í rekstrarvörum og eldsneyti til fyrirtækja. Við höfum 115 afgreiðslustaði um allt land, þjónustustöðvar, verslanir, hjólbarða- og smurþjónustu og öfluga fyrirtækjaþjónustu – við erum alls staðar í leiðinni með fjölbreyttar lausnir. **N1 – Meira í leiðinni**

## Svona erum við

> Hreinn sparnaður heimilanna í milljónum króna




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING** ALÞJÓÐABANKINN

# *Á að stuðla að þróun og draga úr fátækt*

Alþjóðabankinn hefur nú komist í kastljós fjölmiðlanna vegna hneykslismáls. Forstjóri bankans, Paul Wolfowitz, er sakaður um að hafa beitt áhrifum sínum til að ástkona hans, sem einnig starfar hjá stofnuninni, fengi stöðu- og kauphækkun. Wolfowitz, sem var áður aðstoðarvarnarmálaráðherra í ríkisstjórn George W. Bush Bandaríkjaforseta, tók við forstjórastöðunni af James Wolfensohn árið 2005.

**Hvað gerir Alþjóðabankinn?**
Upprunalegt nafn bankans er Alþjóðabanki enduruppbyggingar og þróunar (IBRD). Hann var stofnaður í tengslum við stofnun Sameinuðu þjóðanna árið 1944 og gegndi mikilvægu hlutverki við enduruppbyggingarstarf eftir eyðilegginguna síðari heimsstyrjaldar. Nú ber stofnunin enska heitið World Bank Group, sem í beinni þýðingu myndi útleggjast Heimsbankinn Group. Alls 184 lönd heims eiga aðild að honum og hlutverk hans er að stuðla að efnahagslegri framþróun og að draga úr fátækt. Sömu lönd eiga aðild að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, en sú stofnun er nátengd Alþjóðabankanum.

Frá stofnun hefur Alþjóðabankinn veitt lán og styrki samtals að upphæð sem svarar um 28.000 milljörðum króna. Dæmigerð verkefni sem fjármögnuð eru með fé frá bankanum eru samgöngumannvirki, stíflur og aðrar slíkar stórframkvæmdir sem til framfara horfa í þróunarlöndum.




**Hvað gerir forstjóri bankans?**
Segja má að forstjórinn sé yfirframkvæmdastjóri bankans. Hann er ábyrgur fyrir daglegum rekstri stofnunarinnar, hefur yfirumsjón með hinum sex landfræðilegu undirdeildum bankans og stýrir hnattrænum verkefnum hans. Hann annast einnig tengsl við ráðamenn heimsins fyrir hönd stofnunarinnar, en er bannað samkvæmt stofnskrá bankans að taka pólitíska afstöðu.

## SPURT & SVARAÐ
MÁLEFNI INNFLYTJENDA

## *Auður fyrir samfélagið*



**MARSIBIL J. SÆMUNDARDÓTTIR**
Formaður mannréttindanefndar Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg stóð fyrir ráðstefnu um málefni innflytjenda í gær undir yfirskriftinni Hvað erum við að gera og hvað þurfum við að gera? Marsibil J. Sæmundardóttir er formaður mannréttindanefndar borgarinnar.

**Hvernig er staðan í málefnum innflytjenda í dag?**
„Mjög góð. Meiri kraft vantaði í innflytjendamálin og flestallir brugðust vel við í haust og settu kraft í málin. Auknir fjármunir voru settir í þennan málaflokk og undirbúningur hófst, til dæmis að aukinni íslenskukennslu.“

**Hverju er ábótavant?**
„Íslenskukennslan er mjög mikilvæg. Við þurfum að hafa aukna og þéttari móttöku fyrir þá sem flytjast hingað. Við þurfum líka að setja aukinn kraft í íslenskukennslu og byrja að vinna að því að viðurkenna þá sérfræðiþekkingu og hæfileika sem við fáum hingað með innflytjendum þannig að samfélagið geti nýtt krafta þeirra og sérþekkingu. Það er auður fyrir samfélagið.“

# Sátt um flugvöllinn ekki í sjónmáli

**Starfshópur sem fjallað hefur um málefni Reykjavíkurflugvallar telur kosti þess að færa flugvöllinn úr Vatnsmýrinni ótvíræða. Hólmsheiðin er hagkvæmasti kosturinn. Sátt um málið virðist enn í órafjarlægð.**

Reykjavíkurborg græðir 38,3 milljarða króna ef Reykjavíkurflugvöllur verður færður upp á Hólmsheiði, um þrjá kílómetra austan við Rauðavatn. Þetta kemur fram í skýrslu starfshóps sem metið hefur ýmsa kosti og galla þess að færa Reykjavíkurflugvöllinn úr Vatnsmýrinni. Skýrslan hefur ekki enn verið gerð opinber.

Reykjavíkurborg græðir fyrst og fremst á því að eiga möguleika á að byggja upp byggð í Vatnsmýrinni en verðmæti landsins, sem er um 134 hektarar, er talið nema tugum milljarða króna. Starfshópurinn miðaði við meðaltal lóðaverðs á höfuðborgarsvæðinu sem má segja að sé varfærið viðmið, áhuginn á Vatnsmýrinni sem byggingarlandi er þvílíkur.

**Pólitísk átök um málið**
Framsóknarmenn hafa opinberlega mælt fyrir því að flugvöllurinn verði byggður upp á Lönguskerjum í Skerjafirði. Samkvæmt því er fram kemur í skýrslu starfshópsins myndi ávinningur borgarinnar verða um 33,3 milljarðar króna af færslu flugvallarins þangað.

Út frá völdum flugkröfum sem starfshópurinn skoðaði fá Lönguskerjum bestu einkunn í samanburði við aðra möguleika, með hæstu einkunn í öllu.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið ósamstiga í málinu. Sturla Böðvarsson samgönguráðherra hefur talað fyrir því að festa flugvöllinn í sessi í Vatnsmýrinni, og byggja þar upp samgöngumiðstöð, á meðan borgarfulltrúar flokksins, þar á meðal Gísli Marteinn Baldursson, hafa talað fyrir því að færa flugvöllinn úr Vatnsmýrinni og byggja þar upp íbúabyggð.

Í drögum að landsfundarályktunum fyrir landsfund Sjálfstæðisflokksins á dögunum kom fram að stefna ætti að því að byggja upp flugvöllinn í miðborg Reykjavíkur, þar sem mikilvægt væri að hafa hann í nálægð við opinbera þjónustu, heilbrigðisstofnanir og menntastofnanir. Auk þess sem samgöngumiðstöðin myndi styrkja miðborgina sem þjónustumiðstöð fyrir alla landsmenn.

Ályktunin tók töluverðum breytingum á fundinum, ekki síst eftir fréttir komu fram, skömmu áður en fundurinn hófst, um tugmilljarða ávinning borgarinnar af því að færa flugvöllinn. Niðurstaða fundarins var sú að álykta ekki sérstaklega um það að flugvöllurinn skyldi vera í miðborginni heldur einblína á að völlurinn yrði áfram í eða við Reykjavík. Þá ályktaði flokkurinn einnig um að flýta skyldi uppbyggingu samgöngumiðstöðvar þar sem núverandi flugstöðvarbygging væri „úrelt og samkeppnishamlandi“, en flugfélagið Iceland Express gat ekki hafið innanlandsflug frá Reykjavíkurflugvelli vegna aðstöðuleysis.

**Ræða um niðurstöðu í nefnd**
Samfylkingin ályktaði um málið á þann veg að sérstök samgöngunefnd flokksins tæki skýrslu fyrrnefnds starfshóps til skoðunar og færi vandlega yfir kostina í stöðunni. Nefndin myndi síðan skila áliti sínu til flokksstjórnar sem tæki það „til umræðu síðar á árinu“.

Starfshópurinn var upphaflega skipaður af þáverandi borgarstjóra Steinunni Valdísi Óskarsdóttur og Sturlu Böðvarssyni samgönguráðherra.

**Keflavík enn inni í myndinni**
Samkvæmt mati starfshópsins er ávinningurinn af því að færa innanlandsflugið til Keflavíkur 37,4 milljarðar króna. Helsti kostnaðurinn felst í ferðakostnaði, bæði fyrir farþega og aðra sem þurfa að sækja þjónustu á flugvöllinn. Að því leytinu til er færslan á miðstöð innanlandsflugsins til Keflavíkur óhagkvæm til lengri tíma litið, að mati starfshópsins. Hugmyndir um að færa innanlandsflugið til Keflavíkur hafa ekki verið slegnar út af borðinu, þó aðrir kostir séu framar í röðinni.



**VATNSMÝRIN** Byggingarlandið í Vatnsmýrinni er gríðarlega verðmætt samkvæmt því sem fram kemur í skýrslu sem ekki hefur verið kynnt enn þá. Landið er 134 hektarar að stærð en Háskólanum í Reykjavík hefur þegar verið úthlutað 11 hektara svæði.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



**LÖNGUSKER** Þessi bráðabirgðateikning af hugmyndum um uppbyggingu flugvallar á Lönguskerjum sýnir hvernig Framsóknarflokkurinn sér völlinn fyrir sér.
TEIKNING/FRAMSÓKN

### EIGINLEIKAR SEM SKOÐAÐIR VORU

| | | Hólmsheiði | Lönguskér | Keflavík |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Flutningaflug | Þokkalegt | Gott | Þokkalegt |
| 2. | Landhelgisgæsla | Þokkalegt | Gott | Þokkalegt |
| 3. | Sjúkraflug | Þokkalegt | Gott | Þokkalegt |
| 4. | Öryggisflug | Þokkalegt | Gott | Þokkalegt |
| 5. | Viðskiptaflug | Þokkalegt | Gott | Þokkalegt |
| 6. | Einkaflug | Gott | Gott | Þokkalegt |
| 7. | Kennslu- og æfingaflug | Gott | Gott | Þokkalegt |
| 8. | Flug til Grænlands og Færeyja | Þokkalegt | Gott | Þokkalegt |
| 9. | Varaflugvöllur fyrir innanlandsflug | Þokkalegt | Gott | Þokkalegt |
| 10. | Varaflugvöllur fyrir millilandaflug | Þokkalegt | Gott | Þokkalegt |
| | Áætlaður fjárhagslegur ávinningur Reykjavíkurborgar í milljörðum talið | 38,3 | 33,3 | 37,4 |

**Umdeild færsla – sátt?**
Allir sem koma að því að ákveða hvort færa skuli Reykjavíkurflugvöll úr Vatnsmýrinni hafa ítrekað nefnt mikilvægi þess að taka ákvörðun í málinu sem væri til þess fallin að skapa sátt um þetta þverpólitíska mál. Hún er fjarlæg eins og mál standa. Sjálfstæðisflokkurinn er ekki einhuga í málinu, aldrei þessu vant, og Framsóknarmenn einblína fyrst og fremst á að byggja flugvöllinn upp á landfyllingu við Lönguskér. Samfylkingin ætlar að setja málið í nefnd sem skilar áliti til flokksstjórnar sem tekur málið til umræðu. Af þessu verður ekki annað ráðið en að sátt um Reykjavíkurflugvöll sé í órafjarlægð, þrátt fyrir að skýrsla starfshóps borgarstjóra og samgönguráðherra bendi eindregið til þess að viturlegast sé að færa flugvöllinn úr Vatnsmýrinni.

**UM FLUGVALLARMÁL**
*** Í starfshópnum eru Helgi Hallgrímsson, sem jafnframt er formaður, Björn Ársæll Pétursson, fulltrúi borgarstjóra, Sigurður Snævarr borgarhagfræðingur og Þorgeir Pálsson flugmálastjóri.**



FRÉTTASKÝRING
**MAGNÚS HALLDÓRSSON**
magnush@frettabladid.is




# Parket og flísar á *enn betra* verði í Múrbúðinni



*Corten Metal gólf- og veggflísar 30x60 cm*

**Kr. 3.590,-** pr.m²



*TAU Valois gólfflísar 33 x 60 cm*

**Kr. 3.590,-** pr.m²



*Steinskífa, náttúrusteinn 30x60*

**Kr. 1.990,-** pr.m²

**Eik ★★★★★ GÆÐAPARKET**
2200x182x14mm 4mm



**Kr. 2.230,-** pr.m²

Hvítar glans veggflísar 15x15 cm



**Kr. 795,-** pr.m²

Hvítar glans veggflísar 20x25 cm



**Kr. 995,-** pr.m²

Gráar Marbella veggflísar 20x25 cm



**Kr. 995,-** pr.m²




**Kr. 2.190,-** pr.m²

Brúnar Regina gólfflísar 33,3x33,3 cm



**Kr. 1.250,-** pr.m²

Beige Slide gólfflísar 33,3x33,3 cm



**Kr. 1.195,-** pr.m²

Porcelain gólfflísar 33,3x33,3 cm



**Kr. 1.250,-** pr.m²

*Austurrískt gæðaparket*

***ALLT Á EINUM STAÐ***

- *Undirlag undir parket og flísar*
- *Parketlím og -listar*
- *Flísalím og fúga*
- *LITHOFIN flísabón ofl.*

**NÝ SENDING MIKIÐ ÚRVAL**

**Rakavarið plastparket**

Beiki aðeins **kr. 590.-** pr.m²

**LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM**




**Opið mán. - fös. kl. 8-18**
**laugardaga 9-17**

**MÚRBÚÐIN**

*Byggingavöruverslunin í Árbænum*

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Undiralda kosninganna:

## Hafnarfjarðar-áhrifin

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Skoðanakannanir eru jafnan fróðleg vísbending um hreyfingu undiröldunnar í aðdraganda kosninga. Framan af vetri fylgdi hún nokkuð ákveðinni straumstefnu. Allra síðustu kannanir benda hins vegar til nokkurra misbrigða. Á þessu stigi verður ekki séð hvort þar er um að ræða öldurót eða straumbreytingu.

Lengst af bentu skoðanakannanir mjög ákveðið til þess að meirihluti stjórnarflokkanna myndi ekki halda. Upp á síðkastið hafa hins vegar komið fram vísbendingar um að styrkleikahlutföllin milli stjórnar og stjórnarandstöðu standi í járnum.

Með öðrum orðum: Straumstefna pólitískrar undiröldu sýnist eins og sakir standa ekki vera jafn ákveðin og fram til þessa. Það er einvörðungu mikil fylgisaukning Vinstri græns sem ógnað hefur meirihluta ríkisstjórnarflokkanna. Stóriðjumálin sýnast vera augsæ skýring þar á. En nú gerist það að horfur á þreföldun fylgis eru að breytast í tvöföldun.

Sterk teikn eru á lofti um að Hafnfirðingar hafi ráðið nokkru um þau pólitísku misbrigði sem nú verður vart. Nærlægt er að draga þá ályktun að mörgum þyki nóg að gert eftir að Hafnfirðingar brugðu fæti fyrir stækkun álversins í Straumsvík og þau áform heyra sögunni til.

Ótvírætt var skýr vilji til þess að hægja á ferðinni í þessum efnum. Nú hefur það verið gert. Það verkefni er frá. Menn þurfa einfaldlega ekki lengur að kjósa Vinstri grænt til þess að ná því fram. Þingkosningarnar snúast að sama skapi ekki þar um eins og áður stefndi í. Hafnfirðingar sáu um það.

Margir líta ugglaust svo á að frekari stöðvun þróunar á orkuvinnslu geti einfaldlega komið niður á lífskjörum almennings og hamlað útrás þeirrar tækniþekkingar á nýtingu orkulinda sem nú er að hefjast. Hvort þessi áhrif eiga eftir að vara fram til kosninga á svo eftir að koma í ljós.

Breytingar á skoðanakönnunum um óskir fólks um ríkisstjórnarsamstarf benda einnig til Hafnarfjarðaráhrifa af þessu tagi. Stuðningur við áframhaldandi samstarf ríkisstjórnarflokkanna hefur heldur aukist en er þó ekki nema tæp 35 af hundraði. Fylgi við samstjórn allra þriggja stjórnarandstöðuflokkanna er innan við fjóra af hundraði. Stuðningur við samstarf Samfylkingar og Vinstri græns fellur verulega, enda útséð með að þeir geti myndað tveggja flokka stjórn.

Þannig benda þessar kannanir ekki til að kjósendur líti á stjórnarflokkana og stjórnarandstöðuflokkana sem andstæður sem velja þurfi á milli. Vísbendingarnar eru fremur í þá veru að vilji kjósenda standi til að kosningarnar færi þeim ríkisstjórn sem væri einhvers konar blanda núverandi stjórnar og stjórnarandstöðu.

Fleiri kjósendur Sjálfstæðisflokksins sjá Vinstri grænt sem efni í slíka blöndu en Samfylkingu. Meðal kjósenda hennar sýnist áhugi á samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn hins vegar fara vaxandi þó að hann geti ekki talist umtalsverður. Samstarf Framsóknarflokks við Samfylkingu og Vinstri grænt er einnig mögulegur kostur þó að óskir kjósenda sýnist ekki standa til þess.

Þess er ekki að vænta að einstakir stjórnmálaflokkar útiloki fyrirfram ákveðna stjórnarmyndunarkosti. En flokkarnir geta eigi að síður lagt skýrari línur fyrir kjósendur með öðrum hætti. Það má til að mynda gera með málefnalegum áherslum og ábendingum um það sem sameinar rétt eins og áréttingum um það sem skilur á milli.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

VINSTRIHREYFINGIN
grænt framboð

FÖGNUM
FJÖLBREYTNI
- embracing variety

www.vg.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Þrír ritarar í Moskvu

Átta starfsmenn íslensku utanríkisþjónustunnar, af 147, vinna í sendiráðinu í Moskvu. Þrír af þeim, Guðrún S. Þorgeirsdóttir, Irina Bolshakova og Évgenía A. Kisileva, starfa sem ritarar. Einhver myndi segja að þetta væri einkennilegt og bruðl með skattfé, í ljósi þess að kostnaður við sendiráðið í Moskvu er áætlaður vera 85,1 milljón á þessu ári. Kostnaður við sendiráðið í Kína, sem margir líta til sem lands tækifæranna í viðskiptaheiminum nú um stundir, er hins vegar 75 milljónir og starfsmenn þar skráðir tíu talsins. Með öðrum orðum, menn fá miklu meira fyrir peninginn í Kína heldur en í Moskvu. Hér koma tvær sanngjarnar spurningar til Valgerðar Sverrisdóttur utanríkisráðherra: 1. Er skynsamlegt að eyða umtalsvert meiri peningum í sendiráðið í Moskvu á ári heldur en í sendiráðið í Kína í ljósi alþjóðlegrar stöðu? 2. Af hverju eru þrír af átta starfsmönnum Í Moskvu starfandi sem ritarar?



### Óréttlætanleg innheimta?

Það má færa fyrir því rök, að innheimta fasteignagjalda sé óréttlætanleg í því formi sem hún er nú, og stangist á við yfirlýstan tilgang með gjöldunum. Dæmi: Eigandi fasteignar borgar gjald sem er hlutfall af sveiflukenndu viðmiði, fasteignamati. Fasteignamatið sveiflast en kostnaðurinn við eignirnar ekki. Þetta þýðir að fasteignagjöldin hækka ef verðmæti eignarinnar eykst, alveg óháð kostnaði hins opinbera af henni. Tvær spurningar til þingmanna og forsvarsmanna sveitarfélaga: 1. Hefur einhver ykkar áhuga á því að breyta lögum um fasteignagjöld, svo þau geti mögulega tengst tilgangi fasteignagjaldanna? 2. Hvers vegna er réttlætanlegt að innheimta gjöld út frá sveiflukenndu verðmæti eignar, sem er í einkaeigu, ef kostnaður hins opinbera, það er sveitarfélags, eykst ekkert?



# Ókostir beinnar kosningar



JÓHANN J. ÓLAFSSON

Í DAG | Kosningar

Margir töldu að með kosningunum um deiluskipulag álversins í Hafnarfirði hafi verið brotið blað í þróun lýðræðis á Íslandi. Ég verð að játa það strax, hreinskilninslega, að ég sé ýmsa galla á þessari þróun. Bein kosning er í víðum skilningi úrelt aðferð, sem við lesum um í Grikklandi hinu forna og endaði oftast með einræði. Fulltrúalýðræði, sem þróaðist í Englandi, var talin mikil framför í þróun lýðræðis. Margir telja að við Íslendingar höfum verið fyrstir til að taka upp þetta lýðræðisform með stofnun Allsherjarríki á Þingvöllum árið 930.

Gallinn við beinar kosningar er sá að allt svigrúm vantar. Sá sem vinnur fær allt. Hinn sem tapar ekkert. Þetta er í andstöðu við þá lýðræðisþróun, sem hér hefur mótast og kemur m.a. fram í samsteypustjórnum o.fl. hér á landi. Ekkert áfrýjunarstig er til. Þú getur ekki beðið um endurkosningu. Úrslitin eru endanleg. Beinar kosningar eru harðar, kaldar og miskunarlausar og henta því ekki góðum mannlegum samskiptum.

Beinar kosningar eiga aðeins við um mjög fá einföld mál. Þeim málum fer fækkandi í nútíma þjóðfélagi, sem verður sífellt flóknara og margslungnara. Mikil vinna og upplýsingar fagmanna eru nauðsynlegar og það er erfitt að leggja niðurstöður þeirra fyrir kosningar á ljósan og skíran hátt.

Beinar kosningar eiga ekki við í viðskiptum við fyrirtæki. Í viðskiptaheiminum fara samningar fram á milli aðila sem hafa skíra heimild og umboð til að gera viðskipti og skuldbindandi samkomulag. Það gengur ekki að annar aðilinn lýsi því yfir í miðju kafi að hann hafi ekki umboð til að gera samning. Nú verði viðsemjandinn að ná samkomulagi við kjósendur.

Það kemur fyrir að framkvæmdastjóri fyrirtækis geri samning með fyrirvara um samþykki stjórnar, en hún vísar slíkum samningum aldrei til kosninga hluthafa, nema um sameiningu þess við annað hlutafélag sé að ræða. Ekki geta hluthafar Alcan samið beint við kjósendur í Hafnarfirði.

*Því hefur verið haldið fram að styrjaldir séu deilur, sem hitna svo mikið að stjórnmálin geti ekki leyst þau. Á sama hátt má segja að beinar kosningar séu afleiðing þess að stjórnmálamenn hafi meiri völd en þeir geti höndlað.*

Eitt af því sem veldur mér áhyggjum með niðurstöður þessara kosninga er hversu hnífjafnar þær voru. 49,3% á móti 50,7%. Mér kemur það undarlega fyrir sjónir að í slíku deilumáli séu jafnmargir með og á móti. Ætla mætti að 40% á móti 60% t.d. á hvorn veginn sem var hefði verið eðlilegra. Það er eins og það sé komin einhver viss tækni í kosningar, sem geri þær að íþrótt í sjálfu sér óháðar málefninu sjálfu, sem verið er að kjósa um. Í slíkum tilfellum verða alltaf örfáir menn, sem ráða úrslitum. Mætti ekki alveg eins varpa hlutkesti?

Niðurstöður í beinum kosningum verða oftast íhaldssamar. Ef menn vilja engu breyta eru beinar kosningar eitt ráð til þess. Sláandi fyrir þetta eru orð Péturs Óskarssonar, málsvara Sólar í Straumi, eftir kosningarnar.

„Nú verður allt eins og það var áður. Það verður óbreytt ástand í Hafnarfirði eins og áður en þessi tillaga kom til.“

Hver ber ábyrgðina? Mér þykir ljóst að bæjarstjórn Hafnarfjarðar er ábyrg fyrir því tjóni, sem þessi kosning kann að valda viðsemjanda hennar. Bæjarstjórnin losnar ekki undan skyldum sínum og ábyrgð með því að vísa máli til kjósenda. Öðru máli gegnir hvort Alcan muni gera einhverjar kröfur.

Því hefur verið haldið fram að styrjaldir séu deilur, sem hitna svo mikið að stjórnmálin geti ekki leyst þau. Á sama hátt má segja að beinar kosningar séu afleiðing þess að stjórnmálamenn hafi meiri völd en þeir geti höndlað. Beinar kosningar eru mörgum sinnum betri en styrjaldir, en best væri að hafa hæfa stjórnmálamenn, sem leysa málin. Það er verið að misnota lýðræðið með því að láta það leysa mál þar sem íbúakosning á ekki við.

Kosningar eru háðar í miklu áróðursfári og lýðskrumi, sem er ekki eins hættulegt í fulltrúalýðræði þar sem svigrúm er meira en í beinum koningum. Í beinum kosningum, sem eru endanlegar, er engin leið að draga úr mistökum sem kunna að verða gerð með alræði meirihlutans í hita leiksins.

Slíkar kosningar eru oft upphafið að endalokum lýðræðisins.

Það er vonandi að kosningin í Hafnarfirði brjóti blað í þróun lýðræðis á þann hátt að þessi vitleysa verði ekki endurtekin.

*Höfundur er stórkaupmaður.*

# Látið ekki blekkjast

UMRÆÐAN

Kosningar



GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR

Nú þegar kosningabaráttan er formlega að hefjast er ljóst hvaða herbragði Sjálfstæðisflokkurinn hyggst beita til að breiða yfir þann skammarlega aðbúnað sem aldraðir búa við á Íslandi í dag. Þær staðreyndir að biðlistar hafa aldrei verið lengri eftir hjúkrunarrýmum eru ljósar og eðlilega hvílir ábyrgðin á ríkisstjórninni sem hefur á 12 ára valdatíð hundsað þennan hóp. Nú þegar komið er að skuldadögum ætla menn að beita því lúalega bragði að kenna R-listanum um langa biðlista aldraðra eftir hjúkrunarrýmum og sló Illugi Gunnarsson tóninn í Kastljósinu nýlega.

Sjálfstæðismenn tala um R-listann og Samfylkinguna í einu og sama orðinu og vilja þannig meina að viljaleysi Samfylkingarinnar til þess að beita sér í málaflokknum sé um að kenna. Reyndar reka þeir með þessu bragði rýting í bak Framsóknarmanna, en eins og flestir muna aðrir en Sjálfstæðisflokkurinn og reyndar Framsóknarmenn líka, var Framsókn hluti af R-listanum. Það þarf vart að taka það fram að samkvæmt lögum er bygging og rekstur hjúkrunarrýma á forræði ríkissins en ekki sveitarfélaganna. En Illuga láðist að nefna að biðlistar eftir hjúkrunarrýmum eru lengstir á landinu í Kópavogi en þar hafa ríkisstjórnarflokkarnir setið í meirihluta síðustu 17 árin.

Á baksíðu Voga, málgagni Sjálfstæðismanna í Kópavogi, er slegið upp fyrirsögninni „Byltingin í Boðaþingi“. Í Boðaþingi er fyrirhugað að byggja 88 hjúkrunarrými fyrir aldraða í samvinnu við Hrafnistu. Upphaflega hugmyndafræðin átti að víkja nokkuð frá hefðbundnu rekstrarformi hjúkrunarheimila. Eftir langa bið hefur heilbrigðisráðherra loksins fallist á að byggja þar 44 hjúkrunarrými enn sem komið er og hafnað því að rekstrarform Boðaþings verði annað en hefðbundið hjúkrunarheimili. Boðaþing er því engin bylting þrátt fyrir upphrópanir Sjálfstæðismanna.

Auðvitað reyna ríkisstjórnarflokkarnir að slá ryki í augu kjósenda núna á síðustu metrum kjörtímabilsins en gleymum því ekki að verkin þeirra síðustu 12 árin bera þess best vitni hversu slælega þeir hafa staðið sig í velferðarmálum á Íslandi. Ef Íslendingar vilja raunverulega sjá betur búið að öldruðum á Íslandi er Samfylkingunni best treystandi. Samfylkingin ætlar að eyða biðlistum eftir hjúkrunarrýmum á tveimur árum komist flokkurinn til valda. Það er okkar forgangsmál.

*Höfundur er bæjarfulltrúi í Kópavogi.*

# Útlendingar fá lægri laun

**UMRÆÐAN**
Launajafnrétti

Formaður Samiðnar hefur staðfest að útlendingar fái lægri laun en Íslendingar fyrir sömu vinnu. Það kom fram í fréttum Ríkisútvarpsins. Bendir formaðurinn á að með þessu sé útlendingunum mismunað og á þeim brotið. Svipaðar upplýsingar höfðu áður komið fram í skýrslu Þóru Helgadóttur, starfsmanns Kaupþings, frá janúar 2007. Þar kemur fram að vísbendingar megi greina í þá veru að erlent vinnuafl þiggi lægri laun en innlent. Vísar hún til launaþróunar í byggingariðnaði og mannvirkjagerð skv. upplýsingum frá Hagstofu Íslands, en einmitt í þeim greinum er mest af erlendu vinnuafli.

Þegar Evrópusambandið stækkaði og við bættust tíu ríki frá Austur-Evrópu varð sú breyting að vinnumarkaður gömlu Evrópusambandsríkjanna og EFTA-ríkjanna opnaðist fyrir fólki sem býr við miklu lægra launa- og velferðarstig. Það bauð heim því ástandi að þangað leitaði launafólk sem sætti sig við lægri laun en innfæddir en fengi samt mun betri laun og lífskjör en eru í boði í þeirra heimalandi.



KRISTINN H. GUNNARSSON

Við þessu var varað í fyrra þegar íslenskur vinnumarkaður opnaðist. ASÍ lagði til að opnuninni yrði frestað í þrjú ár og benti t.d. á að ótti væri við að verkafólk frá nýju ríkjunum væri tilbúið að sætta sig við lakari kjör en hér gilda. Sá ótti hefur nú verið staðfestur. Verkalýðsfélag Húsavíkur benti á að of hröð fjölgun verkafólks frá láglaunasvæðum myndi valda tekju- og lífskjaraskerðingu fyrir íslenskt launafólk og að réttindi erlenda fólksins yrðu ekki tryggð. Svipaðar áherslur komu fram hjá Verkalýðsfélagi Akraness. Afl, starfsgreinafélag Austurlands, sem hefur ef til vill mesta reynslu af þessari stöðu vegna framkvæmdanna við Kárahnjúkavirkjun og álverið í Reyðarfirði, sendi alþingismönnum ályktun þegar breytingin var til meðferðar á Alþingi í apríl 2006, og upplýsti að trúnaðarráð félagsins teldi þegar hafna þróun í þá átt að íslensku starfsfólki sé sagt upp störfum og erlent launafólk á lægri launum ráðið í staðinn. Lítur trúnaðarráðið félagsins svo á að í óheftum innflutningi felist bein aðför að kjörum íslensks launafólks sem muni auk þess grafa undan grundvallaratriðum velferðarkerfisins.

Það eru mörg dæmi um að útlendingar ráða sig til vinnu fyrir lægri laun en Íslendingar sætta sig við. Þau eru til úr sjávarútveginum, byggingariðnaði og ýmsum iðngreinum. Þessi staða mun auðvitað hafa áhrif á laun Íslendinganna til lækkunar líka þegar fram líða stundir. Nú er Seðlabankinn að spá því að atvinnuleysi geti orðið allt að 5% eftir tvö ár og um 6.000 störf tapast. Halda menn að þá sé hægt að senda útlendingana úr landi eins og hverja aðra vöru sem ekki er þörf fyrir lengur? Auðvitað ekki, þeir hafa fullan rétt til þess að vera hér áfram og hafa margir hverjir sest hér að og munu leita sér að starfi og áfram vera tilbúnir að þiggja lágmarkslaunin. Það er að mínu mati nokkuð fyrirsjáanlegt hvað þá muni gerast. Útlendingarnir munu áfram fá lægri laun og þegar störfum fækkar munu laun Íslendinganna lækka. Um þetta snýst málið, að verja launastigið og kjör þeirra sem starfa á íslenskum vinnumarkaði, bæði útlendinga og Íslendinga. Verkafólk og iðnaðarmenn eru þær starfsstéttir sem verða fyrir barðinu á þessari þróun og eiga mest undir því að stjórnvöld verji kjör þeirra. Stjórnun á vinnumarkaði er ekki aðeins möguleg heldur nauðsynleg. Annað væri ábyrgðarleysi.

*Höfundur er alþingismaður.*

# Ekki meir, ekki meir

**UMRÆÐAN**
Kosningar

Það styttist í kosningar og síðustu forvöð að búa til kosningaslagorðin. Framsóknarflokkurinn er trúr sínu nafni og auglýsir: Árangur áfram – ekkert stopp. Þar er sjálfsagt verið að vísa til stopps eða frestunar á stóriðjuframkvæmdum. Þetta minnir mig á grein sem Halldór Laxness skrifaði líklega 1970 og kallaði: Hernaðurinn gegn landinu.



REYNIR INGIBJARTSSON

Þar tók hann dæmi af öllum skurðunum, sem grafnir höfðu verið um nánast öll votlendi í byggð og bændum borgað fyrir hvern metra eins og í uppmælingu. Áfram grafa – ekkert stopp gæti það kallast. Afleiðingin var sú að lóan, spóinn og stelkurinn hurfu úr mýrinni og eftir sátu gapandi skurðir. Tillaga skáldsins á Gljúfrasteini var sú, að borga bændum fyrir að moka ofan í skurðina aftur.

Mér finnst margt líkt með skurðgröfustefnu þessa tíma og stóriðjustefnu Framsóknarflokksins í dag, fyrirgefðu Jón Sigurðsson. Gæti verið að Framsóknarflokkurinn sé orðinn jafn óþarfur í dag og allir skurðirnir? Ég er ekki að leggja til að moka yfir Framsóknarflokkinn, en er þörf á honum lengur við stjórnvölinn?

Hinn flokkurinn í ríkisstjórninni, Sjálfstæðisflokkurinn, hélt landsfund sinn á sama tíma og Samfylkingin. Fundurinn hófst á fimmtudegi og lauk á sunnudag. Samfylkingin hóf sinn fund á föstudegi og lauk honum á laugardegi. Þetta minnti svolítið á golfið. Einn dagur í forgjöf en dugði ekki til. Er Sjálfstæðisflokkurinn kannski orðinn svolítið svifaseinn og lúinn?

Skáldið Steinn Steinarr sagði í einu ljóða sinna: Húsameistari ríkisins – ekki meir, ekki meir. Ég legg til að yfirfæra merkingu skáldsins á næstu alþingiskosningar og segja: Jón og Geir – ekki meir, ekki meir.

*Höfundur er kortaútgefandi.*


ENNEMM / SÍA / NM26016




ÍSLANDSJEPPI MEÐ ÖLLU

**Nissan X-Trail Adventure** er ekki bara hentugur fyrir íslenskar aðstæður heldur sérhannaður fyrir þær og fæst hvergi nema á Íslandi. X-Trail Adventure er kröftugur jeppi sem sýnir frábæra frammistöðu við hvaða aðstæður sem er. Stillinn snýst ekki aðeins um glæsilegt útlit heldur kraft, öryggi og lipurð. Hönnun fram- og afturenda bílsins er miðuð við að akstur í torfærum, grjóti og snjó verði auðveldari og að þú sjáir öll fjögur hornin úr ökumannssætinu og getir stjórnað og lagt af öryggi. Rikulegur staðalbúnaður og frábærar breytingar frá **Arctic Trucks** gera þennan jeppa að sannkallaðri kjöreign.

*__Adventure útfærsla:__ upphækkun, 29" dekk, bakkvörn, stigbretti og krókur. __Staðalbúnaður:__ rafstýrð leðursæti, 17" álfelgur, 4x4, litað gler, 6 diska geislaspilari, 3 drifstillingar, loftkæling, sjálfskipting, útvarpsfjarstýring í stýri, sóllúga.*

ADVENTURE

Nissan X-Trail Adventure Sport
**Verð frá 3.190.000 kr.**

**Komdu og reynsluaktu Nissan X-Trail Adventure, hann er ævintýri á hjólum!**

**Gerðu samanburð, þú finnur hvergi jafn vel útbúinn jeppa á jafn góðu verði!**

**Ingvar Helgason** Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt | Akureyri 464 7940 | Höfn í Hornafirði 478 1990 | Njarðvík 421 8808 | Reyðarfirði 474 1453




Gildir 17. apríl eða á meðan birgðir endast.


99 kr/stk.
Hagkaupssafi 1l
FERSKUR APPELSÍNUSAFI með aldinkjöti
HAGKAUP
99 kr/stk.
Wishbone þúsund eyjadressing
99 kr/stk.
Risabrauð 1 kg
99 kr/stk.
Eðal ítalskt salat 200 g
99 kr/stk.
Kjúklingavængir
99 kr/pk.
Laukbuff
99 kr/pk.
Ítalskt buff
99 kr/stk.
Gotta mysingur
99 kr/stk.
GK ís vanillu, súkkulaði
99 kr/kg.
Kartöflur 1 kg
99 kr/stk.
Doritos
99 kr/stk.
Werthers toffee karamellur
99 kr/stk.
Magic orkudrykkur
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Trúleysingjar eru góðir nágrannar

UMRÆÐAN
Trúmál

Trúarleiðtogar hafa í gegnum tíðina úthrópað trúleysingja sem siðblinda upplausnarmenn. Hugsunin sem liggur þarna að baki virðist sú að þeir sem ekki sækja siðferði sitt til guðs geti ekki þekkt muninn á réttu og röngu. Merkari spekingar en ég hafa ítrekað sýnt fram á fáránleika þessa viðhorfs, en áfram halda trúarleiðtogarnir eins og sjá má á tru.is.

Á yfirborðinu virðast náin tengsl milli þessa viðhorfs til trúleysingja og annarra fordóma: 1. Fyrst er óvinurinn skilgreindur, 2. síðan er einhverjum miður geðslegum eiginleikum klínt á hann 3. og svo er stagast á fordómunum þó að sýnt hafi verið fram á þeir séu lygar. Ekki er mér kunnugt um hvort fordómar íslenskra trúarleiðtoga gagnvart trúleysingjum hafi skilað sér inn í „þjóðarsálina“. Sú er hins vegar raunin í Bandaríkjunum, en endurteknar skoðanakannanir sýna að trúleysingjar eru lægst metni þjóðfélagshópurinn þar í landi. Nýleg skoðanakönnun leiddi í ljós að mótmælendaþjóðin Bandaríkin treystir kaþólikkum best til þess að gegna forsetaembættinu, en þeir hafa 95% stuðning. Lestina reka samkynhneigðir, með 55% fylgi, og trúleysingjar með einungis 45% stuðning.

Af hverju eru trúleysingjar í neðsta sæti? Jú, þeir hafa gerst sekir um að viðurkenna ekki tilvist Guðs og þar með hafnað því að Biblían og siðaboðskapur hennar sé af guðlegum rótum sprottinn.



STEINDÓR J. ERLINGSSON

Í þessu sambandi er rétt að skoða ummæli biskups Íslands um trúleysi í nýársprédikun 2003: „trúleysi ógnar mannlegu samfélagi, viðskiptum og stjórnmálum ... Valið stendur milli trúar og trúleysis á vettvangi hversdagsins, sem og viðskipta og stjórnmála. Ég er ekki í vafa um að flestir myndu að athuguðu máli velja trúna“. Fordómarnir sem biskup virðist opinbera hér gagnvart trúleysi eru sömu ættar og aðrir fordómar, eins og greinilega má sjá ef „trúleysi“ er skipt út fyrir „gyðingur“. „Gyðingar ógna mannlegu samfélagi, viðskiptum og stjórnmálum ... Valið stendur milli aría og gyðinga á vettvangi hversdagsins, sem og viðskipta og stjórnmála. Ég er ekki í vafa um að flestir myndu að athuguðu máli velja aría.“

Biskup gæti hafnað þessum samanburði á þeim forsendum að hann hafi óstyggð á fyrirbærinu trúleysi en ekki trúleysingjum sem slíkum, líkt og trúsystkin hans hafa notað í andófinu gegn réttindabaráttu samkynhneigðra. Ég tel slíka aðgreiningu vera marklausa, enda elur fordómafull umræða um hugtökin „trúleysi“ og „samkynhneigð“ á fordómum á trúlausum og samkynhneigðum einstaklingum. Ef málflutningur trúarleiðtoga um trúleysingja, sem í dag telja 500-750 milljónir, er byggður á fordómum þá vaknar spurningin hvers eðlis þeir eru. Í nýrri grein sálfræðiprófessorsins Benjamin Beit-Hallahmi segir hann algengustu trúleysingjana á Vesturlöndum „birtast okkur sem minna ráðríkir og áhrifagjarnir, minna kreddufastir, minna fordómafullir, meira umburðarlyndir gagnvart öðrum, löghlýðnir, samúðarfullir, og vel menntaðir. Þeir hafa miklar gáfur, og margir helga sig fræðilegri umræðu og menntakerfinu. Í stuttu máli sagt, það er gott að hafa þá sem nágranna.“

*Höfundur er vísindasagnfræðingur.*

# Heil mánaðarlaun í aukna skattbyrði á hverju ári

UMRÆÐAN
Kjör aldraðra



ÓLAFUR ÓLAFSSON



EINAR ÁRNASON

Í Fréttablaðinu þann 23. mars síðastliðinn er grein eftir Árna Mathisen fjármálaráðherra sem kallast „Skattalækkanir til hagsbóta fyrir almenning”. Þar segir meðal annars: „Samhliða lækkun á tekjuskatti hefur persónuafslátturinn hækkað umtalsvert og hafa skattleysismörk verið hækkuð um 30% á þessu kjörtímabili sem er langt umfram þróun verðlags á sama tíma.“

**Skattleysismörkin ættu að vera 142.600 krónur á mánuði en eru 90.000 krónur:**

Það eru ýkjur að skattleysismörkin hafi hækkað langt umfram verðlag á þessu kjörtímabili eins og ráðherrann skrifar. Þau hækka í krónutölu um 29% frá árinu 2003 en það er fjarri því að við höfum búið við stöðugleika og enga verðbólgu á þessum tíma. Ekki er ósennilegt að verðlag síðar á þessu ári verði um 6,8 % hærra en á síðasta ári. Þá er hækkunin á skattleysismörkunum umfram verðlag rétt um 5,6% frá árinu 2003. Það getur varla kallast langt umfram verðlag fyrir síðastliðin 4 ár. Hvað gerðist svo á undan því? Jú skattleysismörkin lækkuðu verulega að raungildi, allt frá upptöku staðgreiðslukerfis skatta. Þau eru nú 90.000 krónur á mánuði. Hefðu þau hins vegar fylgt launavísitölu eins og eðlilegt er væru þau 142.600 krónur á mánuði í dag. Hefðu þau hinsvegar aðeins fylgt verðlagi miðað við þessar forsendur um verðbólgu væru þau 117.500 krónur á þessu ári. Þarna vantar verulega upp á og veldur mestu um aukna skattbyrði lægri launa.

**Heil mánaðarlaun í aukna skattbyrði:**

Þannig greiðir sá eldri borgari sem nú í ár hefur um 117.500 krónur í tekjur á mánuði 9.823 krónur á mánuði í tekjuskatta. Af sömu rauntekjum greiddi þessi aðili hins vegar ekki eina krónu í tekjuskatta við upptöku staðgreiðslukerfisins árið 1988. Þarna hafa tekjuskattar hans hækkað verulega þó tekjur hans hafi bara breyst eins og verðlag, þ.e. staðið í stað að raungildi. Þetta gerist vegna raunlækkunar skattleysismarka á tímabilinu. Þannig fara tæplega117.900 krónur í aukna skattbyrði á ári eða sem nemur einum mánaðarlaunum í þessu tilfelli. Það munar um minna. Erfiðara er að meta skattbyrðina á árinu 2007 vegna óvissu um þróun verðbólgu en í töflunni hér að neðan má sjá aukningu skattbyrði þó hér sé um sömu rauntekjur að ræða öll árin þ.e. 44.152 krónur árið 1988 ættu að duga fyrir sömu nauðsynjum og 110.000 krónur árið 2006. Þarna hefur skattbyrðin aukist úr 0,0% af tekjum í 10,3% af tekjum fyrir sömu rauntekjur. Skattahækkunin er að sjálfsögðu enn meiri en þetta þegar tekjur hækka umfram verðlag.

*Ólafur er formaður Landssambands eldri borgara og Einar er hagfræðingur sömu samtaka.*

**TEKJUSKATTAR FYRIR 110.000 KR. TEKJUR Á MÁNUÐI ÁRIÐ 2006 OG SÖMU RAUNTEKJUR HIN ÁRIN.**

**Tekjur hækka aðeins eins og verðlag. 70 ára og eldri**

| Ár | Samtals tekjur | Skattleysis-mörk | Skatthlutfall staðgreiðslu,% | Staðgreiðsla | Skattar sem hlutfall tekna |
|---|---|---|---|---|---|
| 1988 | 44.152 | 44.182 | 35,20 | 0 | 0,0 |
| 1990 | 61.416 | 53.988 | 39,79 | 2.956 | 4,8 |
| 1995 | 73.108 | 58.416 | 41,93 | 6.160 | 8,4 |
| 2000 | 84.041 | 63.488 | 38,37 | 7.886 | 9,4 |
| 2006 | 110.00 | 79.055 | 36,72 | 11.363 | 10,3 |

Meðalvísitala verðlags 2006. Miðað við 6,8% hækkun verðlags milli áranna 2006 og 2007.

# Fíkniefnin burt

UMRÆÐAN
Vímuefnavandi



KARÍTAS GUÐMUNDSDÓTTIR

Oft var þörf en nú er nauðsyn að ráðast í aðgerðir til að hjálpa því unga fólki sem verður eiturlyfjum að bráð í þessu landi. Við látum það viðgangast að eitrið flæði yfir landið án þess að aðhafast neitt. Ég kalla það að aðhafast ekkert þegar örfáir tollverðir á Keflavíkurflugvelli eru að ná einu og einu burðardýri með nokkur grömm í fórum sínum. Jafnvel þótt nokkur kíló náist, er það afrek miðað við aðstæður þeirra til verksins. Yfirvöld skella allri ábyrgð á þessa menn en gera ekkert í að ná stóru skömmtunum sem koma í gámum fraktskipanna. Hvers vegna er það svo? Sagt er að kostnaður við að fá myndavél til að gegnumlýsa þessa gáma sé of mikill. Það er aumkunarvert að láta slíkt heyrast frá sér þegar við vitum hvað þessi eiturefni gera börnunum okkar ¿ við eigum að leggja allt í sölurnar fyrir þau.

Hér á Íslandi ætti þetta einmitt að vera auðveldara en í öðrum löndum þar sem lega landsins gerir aðföng erfiðari. Það er hægt að stemma stigu við flóði þessara eiturefna til landsins ef vilji er til þess. Hvers vegna eru skipin látin afskiptalaus? Gæti hugsast að okkar ágætu valdhafar ættu þar hagsmuna að gæta? Til þess að hreinsa sig af slíkum spurningum ættu þeir að festa kaup á umræddum myndavélum hið snarasta, hvað sem það kostar, fyrst ekki var hægt að gera það af mannúðarhvötum einum saman.

Ástandið er orðið skelfilegt. Þetta yndislega unga fólk, sem orðið er að fíklum, svífst einskis til að afla peninga fyrir næsta skammti, ræna fólk og berja, stela bílum og klessukeyra eftir ofsa-akstur o.s.frv. Yndislegu börnin okkar eru búin að margbrjóta lögin en þau þurfa ekki að afplána dóma því fangelsin eru yfirfull. Ekkert er til að brjóta þennan vítahring og halda þau því bara áfram að brjóta af sér. Þau eru látin afskiptalaus því lögreglan veit ekki hvað á að gera við þau. Gatan er þeirra dvalarstaður eða einhver skúmaskot og yfirgefin hreysi. Þau eru orðin óalandi og óferjandi! Eigum við að láta þetta viðgangast?

Þegar dómgreindin er horfin og fíknin hefur öll völd, er manneskjan ófær um að koma sér á rétta braut án aðstoðar. SÁÁ er eini staðurinn sem er tilbúinn að taka við fíklum þegar rofar til og þau vilja reyna að snúa á rétta braut þótt vitað sé af þeim möguleika að fíknin reki þau út aftur. Landspítalinn tekur bara við dauðvona fólki. Sú stofnun er svelt peningalega svo starfsfólki fækkar og þjónustan skorin niður æ meir, svo ekki er von á hjálp úr þeirri átt. Ríkið þarf líka að spara til að hægt sé að skila ríkissjóði í nokkurra milljarða plús. Og Reykjavíkurborg stendur sig ekki. Hvert fór milljarðurinn sem lofað var í forvarnir?

Ef ekki á illa að fara fyrir þessari þjóð, verður að taka á þessu máli strax, t.d. með því að setja á stofn nokkur lítil heimili með fagfólki til staðar til að annast þessi börn okkar og taka við þeim hvernig sem ástand þeirra er, jafnvel þótt það geti viðhaldið fíkninni. Við getum ekki látið þau frjósa í hel á götunni. Svona heimili gætu verið vísar í áttina til hjálpar út úr vímunni, en til þess að árangur náist í meðferðarmálum þegar lengra er litið, verða forvarnir að haldast í hendur við önnur úrræði, auk meiri tollgæslu. Þótt þessar aðgerðir kosti peninga, munu þær skila sér með tímanum þegar fíklum fer að fækka og afbrotin verða færri. Þá fara fjölskyldur fíklanna líka að rétta úr kútnum.

Ég skora á alla þá sem stefna á starf á næsta Alþingi Íslendinga að taka að sér þetta mál og minni þá á um leið að starfið er fólgið í vinnu fyrir alla þegna landsins ¿ einnig okkar minnstu bræður.

*Höfundur er bókari.*




Langar þig/ykkur að gera eitthvað nýtt, skemmtilegt og öðruvísi fyrir næsta tilefni ?

Hafið þá samband við Sigríði Klingenberg

Sími: 899-0889
www.klingenberg.is

“Taktu lífinu ekki of alvarlega, því þú kemst ekki lifandi frá því !”


## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Ómar og hvarfakútarnir

**Björgvin Arngrímsson, frambjóðandi Frjálslynda flokksins, skrifar um stjórnmál:**

Þá höfum við það ágætu landsmenn. Íslandshreyfingin vill og ætlar að færa Evrópusambandinu Ísland á silfurfati. Þetta kom fram í Kastljósþætti nú fyrir skömmu. Er þá allt tal Ómars og hans hvarfakúta um náttúruvernd bara sýndarmennska? Að ganga inn í Evrópusambandið án skilyrða eins og Íslandshreyfingin leggur upp með, afsölum við endanlega fullveldisréttinum. Þá höfum við ekkert um það að segja hvernig náttúruauðlindir landsins verða nýttar til lands og sjávar. Galopna fyrir kaup erlendra auðmanna á hlunnindajörðum. Skotveiði á mófugli eins og lóu og spóa verður leyfð. Allar ákvarðanir um þessi mál verða teknar í Brussel og fjarstýrt þaðan. Gömul embættisheiti munu e.t.v. fá endurnýjun lífdaga, eins og t. d. stiftamtmaður, amtmaður og konferensráð. Annað. Íslandshreyfingin virðist ekki gera sér grein fyrir hversu víða hátæknistörf eru unnin hér á landi. T.d. í orkugeiranum, áliðnaði, byggingariðnaði, matvælaiðnaði, í hönnun og framleiðslu á hátæknibúnaði, í rannsóknarstörfum og á sjúkrahúsum svo eitthvað sé neft. Sama má segja um áhangendur Vinstrihreyfingarinnar ¿ græns framboðs. Þessi tvö framboð lítilsvirða störf fólks í þessum atvinnugreinum í því offorsi sem nú er gengið fram í umhverfismálum. Stjórnarandstaðan ásamt Íslandshreyfingunni hafa tekið höndum saman um að einangra Frjálslynda flokkinn frá stjórnarsamstarfi, spyrða okkur við Sjálfstæðisflokkinn. Kannski verður þeim að ósk sinni og næsta ríkisstjórn verði stjórn Sjálfstæðisflokks og Frjálslynda flokks. Hver veit? Spyrjum að leikslokum. Áfram xF. Ný viðreisnarstjórn.



**LÆTUR STRÁKANA FINNA FYRIR ÞVÍ**
Ásta Mekkin Pálsdóttir æfir ólympíska hnefaleika.
HEILSA 2


# allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ


## ALLT HITT

**[ HEILSA ]**

**Alþjóðlegt** og norrænt mænuskaðaþing verður haldið á Íslandi 27. júní til 1. júlí. Þingið er á vegum Alþjóðlegu mænuskaðasamtakanna. www.lsh.is

**Eldri** konur sem borða rautt kjöt á hverjum degi gætu aukið hættuna á brjóstakrabba um 56 prósent. Frá þessu er greint í nýlegri breskri rannsókn sem sagt var frá á vefnum telegraph.co.uk.



**Mikið** hefur verið rætt um hvort olía sé hentug til steikingar. Lýðheilsustöð mælir með að nota jurtaolíu í staðinn fyrir smjörlíki, smjör eða aðra harða fitu við alla matargerð þar sem því verður við komið. Flestar jurtaolíur henti vel til pönnusteikinga þar sem þær þoli hita nokkuð vel.

**Líkamsþjálfun** dregur úr líkum á kvíða og þunglyndi samkvæmt rannsókn sem birt var í American Journal of Epidemiology. Þar var fylgst með miðaldra enskum karlmönnum í tíu ár og kom í ljós að þeir sem æfðu líkamsrækt reglulega voru síður í hættu á að þróa með sér þunglyndi eða kvíðaraskanir.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 17. apríl, 107. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5.50 | 13.27 | 21.07 |
| Akureyri | 5.27 | 13.12 | 20.59 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Félagarnir biðu spenntir eftir því að fyrstu próteinstykkin kæmu af færibandinu hjá Freyju. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Nammi fyrir hrausta

***Fitness-félagarnir Arnar Grant og Ívar Guðmundsson hófu nýlega framleiðslu á Hreysti-súkkulaði, próteinstykkjum, í samstarfi við Sælgætisgerðina Freyju.***

Ívar segir hugmyndina hafa komið upp síðastliðið sumar og þá hafi þeir félagarnir farið á fund hjá Sælgætisgerðinni Freyju. „Við þurftum ekki að fara neitt annað því þeir tóku svo vel í þetta hjá Freyju,“ segir Ívar og bætir við að stykkið hafi verið í prófun hjá sérfræðingum Freyju í sex mánuði. „Við höfum borðað heilmikið af vondum stykkjum á þessum tíma til að finna hvað væri best,“ segir Ívar hlæjandi. „Til þess að ná fram góðu stykki þurfum við að hafa gott og dýrt hráefni. Það er lykillinn að þessu.“ Félagarnir segja próteinsúkkulaði hafa verið á markaði hérlendis árum saman og þeim hafi fundist tími til kominn að framleiða alíslenskt súkkulaði af því tagi.

Arnar segir uppistöðuna verða að vera eftir réttri formúlu til að þetta geti kallast heilsustykki. „Við sendum ekkert frá okkur sem ekki er hægt að flokka undir heilsuvöru og stöndum veggbrattir með þessu stykki því það er 100 prósent hollt og gott,“ segir Arnar.

„Við seljum þetta ekki sjálfir en stöndum á bak við þetta enda er hugmyndin okkar, unnin með þeirra sérfræðingum,“ segir Ívar. Hann bætir við að aðeins ein bragðtegund sé framleidd núna en farið sé að huga að nýrri tegund og jafnvel alveg nýju stykki líka. „Við höfum fengið svo góð viðbrögð við þessu stykki og þurfum að huga að þessu strax þar sem ferlið er nokkuð langt. Við erum komnir með góðan grunn svo nú er bara að byggja ofan á það.“

Spurður hvort það sé stefnt á markaði erlendis segir Ívar: „Það hefur alveg komið upp á borðið í litlum fundarherbergjum að prófa að fara með það til Norðurlandanna. Freyja er að selja eitthvað út nú þegar og því allt í lagi að skoða það enda stenst stykkið fyllilega samanburðinn við erlend stykki að gæðum.“

*sigridurh@frettabladid.is*



Í verslun okkar í Ármúla 18 finnur þú fjölbreytt úrval vandraðra gólfefna. Að auki veitum við faglega rágjöf við val þeirra og lagningu.
Makalaust úrval gólfefna!
GÓLFEFNI TEPPALAND
ÁRMÚLA 18,108 REYKJAVÍK, SÍMI 515 9800
OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ 8-18

APRÍL
Kafbátur mánaðarins
Krabbabátur
...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða
6 tommu bátur
kr. 299
Gildir í apríl 2007
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjörnumáli
SUBWAY

Faxafeni • Esso Ártúnshöfða • Esso Borgartúni • Esso Hringbraut • Esso Reykjavíkurv. Hafnarfirði • Esso Mosfellsbæ
Dalbraut 1 Akranesi • Kringlunni • Smáralind • Austurstræti • Hamraborg Kópavogi • Hringbraut 121
Spönginni Grafarvogi • Kaupvangsstræti Akureyri • Hafnargötu Keflavík • Eyrarvegi 2 Selfossi



**Hlátur** eykur umhyggju fyrir hag annarra. Þetta kemur fram í nýlegri rannsókn og gæti reynst dýrmæt vitneskja fyrir góðgerðasamtök. www.persona.is.

# Lætur strákana finna fyrir því

***Ásta Mekkin Pálsdóttir æfir box hjá Hnefaleikafélagi Reykjavíkur.***



Ásta Mekkin Pálsdóttir hefur æft ólympíska hnefaleika í ár og lætur vel af. Hún segir box henta vel til að koma sér í gott form. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ásta Mekkin Pálsdóttir, starfsmaður Exista, skellti sér á námskeið í ólympískum hnefaleikum hjá Hnefaleikafélagi Reykjavíkur fyrir ári til að koma sér í gott form. Að öðru leyti var hún ekkert yfirmáta spennt fyrir boxi og það kom henni því talsvert á óvart hversu gaman reyndist vera á námskeiðinu.

„Ég hafði engan brennandi áhuga á boxi sem íþrótt,“ segir Ásta. „Það er í mesta lagi að ég hafi horft öðru hverju á leik í sjónvarpinu með pabba hér áður fyrr. Svo reyndist þetta bara svo skemmtilegt þegar á hólminn var komið að ég hef æft síðan.“

Ásta æfir ólympíska hnefaleika, sem er eina tegund hnefaleika sem leyfð er á Íslandi. Hver bardagi skiptist í þrjár tveggja til þriggja mínútna lotur. Þá er hlífðarbúnaður skylda og hanskarnir þyngri en í atvinnumannaboxi. „Ólympískir hnefaleikar eru öruggari en atvinnubox og markmiðið ekki endilega að gera út af við andstæðinginn til að skora stig,“ útskýrir Ásta. „Mikilvægt er að afla stiga fyrir tækni og líkamsburð.“

Að sögn Ástu skiptir meginmáli að byggja upp þol og styrk til að komast áfram. Búi menn ekki yfir hvoru tveggja er ólíklegt að þeir nái langt, jafnvel þótt tæknin sé góð.

„Þetta er hörkupúl og mikilvægt að æfa vel. Sjálf æfi ég að meðaltali þrisvar í viku, enda alveg nauðsynlegt til þess að geta tekist á við strákana. Kynin æfa nefnilega saman vegna þess hversu fáliðaðar konurnar eru. Það er ekkert mál. Bara verst hversu handleggjalangir strákarnir eru,“ segir hún og hlær.

*roald@frettabladid.is*


Næstu fyrirlestrar og námskeið

Heilsuvörumarkaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

**17. apríl Fitur og olíur í mataræði**
*Haraldur Magnússon osteopati*
**21. apríl Opin hláturjógatími**
*Ásta Valdimarsdóttir hláturjógakennari*
**25. apríl Heilbrigði og hamingja**
*Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi*
**05. maí Opin hláturjógatími**
*Ásta Valdimarsdóttir hláturjógakennari*
**09. maí Ævintýralíf**
*Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi*

Hrein lífræn jógúrt!




Hreina lífræna jógúrtin frá Biobú er framleidd **án sykurs**. Aðeins er notaður lífrænn hrásykur í öðrum jógúrt tegundum frá Biobú.
Bio•Bú
Biobu ehf. • Sími: 587 4500 • Netfang: biobu@biobu.is • www.biobu.is






Ertu þurr í augunum?
Þá er OXYAL fyrir þig!
Oxyal™ Augndropar
Vernda augun og eru rakagefandi. Við þurrki, þreytu og ertingu í augum. Hentar öllum, einnig fyrir þá sem nota linsur.
Fæst í apótekum



Við veitum faglega ráðgjöf
Í Jurtaapótekinu starfa tveir menntaðir grasalæknar, Kolbrún Björnsdóttir og Ásdís Ragna Einarsdóttir.
JURTA APOTEK
KOLBRÚN GRASALÆKNIR
Laugavegi 2 - 101 Reykjavík - Sími 552 1103 - www.jurtaapotek.is

Lyfjaval
APÓTEK
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD
BÍLAAPÓTEK
HÆÐASMÁRA 4
opið 10–23 alla daga

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



4 vikna vornámskeið hefst 23. apríl
**Upplagt til kynningar fyrir byrjendur.**
Innritun og upplýsingar í síma 561 5620.
www.schballett.is
BALLETTSKÓLI
Eddu Scheving
**Safnaðarheimili Háteigskirkju**
Háteigsvegi • Sími 552 5620
*Félag íslenskra listdansara*




Ertu með kvef?
Heilsuhornið
Póstsendum um land allt
Útsölustaðir: Yggdrasill, Fræið - Fjarðarkaup, Maður lifandi Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind - Hagkaup, Lyfjaval - Mjódd og Hæðarsmára, Nóatún Hafnarfirði, Krónan Mosfellsbæ, Heilsuhúsið Selfossi
s: 462 1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet/heilsuhorn




Flott í sumar
Ný tæki - Léttari greiðslur
SLENDERTONE FLEX 4.995.- kr. á mán í 3 mán .- Verð kr. 14.985.-
SLENDERTONE MAX 6.665.- kr. á mán í 3 mán. - Verð kr. 19.995.-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

STAFGANGA Í LAUGARDAL
Stafgöngunámskeið hefst 24. apríl n.k.
TÍMAR FYRIR BYRJENDUR: þriðjud- og fimmtudaga kl 17:30
TÍMAR FYRIR LENGRA KOMNA: þriðjud- og fimmtudaga kl 17:30
SKRÁNING OG NÁNARI UPPLÝSINGAR Á: www.stafganga.is
GUÐNÝ ARADÓTTIR * stafgönguþjálfi * sími 616 8595
JÓNA H. BJARNADÓTTIR * stafgönguþjálfi * sími 694 3571
STAFGANGA – áhrifarík leið til líkamsræktar

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# tíska&fegurð

ÞRIÐJUDAGUR 17. APRÍL 2007



**HÁTÍSKA**

Snillingurinn Galliano

**FYLGIHLUTIR**

Risastór sólgleraugu

**SUMARTÍSKA**

Diskóið snýr aftur

FRÉTTABLAÐIÐ


Glæsilegur sportfatnaður frá Hucke

póstsendum

verðlistinn við Laugalæk • sími 553 3755

## Á hvítum kjól

Hvítir kjólar eru ekki bara fyrir brúðina í sumar því hvítir kjólar eru í tísku. Mikið hefur borið á því að helstu glamúrgellur heimsins mæti á merkisatburði í hvítum kjól. Mestu skiptir að passa sig á tómatsósu og rauðvíni ef maður er á hvítum kjól í veislu því rauðu blettirnir eru mjög áberandi ef maður sullar niður á sig.
Þó hvítt gangi við allt þá þolir hvíti kjóllinn ekki of mikið af fylgihlutum því það dregur alla athygli frá honum. Best er að hafa fylgihluti bara í einum lit og hafa skartgripi gyllta eða silfurlitaða.



Sakleysið skín af Rachel Bilson í þessum kjól.



Emmy Rossum notar gyllta skó við þennan fallega kjól.



Eva Longoria fetar í fótspor stallsystra sinna og notar gyllta og hvíta litinn saman.



Hvítur kjólinn fer vel við dökkt hörund Rosario Dawson sem þarfnast engra fylgihluta. Henni nægir að brosa.

# Skart tekur flugið

●Ragnhildur Sif Reynisdóttir hefur opnað gagnvirka heimasíðu og hafið sölu á skartgripum í gegnum hana. Slóðin er jewlery.is

Létt yfirbragð einkennir skartið hennar Ragnhildar Sifjar og því hæfir hönnunin einstaklega vel nútímalegum verslunarháttum eins og netverslun er. Sjálf er hún nýflutt heim frá Bretlandi eftir framhaldsnám í hönnun og þar kveðst hún hafa kynnst kostum þess að kaupa vörur gegnum netið. „Við versluðum allt á netinu, sama hvað það var, bækur, sjónvarp, allt. Það er svo þægilegt að þurfa ekki að fara í búðirnar heldur fá vöruna senda heim í pósti og geta bara borgað með kortinu. Það hentar vel önnum köfnu nútímafólki,“ segir Ragnhildur Sif brosandi. Hún kveðst taka eftir því að vinkonur hennar hér heima séu að byrja að tileinka sér þetta fyrirkomulag.
Ragnhildur Sif ólst upp í gullsmíðafjölskyldu og ákvað ung að leggja fagið fyrir sig. Á sextán ára afmælisdaginn fór hún með föður sínum, Reyni Guðlaugssyni gullsmíðameistara, að skrifa undir samning. Nú hefur hún stofnað eigið fyrirtæki og er með vinnustofu heima. Skartið hennar er til sölu hjá fjölskyldufyrirtækinu Ernu í Skipholti 3 og hjá Gallery Kynnisferðum. Hún kveðst samt stefna að því að aðalverslunin verði á netinu enda séu þar myndir og góðar lýsingar á hverjum hlut. „Mér finnst spennandi að vita hvernig Íslendingar taka heimasíðunni minni,“ segir hún brosandi, „og hvort þeir geta hugsað sér að kaupa skartgripi gegnum hana.“ *gun@frettabladid.is*



Ragnhildur Sif er hlynnt því að versla á netinu og vonar að svo sé um fleiri.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Silfur og svartur steinn.



Silfur og silfur.




## Skvísan á ströndinni



Góð sólgleraugu frá Top Shop sem fara vel við nánast allt, en sérstaklega sólbrúnt hörund.

Fallegt bikiní og flottir fylgihlutir eru meðal þess sem hjálpar þér að skarta þínu fegursta á ströndinni í sumar. Njóttu þessa stutta sælutíma með því að slaka vel á og nostra við þig, því aðlaðandi og úthvíld er konan alltaf ánægð.
*- mhg*



Sætt og sexý bikiní úr Top Shop.





Túrkísblár sjór og túrkísblá taska frá Jane Norman. Fæst í Smáralind.




Brúnkukrem er algjör nauðsyn áður en farið er í bikiníið í fyrsta sinn, passaðu bara að hoppa ekki út í klórvatn því þá verðurðu flekkótt.



Pop Cherub. Æðisleg augnskuggaaskja úr málmi sem er einnig flottur fylgihlutur.

● **Útgáfufélag:** 365 - prentmiðlar, Skaftahlíð 25, 105 Reykjavík, sími: 550-5000 **Ritstjórar:** Kristín Eva Þórhallsdóttir kristineva@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is. **Auglýsingar:** Anna Elínborg Gunnarsdóttir, 550-5806, aeg@365.is **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is. **Forsíðumynd:** Nordic Photos/Getty Images. Af tískusýningu Galliano á tískuvikunni í París..




Full búð af flottum vörum

Daisy bolirnir komnir aftur

Þér er boðið!

VILA

CLOTHES

**Smáralind**

**Verslaðu á netinu www.bestseller.is**

# Fjólublátt ljós við barinn



● Við erum margar sem fögnum því að um þessar mundir leyfast allir tískustraumar og öllu má grauta saman svo lengi sem útkoman er kúl og töff eða elegant og lekker. Á diskótímabilinu voru margir góðir straumar í gangi og áhrif þess halda áfram að skjóta upp kollinum þótt mörg ár séu liðin frá því fjólubláa barljósið hvatti mannskapinn til að skekja rumpinn á dansgólfinu í Hollywood við Ármúla.



Diskó friskó og djúsí tískustraumar í öllum regnbogans litum eiga vel við þegar sól hækkar á lofti.

**1. Eva beit í eplið** og þá varð allt vitlaust. Top Shop 1.690.

**2. Sætir sumarsandalar** með hæl. 6.500 kr. Bianco Smáralind.

**3. Framtíðin svo björt** að það er best að nota sólgleraugu. 2.790 Top Shop.

**4. Ógó sætt** veski úr Retró fyrir glossið, tyggjóið og retturnar sem þú reykir bara á djamminu. 3.990 kr.

**5. Litrík armbönd** úr Top Shop sem fara vel við næstum allt. 649 kr stykkið.

**6. Sætur bolur/kjóll** frá Vero Moda á 3.990 kr. Eitt af því besta við diskótímabilið var litadýrðin sem öllu réði, hvort sem er í fatnaði, förðun eða innanstokksmunum.
















## Raquel Welch andlit MAC

MAC hefur fengið leikkonuna fögru, Raquel Welch, til að vera andlit snyrtivörumerkisins ársins 2007. Förðunarlína hefur verið sett á markað í kjölfarið sem dregur sérstaklega fram seiðandi fegurð leikkonunnar. Hugmyndin bak við útlitið er að ná fram ímynd hinnar sterku og villtu leikkonu, sem þykir fáguð, seiðandi og framandi. Snyrtivörurnar bera allar heiti sem vísa til leikkonunnar eins og augnskuggaaskja sem heitir Sultress eyes, eða ástríðufull augu, og varagloss sem heitir einfaldlega Raquel. Lokið á glossinu er með tígrisdýramunstri sem einkennir vörurnar í Raquel Welch-línunni, en leikkonan gengur mjög oft í fatnaði með tígrisdýra- eða hlébarðamynstri.



**Tígrisdýramunstrið einkennir förðunarlínuna sem tileinkuð er tískugyðjunni Raquel Welch.**



**Raquel Welch þykir ein af fallegri konum sem Hollywood hefur getið af sér.**

**●SUMARTÖSKURNAR** eiga að vera léttar, ljósar eða litríkar. Mestu skiptir þó að hafa þær vel stórar. Með stóra tösku á öxlinni er hægt að geyma nánast allt það sem manni finnst nauðsynlegt að hafa við höndina og nota töskuna við öll tækifæri, hvort sem leiðin liggur í sund eða í búðarráp. Þessi taska fæst í Retro í Smáralind og kostar 4.995 kr.




Tökum upp nýjar
vörur vikulega
Ekki missa af!
VERO MODA®
Smáralind og Kringlunni
Verslaðu á netinu www.bestseller.is



Galliano, sem sést hér fyrir miðju í gulum jakka, var hylltur að sýningu lokinni.



Fötin, hárið, förðunin og sviðsmynd Michael Howells. Allt lagðist þetta á eitt um að gera kvöldið ógleymanlegt fyrir áhorfendur.

# Takmarkið að draga á tálar

● Nýjasta sýning Johns Galliano sló í gegn eins og von er og vísa af hálfu hönnuðarins.



Galliano fékk nokkra snillinga til liðs við sig við uppsetningu sýningarinnar, meðal annars Pat McGrath sem annaðist förðun og Julien d'Y sem sá um hárið.



Einn gagnrýnenda sagði að Galliano hefði náð að lýsa þeirri siðferðislegu hnignun sem ríkti í upphafi 20. aldar.



Gotnesk áhrif voru líka áberandi á sýningunni.

Breski tískuhönnuðurinn John Galliano (f. 1969) lét eitt sinn hafa eftir sér, að takmark hans væri að draga almenning á tálar með hönnun sinni. Óhætt er að segja að honum hafi tekist ætlunarverkið á tískuvikunni í París, þegar hann skapaði ýkta og leikræna útgáfu af frönsku götulífi á öndverðri 20. öld.

Fyrirsætur birtust sýningargestum klæddar sem hefðarfólk, bændur, sjóliðar, portkonur og annar lýður og minntu helst á sögupersónur úr leikriti. Ekki dró sviðsmyndin úr leikrænum áhrifunum: leiktjöld, blómakransar, uppstoppað hreindýr og svart-hvítar myndir á sýningartjaldi eins og draugar aftan úr grárri forneskju.

Sumir eru á því að fatnaðurinn skírskoti í hönnun Gallianos sjálfs frá byrjun níunda áratugarins, þegar hann gat sér fyrst góðs orðstírs í París. Þá vakti hann athygli fyrir línuna Les Incroyables sem var undir áhrifum frönsku byltingarinnar og jafnframt útskriftarverkefni hann frá St. Martin's School of Arts. Tískusýningin þykir því marka ákveðið afturhvarf hjá Galliano um leið og hún er ágætis kynning fyrir þá sem ekki þekkja þennan snilling. *- rve*



Svart-hvítum myndum var brugðið á sýningartjald, til að ýta undir kynngimögnuð áhrifin.



Hönnuðurinn bjó til persónu handa hverri fyrirsætu.


# Hundagallerí

Smáhundarækt



Við ræktum: Papillon, Chihuahua, Pomeranian, Japanese Chin, Pug, French bulldog, Cavalier King Charles, Spaniel, Miniature Pinscher, Miniature Púðli, Pekingese, Silky Terrier

Dalsmynni *116 Reykjavík, Sími:566-8417 Fax:5668457 hundagalleri@simnet.is, www.dalsmynni.is


Vorið er komið
MC PLANET
MCPLANET · AUSTURHRAUNI 3 · 210 GARÐABÆ · SÍMI 533 3805



1



2



3



4

# Ííhaaaaa!

● Eitt af því sem er að koma nýtt inn í sumartískuna er einhvers konar kántrí-stíll sem inniheldur köflóttar skyrtur, toppa, kjóla og töskur í anda kúrekastelpna. Jafnt er hægt að finna hversdagslegan klæðnað í kántrístílnum sem fínni fatnað svo það verður spennandi að sjá kúrekastelpurnar vappa um í köflóttu í sumar.



5



6





7

**1. Peysa** með áföstum köflóttum skyrtukraga og ermum frá Debenhams í Smáralind. Verð: 4.690 kr. Gallahnébuxur frá Debenhams í Smáralind. Verð: 4.990 kr.

**2. Fallega bleikköflótt skyrta** úr Debenhams með stórum erni aftan á. Verð: 8.990 kr.

**3. Bolur** með áfastri skyrtu undir, úr Debenhams í Smáralind. Verð: 6.990 kr.

**4. Sumarlegur og sætur** kántríkjóll úr Retro í Smáralind. Verð: 14.900 kr.

**5. Köflótt** taska úr Top Shop í Smáralind. Verð: 3.490 kr.

**6. Rauðköflóttur** hlýralaus toppur úr Vero Moda í Smáralind. Verð: 1.990 kr.

**7. Gallataska** úr Top Shop í Smáralind sem fer vel við kántríútlitið. Verð: 4.490 kr.

BYLTING Í SVEFNLAUSNUM
BETRI HVÍLD, DÝPRI SVEFN OG MEIRI VELLÍÐAN.

FRÍ LEGUGREINING OG FAGLEG RÁÐGJÖF

Rúmgott er leiðandi í þróun og framleiðslu á heilsudýnum og rúmbotnum undir vörumerkinu EZ-sleep á Íslandi. Við höfum yfir að ráða fullkomnum tækjabúnaði til að mæla þrýstijöfnun á líkama hvers einstaklings sem gerir okkur kleift að framleiða svæðaskiptar heilsudýnur sniðnar að viðkomandi.

20-65% AFSLÁTTUR





55 ÁRA
Húsgagnavinnustofa RH

Rúm Gott

Verslunin Rúmgott · Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 - laugardaga kl. 11-16

www.rumgott.is

# FYRIR HANN & HANA



GALLABUXNADAGAR

17-24 APRIL,

**20 % AFSLÁTTUR**

AF ÖLLUM GALLABUXUM

FRÁ LEE & WRANGLER

EINNIG

**20 % AFSLÁTTUR**

AF BOLUM OG SKYRTUM

FRÁ LEE & WRANGLER

Respekt
tískuvara

Firði • Fjarðargötu 13-15 • S:5333931

ÖNNUR FRÁBÆR TILBOÐ Í GANGI SEM VERT ER AÐ SKOÐA

# Full búð af nýjum vörum







SKUNKFUNK - LEE- WRANGLER
SARA KEIR DESIGN- ZENTO SKART & TÖSKUR
REPEAT DK. - VIA-VAI SKÓR VÆNTANLEGIR

ALLT FYRIR LÍKAMANN OG ANDLIT ÚR DAUÐAHAFINU

OROBLU - ERMAR- LEGGINGS - HAUSKÚPUKLÚTAR - ARAFAT SLÆÐUR OG MARGT FLEIRA

BRAZILIAN TAN BRÚNKUKREM

LOVE LINE KREMIN
- MAXIM SVITASTOPPARINN SEM ER AÐ SLÁ Í GEGN Á ÍSLANDI



Respekt mens women | Respekt women | Respekt mens

Respekt
tískuvara

Firði, 2. hæð • Sími 533 3931









Mikið úrval af brjóstagjafa- og meðgönguundirfatnaði í mörgum litum

Móðurást

Hamraborg 7 Kópavogi Sími 564 1451
www.modurast.is



Leikkonan Michelle Rodriguez mætti með stór sólgleraugu á nefinu í strandpartí Vogue í Miami nýlega.



Ofurfyrirsætan Gisele Bündchen er ekki hrædd við að hylja hluta fegurðar sinnar með áberandi sólgleraugum.

# Stórt skal það vera

Stórstjörnur Hollywood vita hvað snýr upp og hvað niður í tískunni. Ef marka má þessar myndir verða stór sólgleraugu áfram málið í sumar. Því stærri, því betri virðist mottóið vera og allt í lagi þótt gleraugun taki yfir stóran hluta andlits viðkomandi. Þótt sólarglætan sé sjaldséð hér á landi er ekkert sem bannar að fólk gangi með smart sólgleraugu kvölds og morgna.



Victoria Beckham veit hvað er í tísku og gengur hér stolt með sólgleraugu sem taka yfir stóran hluta andlitsins.



Paris Hilton skartaði þessum stóru gleraugum með blárri umgjörð á tískusýningu 2 B Free.






# Þín ákvörðun, þín leið, þitt Nicorette



- Mjúkt að innan
- Stökkt yfirborð
- Frískandi bragð
- Gómsæt blanda af ávöxtum og myntu
- Bragð sem kemur á óvart




KORTER.IS

# 25%

afsláttur af Fruitmint

www.nicorette.is

Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.** Handhafi markaðsleyfis: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.




# Ilmurinn,

sem gefur þér eintóma gleði og byggir á brosmerkinu fræga

FOLD
FASTEIGNASALA

**Viðar Böðvarsson**
viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali

Þjónustusími sölumanna eftir lokun **694 1401**

Laugavegi 170, 2. hæð • Opið virka daga kl. 9:00-17:00 Sími 552 1400 • Fax 552 1405 • www.fold.is • fold@fold.is

# Traust fasteignaviðskipti!

**Fold-fasteignasala er rótgróin fasteignasala í eigu og undir stjórn Viðars Böðvarsson viðskiptafræðings sem hefur starfað sem löggiltur fasteignasali í 27 ár.**

**Höfum kaupendur að eftirtöldum eignum.**
**Í mörgum tilfellum er boðið upp á staðgreiðslu eða langa afhendingu.**

## Einbýli

- Einbýli Vesturbær - Seltjarnarnes verð 80 - 200 millj.
- Einbýli Ásahverfi Garðabær verð 50 - 150 millj.
- Einbýli Grafarvogur verð 60 - 100 millj.
- Einbýli Kópavogur verð 40 - 70 millj.
- Einbýli Fossvogur verð 80 - 15 millj.
- Einbýli Árbær 50 - 80 millj.
- Einbýli Flatir Garðabæ 5 herbergi 60 - 100 millj.
- Einbýli Hlíðum 104 Rvk 60 - 100 millj.

Frum

## Raðhús, parhús

- Rað- parhús Linda eða Smárahverfi 201 Kópavogur verð 40 - 70 millj.
- Rað- parhús Seljahverfi eða Stekkir 109 Reykjavík verð 40 - 60 millj.
- Rað- parhús Fossvogur 108 Reykjavík verð 45 - 75 millj.

## 2ja - 5 herbergja og hæðir

- Sérhæð Melar eða Hagar 107 Rvk verð 35 - 55 millj.
- 3-4 herb. Heimar / Vogar 104 Rvk verð 18 - 27 millj.
- Lyftublokk 120-150 fm. Svæði 101-105 verð 30 - 60 millj.
- 3-4 herb. Bakkar / Fell verð 15 - 25 millj.
- 2ja herb. Hlíðar, Miðborg eða Vesturbæ verð 12 - 20 millj.
- 2ja herb. Fellum eða Bökkum verð 11 - 15 millj.
- 4 herb. með bílskúr í Mosfellsbæ.
- 5 herb. 101 -110. Gott aðgengi. Verð 22 - 35 millj.

## Atvinnuhúsnæði

- 100 - 200 fm. Verslunarhúsnæði svæði 101-108. Verð 20 - 40 millj.
- 100 - 400 fm. Skrifstofuhúsnæði í Austurborginni.
- 300 - 500 fm. Lagerhúsnæði 4 m lofthæð og innkeyrsluhurð.
- 50 - 100 fm. Iðnaðarhúsnæði ýmsar staðsetningar. Verð 10 - 25.

**HAFÐU SAMBAND OG VIÐ SKOÐUM SAMDÆGURS**
**VERÐLEGGJUM EIGNIR YKKUR AÐ KOSTNAÐARLAUSU**

**Sjáðu www.fold.is - eða hafðu samband í síma 552 1400 eða 694 1401**

# Verið velkomin

## í glænýja sælkeraverslun okkar að Tjarnarvöllum 15, Hafnarfirði.

Í tilefni opnunarinnar munu matreiðslumeistarar okkar gefa að smakka á ýmsum kjöt- og fiskréttum beint af Weber grilli.

weber

www.weber.is



Ljúffengar BBQ lambalundir



*Við leggjum mikinn metnað í að bjóða þér aðeins uppá fyrsta flokks hráefni og tilbúna rétti. Einnig bjóðum við uppá úrval af sósum og öðru gæða meðlæti.*





Verslanir Gallerí Kjöts og Fiskisögu á höfuðborgarsvæðinu

Fiskisaga

Ævintýralegar fiskbúðir

GALLERÍ KJÖT

Í kjöti erum við bestir

Tjarnarvellir 15
Búðakór 1
Hamraborg 14a
Skipholti 70
Höfðabakka 1
Nesvegi 100
Sundlaugavegi 12
Háaleitisbraut 58–60

Tjarnarvellir 15
Búðakór 1
Grensásvegi 48

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 7.827 **+1,14%** **Fjöldi viðskipta:** 473 **Velta:** 20.083 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Kaupþing** | 2,25% | **Actavis** | 1,27% |
| **Exista** | 1,68% | **Atorka** | 0,72% |
| **FL Group** | 1,34% | **Eimskipafélagið** | 0,58% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,53 +0,00% ... Actavis 77,50 -1,27% ... Alfesca 4,74 -0,42% ... Atlantic Petroleum 690,00 +0,00% ... Atorka 6,90 -0,72% ... Bakkavör 69,30 +1,02% ... Eimskipafélagið 34,10 -0,58% ... FL Group 30,20 +1,34% ... Glitnir 27,00 +0,37% ... Kaupþing 1.091 +2,25% ... Landsbankinn 34,00 +1,19% ... Marel 73,00 +0,55% ... Mosaic Fashions 16,70 +0,60% ... Straumur-Burðarás 21,00 +0,48% ... Össur 127,00 +1,20%

**viðskipti**
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Verðbólga mælist 5,3 prósent

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,6 prósent á milli mánaða í apríl og jafngildir það því að verðbólga síðastliðna tólf mánuði lækkar úr 5,9 prósentum í 5,3 prósent, samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands.

Í verðbólgutölunum munar mestu um kostnað vegna eigin húsnæðis sem jókst um 2,5 prósent á milli mánaða en helsta ástæðan liggur í hærra markaðsvirði. Þá hækkaði verð á fatnaði og skóm um 5,5 prósent þar sem áhrifa af útsölum gætir ekki lengur. Á móti lækkaði verð á mat- og drykkjarvörum um 0,9 prósent og koma þar fram áhrif af niðurfellingu vörugjalds af nokkrum flokkum matvæla.

Greiningardeildir bankanna spáðu hækkun vísitölunnar upp á 0,4 til 0,6 prósent en sögðu verð á fasteignum, bensíni og olíu ásamt verðhækkunum á fatnaði og skóm mestu óvissuþættina.

Verðlækkun hjá veitingahúsum vegna lækkunar virðisaukaskatts var hins vegar hverfandi ólíkt því sem deildirnar spáðu.

Greiningardeildirnar eru sammála um að tólf mánaða verðbólga muni halda áfram að lækka næstu mánuði og verði komin í námunda við verðbólgumarkmið Seðlabankans í haust. Greiningardeild Kaupþings setur hins vegar þann fyrirvara við spá sína að óvíst sé hvort markmiði Seðlabankans verði náð á þessu ári. **- jab**



**NÝBYGGINGAR** Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,6 prósent á milli mánaða í apríl. Mestu munar um hærra markaðsverð fasteigna og verðhækkanir á fatnaði og skóm. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

# Vinnslustöðin yfirtekin

Tólf hluthöfum í Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum sem fara með 50,4 prósent hlutafjár er skylt að gera öðrum hluthöfum Vinnslustöðvarinnar yfirtökutilboð í fyrirtækið á næstu fjórum vikum samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti. Tilboðið verður gert á genginu 4,6 krónur á hlut.



**Í VINNSLUSTÖÐINNI**

Í tilkynningu frá Kauphöllinni segir að yfirtökutilboðið verði lagt fram eftir aðalfund Vinnslustöðvarinnar 4. maí næstkomandi.

Að yfirtökunni afstaðinni munu kaupendur óska eftir því að hlutabréf Vinnslustöðvarinnar verði afskráð af aðallista Kauphallar Íslands. Við það hverfur síðasta sjávarútvegsfélagið af aðallistanum. **- jab**



**MERKI GOOGLE** Netfyrirtækið Google reiðir fram 207 milljarða króna fyrir netauglýsingafyrirtækið Doubleclick.

# Google kaupir Doubleclick

Bandaríska netleitarfyrirtækið Google hefur samið um kaup á netauglýsingafyrirtækinu Doubleclick fyrir 3,1 milljarð Bandaríkjadala, jafnvirði 203,7 milljarða íslenskra króna.

Gengið var frá kaupunum síðasta föstudag en þau eru umfangsmestu fyrirtækjakaup Google til þessa, um tvöfalt stærri en kaupin á netveitunni YouTube síðasta haust. Nokkur samkeppni var um Doubleclick en hugbúnaðarrisinn Microsoft, netfyrirtækið Yahoo og afþreyingarrisinn Time Warner munu allir hafa verið að íhuga að leggja fram tilboð í fyrirtækið.

Breska blaðið The Independent bendir á að margir greinendur á Wall Street í Bandaríkjunum hafi lyft brúnum yfir kaupverðinu því það jafngildi rúmlega 60-földum rekstrarhagnaði Doubleclick. **- jab**

# Glitnir boðar hluthafafund

Ný stjórn Glitnis banka verður kosin á hluthafafundi 30. þessa mánaðar.

Stjórn Glitnis tók í gærmorgun ákvörðun um að boða til fundarins, en hann fer fram í höfuðstöðvum Glitnis.

Fundurinn hefst klukkan þrjú síðdegis. Stjórnarkjör er eina málið á dagskrá, en til fundarins er boðað eftir breytingar í eigendahópi bankans. **- óká**



**Þjóðargjöfin 2007.**
Samstarfsverkefni Félags íslenskra bókaútgefenda,
bóksala og Glitnis til eflingar bóklesturs á Íslandi.



# Í dag fá íslensk heimili 110 milljónir króna sendar heim.

**Kaupum bækur fyrir þær allar!**

# Notaðu þína ávísun!




Þú getur notað eina ávísun fyrir hverjar 3.000 kr. sem þú verð til bókakaupa.
Af **12.000 kr.** bók færðu **4.000 kr. afslátt.** Sæktu fleiri ávísanir í næsta útibú Glitnis!

# Hvaða bók langar þig í?

Þegar þú kaupir bækur frá íslenskum útgefendum fyrir að lágmarki 3.000 kr. skaltu nota þína ávísun sem 1.000 kr. afslátt af bókakaupunum.

**Framseldu ávísunina þína!**
Þú gætir unnið bankabók frá Glitni með **10.000 kr. innstæðu!**

**Þjóðargjöfin** er samstarfsverkefni bókaútgefenda, bókabúða og annarra bóksala auk Glitnis. Í **Viku bókarinnar** fá öll heimili á landinu senda ávísun á bókakaup. Markmiðið er að efla lestur barna og ungs fólks á Íslandi og benda á að bóklestur er ekki aðeins einstök skemmtun, heldur einnig mikilvæg leið til að auka skilning á samhengi, efla málþroska, veita innsýn í flókin málefni og styrkja vald á tjáningu.

Ávísunin gildir í bókabúðum og völdum stórmörkuðum sem selja bækur þegar keyptar eru bækur útgefnar á Íslandi fyrir a.m.k. 3.000 krónur. **Ávísunin gildir dagana 17. apríl – 7. maí 2007.**

GLITNIR

DAGUR BÓKARINNAR 23. APRÍL 2007 WORLD BOOK DAY

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

DYNAMO REYKJAVÍK



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Davíð Þórðarson**

frá Siglufirði, Tunguheiði 14, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Vífilsstöðum fimmtudaginn 12. apríl. Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 20. apríl kl. 13.

**Lísbet Sigurðardóttir**
**Sigrún Davíðsdóttir** **Haukur Helgason**
**Guðmundur Davíðsson**
**Þórunn Hulda Davíðsdóttir** **Ómar Wieth**
**Ólöf Sigríður Davíðsdóttir** **Erlingur Ólafsson**
**Svana Lísa Davíðsdóttir** **Andrés F. Gíslason**
**Þórður Davíð Davíðsson** **Ragnheiður Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**SÉRA JAKOB ÁGÚST HJÁLMARSSON ER SEXTUGUR Í DAG**

*„Ég hef verið svo gæfusamur að hafa haft heilsu, ástvini mína í kringum mig heilsugóða líka og starf sem er sannkallað áhugamál auk þess að vera vel metið. Ég er því mikill hamingjumaður og er afar þakklátur Guði fyrir það. En ég veit líka að af þeim sem er mikið gefið, er líka mikils krafist.“*

***Dómkirkjuprestur er íhugull á afmælisdögum sínum.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 17. APRÍL 1961

## *Innrásin í Svínaflóa*



Þennan dag árið 1961 réðust kúbverskir útlagar inn í Svínaflóa á Kúbu. Útlagarnir höfðu hlotið þjálfun og fjármagn hjá bandarísku leyniþjónustunni og áttu að steypa Fidel Castro af stóli. Innrásin misheppnaðist algjörlega. Castro hafði verið bandarískum ráðamönnum þyrnir í augum frá því að hann náði völdum á Kúbu árið 1959. Hann hafði þjóðnýtt bandarísk fyrirtæki og rak mikinn áróður gegn áhrifum Bandaríkjamanna á eyjunni.

Árið 1960 ákvað Dwight D. Eisenhower Bandaríkjaforseti að bandaríska leyniþjónustan skyldi þjálfa lítinn her kúbanskra útlaga til að skipuleggja innrás á Kúbu. John F. Kennedy erfði áætlunina þegar hann varð forseti árið 1961. Hann gaf grænt ljós á árásina þótt hernaðarráðgjafar hans bentu á að léttvopnað herlið mætti sín lítils í slíkri innrás. Hinn 17. apríl óðu um 1.200 útlagar á land í Svínaflóa. Vonir stóðu til að þeir myndu fylla aðra Kúbverja eldmóði, þeir myndu rísa gegn Castró og steypa honum af stóli.

Útlagaherinn beið afhroð um leið og hann gekk á land. Kúbverski herinn felldi um hundrað útlaga og handtók 1.100. Ekkert varð af uppreisninni sem vonast var eftir.



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,*

**Unnur Runólfsdóttir**

Kambaseli 85,

lést á Landakotsspítala fimmtudaginn 12. apríl. Jarðarförin fer fram frá Seljakirkju, mánudaginn 23. apríl, kl. 15.

**Birna Valgeirsdóttir** **Rúnar G. Guðjónsson**
**Víðir Valgeirsson**
**Guðrún Valgeirsdóttir** **Ásgeir Sigurðsson**
**Auður Valgeirsdóttir** **Sigurgeir Þráinn Jónsson**
**Stefanía Runólfsdóttir**
**Sigurður Runólfsson**
**Aðalheiður Runólfsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

EYÞÓR INGI GUNNLAUGSSON: SIGRAÐI Í SÖNGKEPPNI FRAMHALDSSKÓLANNA

# Ætla að nýta þetta tækifæri

„Ég hef sungið síðan ég byrjaði að tala og hef alltaf ætlað að vera leikari eða söngvari,“ segir Eyþór Ingi Gunnlaugsson, nemandi í Verkmenntaskólanum á Akureyri, sem sigraði í Söngkeppni framhaldsskólanna sem haldin var á Akureyri á laugardagskvöldið.

Með Eyþóri Inga á sviðinu var kærastan hans Unnur Birna Björnsdóttir sem spilaði á hljómborð. „Við höfum verið að spila mikið saman og höfðum nóg að gera yfir páskana,“ segir Eyþór Ingi sem hefur ekki lært söng. „Ég hef ekki lært söng en þegar ég tók þátt í uppfærslu VMA og Menntaskólans á Akureyri á Jesus Christ Superstar lærði ég ýmislegt. Erla Þórhallsdóttir sem stjórnaði uppfærslunni gaf mér mörg ráð og ég græddi heilmikið á því að taka þátt í sýningunni,“ segir Eyþór Ingi. Hann vonast til að geta lifað á tónlistinni í framtíðinni og ætlar sér því að nýta þetta tækifæri eins vel og hann getur.

Eyþór er á öðru ári á listnámsbraut í VMA en þetta er í fyrsta skiptið sem hann tekur þátt í keppninni. Árangurinn kom honum ánægjulega á óvart. „Þarna var hellingur af góðu söngfólki og margir þeirra sem ekki komust í efstu sætin fannst mér frábærir söngvarar. Ég bjóst ekki við að vinna því kvöldið áður var ég niðurbrotinn heima með kærustunni því ég var kominn með hálsbólgu. Ég verð aldrei veikur og að þetta þurfti að gerast þarna fannst mér ömurlegt og ég hélt að þetta væri búið. Ég drakk hins vegar helling af tei og þagði þangað til keppnin hófst og þetta tókst vel.“

**indiana@frettabladid.is**



**EYÞÓR INGI** Sigurvegari Söngkeppni framhaldsskólanna ætlaði sér að verða söngvari eða leikari þegar hann var lítill. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Brynhildur Skeggjadóttir**

Safamýri 48,

lést að morgni fimmtudagsins 12. apríl á Landspítalanum í Fossvogi. Útförin fer fram frá Grensáskirkju, miðvikudaginn 18. apríl kl. 15. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Kvenfélag Grensássóknar, bankareikningur nr. 525-26-3672 kt. 440292-2329.

**Sigrún Benediktsdóttir** **Gísli Einarsson**
**Lilja Benediktsdóttir** **Sigurður Vilbergsson**
**Benedikt Benediktsson** **Þórný A. Kristjánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Alúðarþakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Sigrúnar Sigurðardóttur**

Ásbjarnarstöðum á Vatnsnesi.

Innilegar þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunarinnar á Hvammstanga fyrir góða umönnun.

**Þórdís, Sigríður, Steinunn, Loftur, Kristín og Guðrún Guðjónsbörn og fjölskyldur.**



*Elskuleg móðir mín, amma okkar, langamma og langalangamma,*

**Sigurbjörg Sóley Böðvarsdóttir**

frá Happastöðum, síðast til heimilis að Hraunbúðum, Dvalarheimili aldraðra í Vestmannaeyjum,

sem lést 11. apríl sl. verður jarðsungin frá Landakirkju fimmtudaginn 19. apríl kl. 11.00.

**Guðlaug Sigríður Gunnarsdóttir**
**Ásdís Hansen** **Annfinn Hansen**
**Marta Jónsdóttir** **Gústaf Ó. Guðmundsson**
**Sigurbjörg Jónsdóttir** **Gunnar Þór Friðriksson**
**Valgarð Jónsson** **Ólöf Eirný Gunnarsdóttir**
**Sigurbjörn S. Kjartansson** **Wichuda Buddeekham**
**Jóhann Bjarni Kjartansson**
**langömmubörn og langalangömmubörn.**



*Hugheilar þakkir færum við öllum þeim sem sýnt hafa hlýhug og samúð við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og bróður,*

**Torfa B. Tómassonar**

stórkaupmanns, Tjarnarbóli 10, Seltjarnarnesi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki blóðskilunardeildar og deildar 13E á Landspítalanum fyrir einstaka umönnun og nærveru.

**Anna Ingvarsdóttir**
**Sigríður María Torfadóttir** **Arinbjörn V. Clausen**
**Tómas Torfason** **Karen Bjarnhéðinsdóttir**
**Anna Marsý, Rakel, Jens Pétur, Torfi**
**Ásthildur Tómasdóttir Gunnarsson.**



*Ástvinur okkar,*

**Svavar Guðmundsson**

frá Odda á Seltjarnarnesi,

lést hinn 13. apríl síðastliðinn á heimili sínu að Seljahlíð. Útförin verður auglýst síðar.

**Fyrir hönd vina og vandamanna.**

**Þorgerður Sigurjónsdóttir.**


**Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför**



Sverrir Einarsson Hermann Jónasson Geir Harðarson Bryndís Valbjarnardóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is

Vaktsími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt

Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar


## 50 ára afmæli



Í dag, 17. apríl, er fimmtug

**Guðrún Björg Ketilsdóttir**

ferðamálafræðingur og sjúkraliði, Holtsbúð 61, Garðabæ. Sú gamla er ásamt eiginmanni sínum á siglingu í Karíbahafinu um þessar mundir í einskærri veðurblíðu og mun lyfta glösum á eyjunni St. Thomas á milli kl. 14 og 16 í tilefni dagsins.

**PENINGAMARKAÐSSJÓÐURINN**

# 15,3% ávöxtun

Markmið Peningamarkaðssjóðsins er að skila jafnri ávöxtun með fjárfestingum í skammtímaverðbréfum. Aðallega er fjárfest í innlánum, skuldabréfum og víxlum skráðum í Kauphöll Íslands. Meðaltími sjóðsins er mjög stuttur, innan við ár og því er ekki að vænta mikilla sveiflna á gengi sjóðsins. Peningamarkaðssjóðurinn skilaði 15,3% nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 3. janúar–2. apríl 2007.

Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma **575 4400**
eða kíktu á vefsíðuna okkar **www.vsp.is**.

**Engin kaup- eða söluþóknun**

Peningamarkaðssjóðurinn er rekinn af Rekstrarfélagi Sparisjóðanna hf. Verðbréfaþjónusta Sparisjóðanna hf. er vörsluaðili sjóðsins. Peningamarkaðssjóðurinn er fjárfestingarsjóður sem starfar skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er m.a. fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Frekari upplýsingar um sjóðinn má finna í útboðslýsingu og útdrætti útboðslýsingar sem hægt er að nálgast á **www.vsp.is.**

SPARISJÓÐURINN

Fíton/SÍA




## STUÐ MILLI STRÍÐA: Flísin í auganu

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** HÆTTIR AÐ BERJA HAUSNUM VIÐ STEININN



Ég hef fordóma; fordóma gagnvart vitlausu fólki. Sem talar heimskulega og um leiðinlega hluti. En telur sig engu að síður hafa vit á öllu, gjammar út í eitt og fyllir veröldina af innantómu blaðri. Ég hef fordóma gagnvart kirkjunni. Sem telur á sig hallað í öllu en getur ekki stigið fram og sagt hvað henni finnst um hitt og þetta. Ýtir hlutunum á undan sér af því að hún er hrædd við afstöðu sína. Af því að kirkjan eigi að vera opin öllu fólki. En þegar minnihlutahóparnir vilja ganga inn er þeim meinaður aðgangur. Sagt að kirkjan sé vissulega fyrir alla en ekki þá.

Fordómar mínir ganga líka yfir annað trúað fólk. Til dæmis múslima sem varla mega heyra eitt styggðarorð um trúna sína án þess að tryllast, byrja að brenna fána og þaðan af verra. Ég hef fordóma gagnvart íbúunum í 101. Fólkinu sem heldur að það sé ekkert líf fyrir utan miðborgina. En friðar síðan samviskuna og fer yfir helgi til Ísafjarðar. Eins og þegar við hin heimsækjum fjarskylda ættingja eða fjölskyldumeðlim á sjúkrahúsi. Bara af því að okkur rennur blóðið til skyldunnar.

Ég þoli ekki stjórnmálamenn. Hvaða stjórnmálaflokkur hefur einhvern tímann tapað fylgi eða kosningum? Allir vinna og engin tapar í pólítík. Er Alþingi hús fyrir íþróttamenn á ólympíuleikunum og þetta er bara spurning um að vera með? Að ekki sé talað um íþróttamenn og þá sem liggja uppi í sófa, gólandi yfir kappleikjum sem fram fara í Bretlandi. Sumir láta meira að segja tilleiðast, klæðast búningi og syngja jafnvel með á bar. Klappa þegar einhver skorar. Öskra á dómarann í sjónvarpi og saka hann um óheilindi.

Fyrst og fremst þoli ég þó ekki mína eigin fordóma og skal vera fyrstur til að viðurkenna þá alla. Enda fer fátt meira í taugarnar á mér en fólk sem segist ekki hafa fordóma fyrir neinu en fussar og sveiar yfir minnsta tilefni.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott







# Hey!

**Spænir og hör** færðu
í Húsasmiðjunni Ögurhvarfi*
ásamt úrvali af öðrum vörum fyrir hestamanninn

* Hestavörur fást einnig í völdum verslunum um land allt

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

# Sumargjafir
## í úrvali



Wader sandsett
m/knuffie bíl
499 kr



Wader sandsett
m/knuffie bíl
399 kr




Skóflur
Verð frá
49 kr



Götukrítar
Verð frá
149 kr



Skófla eða hrífa
m/70cm álskafti
399 kr/stk



SUPERTRUCK

Supertruck
vörubíll
2.999 kr/stk



Kengúrubolti verð frá
799 kr



Fótboltar verð frá
1999 kr



Kickoff fótboltapjálfi
799 kr




JD Bug Hlaupahjól
m/dempurum
6.999 kr




JD Bug hlaupahjól
m/stórum dekkjum
4.999 kr




XXT hlaupahjól
m/ABEL5 legum
2.999 kr

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Öndvegi

HÚSGAGNAVERSLUN

**VIÐ LOKUM Á MORGUN!** ÞAR SEM VIÐ ERU

# ÞAÐ

# EÐA

# ALD

# 2 dagar eftir!

# AF RÝMINGAR-SÖLUNNI

Grafiska smiðjan ehf. 04-07

www.ondvegi.is, ondvegi@ondvegi.is

UM AÐ FLYTJA VERSLUNINA ERU NÚ SÍÐUSTU FORVÖÐ AÐ GERA GÓÐ KAUP!

# ER NÚ

# REI!

# 30-70%

# AFSLÁTTUR!

**ÖNDVEGI HÚSGAGNAVERSLUN, SÍÐUMÚLA 20,** SÍMI 568 8799 - **OPIÐ: VIRKA DAGA 10-18.**

# Nýtt hlutverk með hlaðvarpi?

Mun bætt tækni breyta hlutverki Ríkisútvarpsins? Útvarpsmaðurinn Ævar Kjartansson veltir fyrir sér sagnamiðlun og menningarhlutverkum í erindi sínu á vegum Sagnfræðingafélags Íslands í dag.

Ævar segir að Ríkisútvarpið hafi frá upphafi tekið menningarhlutverk sitt alvarlega hvað varðar miðlun sögulegs efnis en líkt og systurstöðvar þess í Evrópu hefur Ríkisútvarpið miðlað frásögnum og skráð sögu með fréttaflutningi sínum, viðtölum og annarri dagskrárgerð. „Það fer fram ákveðin skrásetning í því að miðla efni en hin raunverulega skrásetning, sem felst í því að hægt sé að ganga í efnið aftur, hefur aftur á móti verið dálítið brotakennd,“ segir Ævar og áréttar að það hafi ekki verið fyrr en eftir 1950 að farið var að hljóðrita útsent efni RÚV. Sem dæmi um „hreina“ skrásetningu nefnir Ævar hlutverk Ríkisútvarpsins í samhengi við íslenska tónlistarsögu. „Þar hefur hlutur stofnunarinnar verið mjög mikill enda er langöflugasta tónlistarsafn tuttugustu aldarinnar til á vegum útvarpsins.“

Ævar bendir á að til þessa hafi fremur verið litið á skrásetninguna sem felst í hljóðritun dagskrárefnisins sem geymslu fyrir efni sem stofnunin hyggist nýta síðar fremur en eiginlegt safn í opinberum skilningi. Því sé þetta efni fremur óaðgengilegt almenningi, þó svo að hægt sé að leita til RÚV og fá að hlusta á upptökur, til dæmis á gömul segulbönd, sé það ákveðnum vandkvæðum bundið og enn fremur dýrt að fá afrit af efninu.



**ÆVAR KJARTANSSON ÚTVARPSMAÐUR** Vonast til þess að dagskrárefni Ríkisútvarpsins og segulbandasafn þess verði gert aðgengilegt almenningi með bættri tölvutækni. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Í erindi sínu í dag veltir Ævar því fyrir sér hvort hin nýja tækni sem kennd er við „podcast“ muni breyta þessu hlutverki RÚV. Ævar kallar fyrrgreinda tækni „hlaðvarp“ og en í henni felst sá möguleiki að hver sem er geti tekið upp eða útbúið hljóðskrá sem hægt er að vista og/eða spila hvar og hvenær sem er í gegnum netið. Ríkisútvarpið hefur þegar stigið fyrstu skrefin í þessari þróun og er hægt að nálgast valið efni úr dagskrá Rásar 1 á heimasíðu stofnunarinnar, hlaða því niður á tölvu og spila það í mp3-spilurum.

„Spurningin er hvort það fáist fjármagn til þess að setja hljóðritasafn Ríkisútvarpsins á netið og gera það þannig að alvörusafni fyrir almenning þar sem hver sem er getur valið sér efni til hlustunar,“ segir Ævar. Útvarpsstöðvar um allan heim standi nú í sömu sporum þar sem þessi nýja tækni muni hugsanlega breyta hlutverki þeirra til muna.

„Ég vona að það finnist fjármunir til þess að vinna þá vinnu sem nauðsynleg er til að koma þessu merkilega efni og þessum heimildum fyrir eyru almennings,“ segir Ævar bjartsýnn. „Enn fremur lít ég ekki á útvarp sem dauðan hund sem er bara til á safni heldur vona ég líka að það verði til fjármunir, áhugi og metnaður til þess að halda áfram að búa til útvarpsefni á íslensku. Það er mjög mikilvægt.“

Erindi sitt flytur Ævar í Þjóðminjasafninu við Suðurgötu í hádeginu í dag. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

kristrun@frettabladid.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

14 15 16 **17** 18 19 20

**Þriðjudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 **Sinfóníuhljómsveit unga fólksins** heldur tónleika í **Langholtskirkju**. Hljómsveitin leikur þrjá ungverska dansa eftir **Jóhannes Brahms** og tvær rapsódíur í þjóðlegum stíl fyrir fiðlu og hljómsveit eftir **Béla Bartók**. **Helga Þóra Björgvinsdóttir** leikur einleik á fiðlu með hljómsveitinni. Stjórnandi á tónleikunum er **Gunnsteinn Ólafsson**.

☐ 20.00 **Sesselja Kristjánsdóttir** mezzósópran heldur tónleika á vegum **TÍBRÁR-tónleikaraðarinnar í Salnum**. Meðleikari er **Guðríður St. Sigurðardóttir**. Á efnisskránni eru spænsk og frönsk sönglög eftir de Falla, Delibes og Ravel auk kabarettsöngva eftir Bolcom, Hollander, Spoliansky og Kurt Weill.

### FYRIRLESTRAR

☐ 12.15 **Bergþóra Guðnadóttir** flytur fyrirlestur um eigin hönnun og hugmyndafræðina á bakvið vörumerkið **Farmers Market** á vegum **Opna Listaháskólans**. Erindi sitt flytur Bergþóra í stofu 113 í LHÍ í Skipholti.

### MÁLÞING

☐ 20.30 Málþing í **Áskirkju** um málefni eldri borgara. Yfirskrift fræðslufundarins er **Húmar að kveldi, lifðu lífinu lifandi**. Framsögumenn verða **Guðrún Jónsdóttir**, deildarstjóri félagsstarfs í Gerðubergi og **Guðrún Nielsen** íþróttakennari. **Helgi Seljan** flytur pistil og **Sigurður Jónsson** sóknarprestur verður með innlegg. Fundarstjóri er **Þórir Guðbergsson** og **Vinabandið** leikur í upphafi fundar.

ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Vesturport Borgarleikhúsið
Í samstarfi við Vesturport
21. apríl Uppselt
21. apríl Uppselt
28. apríl Uppselt
29. apríl Uppselt
3. maí laus sæti
6. maí laus sæti
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is



CAMERATA DRAMMATICA
Tónleikar 28. apríl kl. 20 – Barokktónlist eftir Händel, Corelli o. fl.
Einsöngvarar: Ágúst Ólafsson og Marta Guðrún Halldórsdóttir — Miðaverð kr. 2.500
SÖNGVARABALL
30. apríl kl. 20 – Veislustjóri: Davíð Ólafsson
Sardas-strengjasveitin, Stórsveit Suðurnesja, „Tenórinn“ o. fl. góðir gestir — Miðaverð kr. 3.000
TILFINNINGASÚPA Í HÁDEGINU - þrið. 17. apríl kl.12.15
Sigríður Aðalsteinsdóttir, mezzósópran og Helga Bryndís Magnúsdóttir, píanó.
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
GRETTIR

SÍÐAN SKEIN SÓL
20 ára afmælistónleikar
Mið 18/4 kl. 20 UPPS. Mið 18/4 kl. 22:30
Miðaverð 3.900

VILTU FINNA MILLJÓN?
Fim 3/5 kl. 20 Síðasta sýning

EILÍF HAMINGJA
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Í kvöld kl. 20 Fim 19/4 kl. 20
Þri 24/4 kl. 20 Mið 25/4 kl. 20

LADDI 6-TUGUR
Fim 19/4 kl. 14 UPPS. Fim 19/4 kl. 17 UPPS.
Fim 19/4 kl. 21 UPPS. Fös 27/4 kl. 20 UPPS.
Fös 27/4 kl. 22:30 UPPS. Fös 4/5 kl. 20 UPPS.
Fös 4/5 kl. 22:30 UPPS. Lau 5/5 kl. 14
Fim 10/5 kl. 22:30 Þri 29/5 kl. 20 UPPS.
Mið 30/5 kl. 20 UPPS. Lau 2/6 kl. 20
Lau 2/6 kl. 22:30

SÖNGLEIKURINN ÁST
Í samstarfi við Vesturport
Fös 20/4 kl. 20 UPPS. Lau 21/4 kl.20 UPPS.
Sun 22/4 kl.20 UPPS. Mið 25/4 kl.20 UPPS.
Lau 28/4 kl. 20 UPPS. Sun 29/4 kl. UPPS.
Fim 3/5kl.20 UPPS. Sun 6/5 kl. 20
Fim 10/5 kl. 20 Fös 11/5 kl. 20
Lau 12/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 20

SAN FRANCISCO BALLETTINN
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20 UPPS.
Fös 18/5 kl. 20 UPPS. Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 UPPS. Sun 20/5 kl. 14 UPPS.
Sun 20/5 kl. 20 UPPS.

DAGUR VONAR
Mið 18/4 kl. 20 UPPS. Fim 19/4 kl. 20 UPPS.
Fim 26/4 kl. 20 UPPS. Fös 27/4 kl. 20 UPPS.
Fös 4/5 kl. 20 UPPS. Mið 16/5 kl. 20
Fim 17/5 kl. 20 Fös 18/5 kl. 20

SÖNGLEIKURINN GRETTIR
Fös 20/4 kl. 20 FORS.UPPS.
Lau 21/4 kl. 20 FORS. MIÐAVERÐ 1.500
Sun 22/4 kl. 20 FRUMSÝNING UPPS.
Lau 28/4 kl. 20 2.sýning Gul kort
Sun 29/4 kl. 20 3.sýning Rauð kort
Lau 5/5 kl. 20 4.sýning Græn kort
Sun 6/5 kl. 20 5.sýning Blá kort
Fös 11/5 kl. 20

KILLER JOE
Í samstarfi við leikhúsið Skámána
Fös 20/4 kl. 20 Lau 21/4 kl. 20
Síðustu sýningar í vor

KARÍUS OG BAKTUS
Sun 22/4 kl. 13,14, 15 UPPS.
Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 6/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 13/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 20/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Einleikur Eddu Björgvins
Í kvöld kl. 20 AUKAS.
Mið 2/5 kl. 20 AUKAS.

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ




Stóra sviðið kl. 20:00
SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun. 22/4 kl. 14:00 örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00 örfá sæti laus, sun. 29/4 kl. 14:00 nokkur sæti laus.
Síðustu sýningar!
LEG - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Fim. 19/4 nokkur sæti laus, fös. 20/4 örfá sæti laus, lau. 21/4 nokkur sæti laus, fim. 26/4, fös. 27/4 uppselt, lau. 28/4, fös. 4/5, lau. 5/5.
Ath. nemendaafsláttinn og hópafsláttinn. Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti.
CYMBELINE eftir Shakespeare - Cheek By Jowl í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík.
Þri. 15/5 örfá sæti laus, mið. 16/5, fim. 17/5 örfá sæti laus, fös. 18/5.
Smíðaverkstæðið kl. 20:00
Hálsfesti Helenu eftir Carole Fréchette.
Lau. 21/4 örfá sæti laus, fös. 27/4, lau. 5/5. Umræður eftir sýningu með Jóhönnu Kristjánsdóttur 21/4 og Sveini Rúnari Haukssyni 27/4 og 5/5.
Kassinn
HJÓNABANDSGLÆPIR eftir Eric-Emmanuel Schmitt.
Frumsýning mið. 18/4 uppselt, fim. 19/4 uppselt, fös. 20/4 uppselt, lau. 21/4 örfá sæti laus, fim. 26/4 uppselt, fös. 27/4 uppselt, lau. 28/4 örfá sæti laus, sun. 29/4 örfá sæti laus, fim. 3/5 uppselt, fös. 4/5 örfá sæti laus, lau. 5/5 örfá sæti laus, sun. 6/5 örfá sæti laus. sun. 13/5 örfá sæti laus, fös. 18/5.
Kúlan
MJALLHVÍT Brúðusýning Helgu Arnalds.
Fim. 19/4 kl. 15:00, lau. 21/4 kl. 15:00, sun. 22/4 kl. 15:00.
Þjóðleikhúskjallarinn
LJÓTU HÁLFVITARNIR - Ein skemmtilegasta hljómsveit landsins!
Lau. 21/4 kl. 22:00. Miðasala við innganginn. Miðaverð kr. 1.500,-
LEIKFÉLAGIÐ HUGLEIKUR - Þetta mánaðarlega
Sun. 22/4 og fim. 26/4. Sýning hefst kl. 21:00. Miðaverð kr. 1.000,-
Afgreiðslan er opin frá kl. 12:30 til kl. 18:00
á mánudögum og þriðjudögum. Aðra daga frá kl. 12:30 til 20:00.
Miðasölusími 551-1200. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.
Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is
Leikhúsbloggið er á www.leikhusid.blog.is Fylgist með!

ABBABABB!
eftir Dr. Gunna
FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!
Sun 22. apríl kl. 14.00 örfá sæti laus
Sun 29. apríl kl. 14.00 laus sæti
Sun 29. apríl kl. 17.00 laus sæti
Sun. 6. maí kl. 14.00
Leikhópurinn Á senunni & HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðasala í síma 555 2222
eða á www.midi.is
www.abbababb.is



EILÍF HAMINGJA
Fyrsta íslenska millistjórnendadramað



SÝNT Í BORGARLEIKHÚSINU
★★★★ Fyndin hugmynd útfærð á frumlegan hátt með frábærum leikurum. Fréttablaðið
TILBOÐ 2 FYRIR 1
Viðskiptavinir Glitnis fá tvo miða á verði eins ef greitt er með greiðslukorti Glitnis.
GLITNIR
FJÁRHAGSLEG VELGENGNI ÞÍN ER OKKAR VERKEFNI

Draumalandið
eftir Andra Snæ Magnason
21. apr lau 9 sýning kl 20
26. apr fim 10 sýning kl 20
27. apr fös 11 sýning kl 20
28. apr lau 12 sýning kl 20
Örfáar sýningar eftir
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Strandgata 50, Hafnarfirði. Miðasala í síma 555 2222 og á www.midi.is

Viðburðir Landnámsseturs í apríl
mið 18. apríl kl.20
Mr.Skallagrímsson uppselt
fi 19. apríl kl. 20 Mýramaðurinn Laus sæti
fö 20. apríl kl. 20 Mr Skallagrímsson uppselt
lau 21. apríl kl. 20 KK og Einar Laus sæti
su 22. apríl kl. 16
Mr. Skallagrímsson uppselt
má 23. apríl kl. 20
Brúðuleikhús Turak - ókeypis aðgangur
fö 27. apríl kl. 20
Mr. Skallagrímsson uppselt
lau.28.apríl kl 16 aukasýning
Mr.Skallagrímsson uppselt
lau. 28. apríl kl. 20
Mr. Skallagrímsson uppselt
su. 29 aprríl kl. 16 aukasýning
Mr. Skallagrímsson uppselt
su 29. apríl kl. 20 KK og Einar Laus sæti
LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS
Nánanari upplýsíngar um sýningar í maí á www.landnamssetur.is
Miðapantanir í síma 437 1600




Fákafeni 9 | 533-1118 | www.einusinnivar.is

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# Fórnar kaffihúsinu fyrir konuna og vinnuna

„Þetta er nú bara þannig að kaffihúsið var farið að koma upp á milli mín, konunnar og vinnunnar á Landspítalanum,“ segir Kristinn T. Haraldsson, betur þekktur sem Kiddi Rót. En hann leitar nú tilboða í Café Kidda Rót. Annaðhvort í reksturinn eða bara í staðinn sjálfan. „Konan hefur ekki fengið frí síðan á aðfangadag og ég er ekki tilbúinn til að hætta á Landspítalanum enda sennilega einn fárra ríkisstarfsmanna sem elskar vinnuna sína,“ bætir Kiddi við. „Það er því ekki eins og staðurinn sé að fara á hausinn eða neitt þannig heldur var þetta bara orðið of mikið fyrir okkur. Við vorum eiginlega bara farin að sjá hvort annað ýmist við grillið, í uppvaskinu eða sofandi uppi í rúmi,“ segir Kiddi.



**KIDDI RÓT** Stóð frammi fyrir því að hella sér út í veitingarekstur af fullum krafti og sjá á eftir vinnunni á Landspítalanum.

Café Kidda Rót hefur verið í mikilli uppsveiflu síðan það var opnað í Hveragerði. Kristinn segir þau hjónin búast við því að aðsóknin eigi enn eftir að aukast. „Við höfum verið að fá fyrirtæki í mat til okkar og svo er nú sumarið að koma með tilheyrandi ferðalögum og túristum,“ segir Kiddi sem átti þó allt eins von á því að standa við grillið í sumar.

Aðspurður hvað svona staður kynni að kosta svaraði Kiddi: „Ég er bara að leita eftir tilboðum en eins og alþjóð veit er ég sanngjarn maður.“ - fgg




**CAFÉ KIDDA RÓT** Stöðugur uppgangur hefur verið á veitingastaðnum síðan hann opnaði og fannst Kidda hreinlega nóg komið af hinu góða.



**HAMINGJUSÖM** Simon Cowell og Terri Seymour eru ánægð saman en deila um barneignir. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Deila um barneignir

Simon Cowell og unnusta hans, Terri Seymour, eru ekki sammála um framtíð sína. Terri, sem er fyrirsæta, vill eignast börn með sjónvarpsstjörnunni alræmdu en hann hefur engan áhuga á því að verða faðir. „Það vita allir að hann vill hvorki ganga í hjónaband né eignast börn. Hjónaband er ekkert lykilatriði fyrir mig en ég vil klárlega eignast börn. Við ræðum þetta samt ekki neitt,“ segir Terri.



**GIRNIST K-FED?** Lindsay Lohan ku hafa sóst eftir stefnumótinu sem hún og Kevin Federline sáust á um páskahelgina. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Í slagtogi við Federline

Lindsay Lohan og Kevin Federline sáust saman á því sem slúðurblöðin ytra telja hafa verið stefnumót. Til leikkonunnar og fyrrverandi eiginmanns Britney Spears sást á barnum á Raffles-hótelinu í Los Angeles um páskahelgina. Parið yfirgaf barinn hvort í sínum bílnum, sem óku sömu leið frá hótelinu. Samkvæmt National Enquirer var það Lohan sem sóttist eftir stefnumótinu.

Í janúar mun Federline hafa farið á fjörurnar við leikkonuna, en hún vísað honum aftur til síns heima. National Enquirer segir nú að það hafi verið vegna þess að Lohan hafi ekki viljað gera vinkonu sína, Britney nokkra Spears, öfundsjúka.

# Breska þjóðin í öngum sínum eftir sambandsslit Vilhjálms prins

**Það er engum blöðum um það að fletta að stærsta fréttin í Bretlandi um helgina voru sambandsslit Kate Middleton og Vilhjálms prins. The Sun greindi fyrst allra frá því á laugardaginn. Breska pressan fór síðan hamförum í gær þar sem hvert og eitt einasta blað var með sína útgáfu af ástarsorginni.**



**KVENSAMUR** Vilhjálmur þykir vera duglegur að horfa í kringum sig og á víst erfitt með að segja nei við konur.

Þótt forsætisráðherra Breta, Tony Blair, hafi biðlað til bresku pressunnar að láta parið unga í friði létu blöðin gamminn geisa í gær. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær hélt News of the World því fram að hirðin hefði sett Vilhjálmi stólinn fyrir dyrnar og sagt að hún hefði ekki efni á „annarri Díönu“. The Sun greinir frá því að Kate og Vilhjálmur hafi ákveðið að slíta sambandinu í miklu táraflóði eftir skíðaferð í svissnesku Ölpunum. „Kate var aldrei sátt við að Vilhjálmur væri að bjóða stelpum í heimsókn til sín eftir næturbrölt. Og Vilhjálmur var ekki reiðubúinn til að fórna því frelsi sem hann fær í herþjónustunni,“ sagði náinn vinur parsins sem tók þó skýrt fram að Kate og Vilhjálmur yrðu áfram nánir vinir.

Þessi saga The Sun kemur ekki heim og saman við það sem Mirror heldur fram. Þar er sagt frá því að Vilhjálmur hafi notast við farsíma og hætt með kærustunni sinni í gegnum síma eftir að þau gerðu sér grein fyrir því að sambandið stæði höllum fæti eftir stutt páskafrí. „Ég sá Kate taka símann út í bíl á miðvikudaginn og það var alveg greinilegt að þetta var Vilhjálmur,“ sagði samstarfsmaður Kate. Hann segir jafnframt að stúlkan hafi ráfað um bílastæðahúsið,



**MIDDLETON** Missir eitthvað af þeim friðindum sem hún hefur haft meðan á sambandi hennar og Vilhjálms stóð. Meðal annars bílnum sem hún hefur haft til umráða.

augljóslega í miklu áfalli eftir að henni varð ljóst að fjögurra ára samband hennar við væntanlegan kóng Bretlands var farið í vaskinn. Blaðið tekur undir sögusagnir The Sun um að Vilhjálmur hafi viljað meira svigrúm áður en hann tækist á við konunglegar skyldur sínar. Kate hafi hins vegar verið reiðubúin til að ganga inn kirkjugólfið.

Og þótt ástæður The Sun og The Mirror fyrir sambandsslitunum séu nokkuð keimlíkar kemur The Daily Star með nýtt atriði í þennan mikla fjölmiðlasirkus sem skapaðist í kringum Vilhjálm og Kate. Þar er haft eftir nánum vinum að almúga-bakgrunnur Kate hafi skipt sköpum og það að móðir hennar hafi verið flugfreyja hafi farið ákaflega illa í hirðina. Vinir Vilhjálms hafi meðal annars gert óspart grín að flugfreyju-bakgrunninum og ekki síst hvernig Kate talaði.

Daily Mail slær síðan botninn í umfjöllunina. Blaðið heldur því fram að Vilhjálmur hafi svarið sig í ættina því hann hafi átt í ástarsambandi við ekki bara eina stúlku heldur tvær á meðan Kate barðist fyrir að halda ástarævintýrinu gangandi. Vilhjálmi hafi tekist með herkjum að halda nöfnum þeirra leyndum en viðaðra þeirra hefur sambandið staðið yfir í fjóra mánuði. Þar er jafnframt greint frá því að Vilhjálmur sé þekktur á börum Lundúnaborgar fyrir sitt flöktandi auga en Middleton hafi alltaf vitað af því. Það hafi jafnvel verið hluti af samningnum um að þau væru saman.




**ÁFALL** Búist hafði verið við því að Vilhjálmur og Kate myndu ganga í það heilaga á komandi árum. Nú eru þau plön farin út um þúfur.


2 fyrir 1 í bíó




Námufélagar fá tvo miða á verði eins í Smárabíó, Regnboganum, Borgarbíó Akureyri og Laugarásbíó mánudaga til fimmtudaga gegn framvísun Námukortsins.

Tilboðið gildir ekki í lúxussal né á íslenskar myndir.

Landsbankinn

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


20%
AF ÖLLUM GALLABUXUM
Laugavegi
Mörkinni
Grafarvogi
Kópavogi
Hafnarfirði
Keflavík
Selfossi
GALLABUXNADAGAR
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
ZIKZAK JEANS

## > Þrír æfa með Blackburn

Þremur leikmönnum þriðja flokks KA hefur verið boðið að æfa með enska úrvalsdeildarfélaginu Blackburn í lok mánaðarins. Þetta eru þeir Andri Fannar Stefánsson, Jóhann Ingólfsson og Haukar Heiðar Hauksson en þeir eru allir á sextánda ári. Þriðji flokkur KA tók þátt í æfingamóti í Blackpool á Englandi fyrr í mánuðinum og bar A-liðið sigur úr býtum á mótinu.

**sport**
sport@frettabladid.is

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

### *Iceland Express deild karla*

| | |
|---|---|
| KR-NJARÐVÍK | 83-81 |

**Stig KR**: Jeremiah Sola 24 (15 frák.), Pálmi Freyr Sigurgeirsson 17, Tyson Patterson 11 (11 stoðs., Brynjar Þór Björnsson 9, Baldur Ólafsson 5, Fannar Ólafsson 4, Skarphéðinn Freyr Ingason 4.
**Stig Njarðvíkur**: Igor Beljanski 29 (19 frák.), Jóhann Árni Ólafsson 15, Brenton Birmingham 13, Jeb Ivey 10, Friðrik Stefánssopn 7, Egill Jónasson 7.

### *Norska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| BRANN-STRÖMSGODSET | 3-1 |

**Kristján Örn Sigurðsson** og **Ólafur Örn Bjarnason** voru í byrjunarliði Brann. **Ármann Smári Björnsson** var á varamannabekk Brann.

### *Sænska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| DJURGÅRDEN-HALMSTAD | 2-0 |

**Sölvi Geir Ottesen** kom inn á sem varamaður.

| | |
|---|---|
| HELSINGBORG-GEFLE | 3-1 |

**Ólafur Ingi Skúlason** kom inn á sem varamaður.

| | |
|---|---|
| MALMÖ-GAIS | 1-0 |

**Jóhann B. Guðmundsson** lék allan leikinn fyrir GAIS.

# KR meistari eftir karaktersigur

**KR-ingar unnu upp tíu stiga forskot Njarðvíkinga í fjórða leikhluta og unnu þriðja leikinn í röð eftir að hafa verið undir nánast allan leikinn. Enn einn karaktersigurinn hjá KR og Íslandsmeistaratitillinn er þeirra.**

**KÖRFUBOLTI** KR eru Íslandsmeistarar karla í körfubolta í tíunda skiptið eftir 83-81 sigur á Njarðvíkingum í framlengdum fjórða leik lokaúrslita Iceland Express deild karla í DHL-höllinni í gær. KR-ingar unnu einvígið þar með 3-1 og tryggði sér titilinn í fyrsta sinn í sjö ár. KR-ingar lentu mest tíu stigum undir í fjórða leikhluta en enn á ný sýndi liðið ótrúlegan sigurkarakter á ögurstundu, kom leiknum í framlengingu þar sem þeir lönduðu sigrunum og þar með titlinum.

Jóhann Árni Ólafsson fékk tækifæri til þess að koma leiknum í aðra framlengingu en skot hans geigaði og gríðarlegur fögnuður braust út í troðfullri DHL-höll þeirra KR-inga.

Nú var Jeremiah Sola klár í slaginn frá fyrstu mínútu og það breytti því ekki að hann kom sterkur upp í lokin og tryggði KR-ingum framlengingu með því að skora fjögur síðustu stig venjulegs leiktíma þar á meðal jöfnunarkörfuna þegar innan við sekúnda var eftir.



**ÓTRÚLEGIR STUÐNINGSMENN** Stuðningsmenn KR voru ómetanlegir í úrslitakeppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR, hafði hvílt Edmond Azemi á bekknum síðustu 14 mínútur venjulegs leiktíma og hann kom með ferska fætur inn í framlenginguna og skoraði 7 af 10 stigum KR-inga í henni.

Alveg eins og þegar titillinn kom í hús fyrir sjö árum, þá komu KR-ingar mörgum á óvart, lentu 0-1 undir í úrslitaeinvíginu en unnu síðan þrjá leiki í röð og fögnuðu titlinum. Úrslitakeppni liðsins í ár var hins vegar hver endurkoman á fætur annarri, þeir lentu undir í öllum einvígunum þremur og þurftu tvisvar að fara á útivöll með bakið upp að vegg.

Njarðvíkingar reyndu að klippa Tyson Patterson út úr leiknum en hann var besti leikmaður úrslitakeppninnar, spilaði fyrir liðsheildina og endaði leikinn með 11 stig og 11 stoðsendingar.

Fannar Ólafsson lenti í villuvandræðum og spilaði ekki mikið fyrstu 32 mínúturnar en hann kláraði síðustu 13 mínútur leiksins með fjórar villur á bakinu og það reyndist dýrmætt.

Brenton Birmingham og Jeb Ivey áttu erfitt uppdráttar gegn grimmri vörn KR-inga og nýttu aðeins 6 af 27 skotum sínum sem var eitthvað sem liðið mátti ekki við. Igor Beljanski hélt liðinu á floti 29 stigum og 19 fráköstum en það vantaði framlög frá fleirum.

„Þetta var svakalegur leikur gegn svakalegu liði. Við urðum að spila vörn og höfum sýnt í kvöld og síðustu leikjum að við erum með langbesta varnarliðið í deildinni,“ sagði himinlifandi fyrirliði KR, Fannar Ólafsson.



**BIKARINN Á LOFT** Fannar Ólafsson, fyrirliði KR, lyftir Íslandsmeistarabikarnum á loft eftir sigur á deildameisturum Njarðvíkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

„Við klárum leiki. Það þýðir ekki að vera yfir framan af og síðan gefa eftir. Við komum alltaf upp á réttum tíma. Þetta er í þriðja skipti sem ég verð meistari og þetta er langsætasti titillinn. Þetta er langbesti klúbburinn sem ég hef verið hjá og hér er hugsað ótrúlega vel um allt og alla. Það er svona umgjörð sem elur af sér




Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR, eftir leik:

## Bikarinn kominn heim

**KÖRFUBOLTI** Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR, sneri á heimaslóðir síðasta sumar eftir gott starf með Fjölni og hann skilar Íslandsmeistaratitli á sínu fyrsta ári með KR-liðið.

„Maður setti sér markmið þegar maður kom hingað, að byggja upp gott lið og kannski ná dollu á næsta ári. Þetta er búið að ganga ótrúlega vel og það skiptir máli að halda útlendingunum sem hafa verið burðarásar. Svo er mikil samstaða hér. Baldur og Steinar komu til baka og allir lögðust á eitt. Nú er bikarinn kominn í KR-heimilið þar sem hann á heima,“ sagði Benedikt kampakátur að vonum.

„Það er rosalegur karakter í þessu liði og það er ekki hægt að tala um að þetta sé einhver grís enda í sjötta skipti sem eitthvað sem við gerum þetta. Við vorum alltaf rólegir og vissum að við gætum tekið þetta í restina sem við og gerðum.“

Einar Árni Jóhannsson, þjálfari Njarðvíkur, var að vonum svekktur enda var Njarðvík yfirburðalið í vetur og þótti sigurstranglegri aðilinn í liðinu.



**KANARNIR** Tyson Patterson hefur góðar gætur á Jeb Ivey. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Það verður að segjast alveg eins og er að þetta er hrikalegt svekkelsi. Mér fannst við spila nógu vel til að eiga skilið að vinna þennan leik. Þetta var einhver rosalegasti kappleikur síðari tíma og það er grátlegt að hafa tapað honum,“ sagði Einar Árni en hvað vill hann segja um KR-liðið?

„Þetta er flott lið með frábærum þjálfara. Þeir eru búnir að sýna mátt sinn í þessari úrslitakeppni, komið ávallt til baka og ég get ekki annað en hrósað þeim.“

\- hbg

Guðmundur Guðmundsson, þjálfari Fram:

## Hættir að þjálfa Fram

**HANDBOLTI** Guðmundur Guðmundsson mun hætta að þjálfa handboltalið Fram í lok tímabilsins. Þetta staðfesti hann í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Ég er að taka mér alfarið frí frá þjálfun þar sem ég er að hefja nýtt og krefjandi starf hjá Kaupþingi banka. Það er ekki hægt að samræma það starf með handboltanum og þess vegna hætti ég. Það hefur ekkert með handboltann að gera, gengið í vetur eða neitt þess háttar,“ sagði Guðmundur sem gerði Fram að Íslandsmeisturum í fyrra. Liðið er í þriðja sæti deildarinnar.

Hann er einnig aðstoðarþjálfari Alfreðs Gíslasonar í landsliðinu og mun halda áfram sem slíkur fram yfir landsleikina gegn Serbum í júní.

Guðmundur er enn með samning við Fram en ætlar að nýta sér uppsagnarákvæði í lok tímabilsins. „Þetta er allt gert í fullri sátt við félagið,“ sagði hann.

Hann mun stýra Fram gegn ÍR í lokaumferð deildarinnar og svo í deildabikarkeppninni.

\- esá


NOKIA
6300
NOKIA
NOKIA
Connecting People
Tímalaus
hönnun.
Nýr og þunnur Nokia 6300
MP3-spilari og FM-útvarp • 2.0 Megapixla myndavél • Bluetooth þráðlaus tenging
Copyright © 2007 Nokia.

## MORGAN FREEMAN

Morgan fæddist í Tennessee árið 1937. Faðir hans var rakari og móðir hans ræstidama. Morgan þreytti frumraun sína í leiklist þegar hann var átta ára en þá lék hann aðalhlutverkið í skólaleikriti. Tólf ára vann hann leiklistarkeppni og á unglingsárum hélt hann úti útvarpsþætti. Átján ára réð hann sig sem vélvirkja fyrir bandaríska flugherinn og starfaði þar í mörg ár. Á sjötta áratugnum vann Morgan meðal annars sem dansari og spilaði í hljómsveit. Hann fór einnig að leika í leikritum og árið 1971 hóf hann kvikmyndaferil sinn.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR SÆKIR Í SPEKINGANA

# Norræn skemmtilegheit og íslensk sprund

Um nýafstaðna helgi flakkaði ég um sjónvarpsstöðvarnar eins og mér væri borgað fyrir það, aðallega vegna þess að ekkert náði að fanga athygli mína lengur en í nokkrar mínútur. Ekkert, nema norræni þátturinn þar sem fimm útvaldir Eurovision-spekingar spá í spilin fyrir komandi keppni. Þátturinn sá heldur mér alltaf fanginni þangað til Christer Björkman brosir sínu hvíta brosi og þakkar fyrir sig. Fyrir því eru nokkrar ástæður.

Í fyrsta lagi finnst mér gaman að leyfa þjóðarstoltinu að sækja í sig veðrið og fussa og sveia yfir hinum aumingja löndunum, sem eiga augljóslega öll eftir að lenda í síðasta sæti (ég geri mér grein fyrir að þessi hugsun stenst ekki alla rökfræði, en hvað um það).



Mestu máli skiptir þó að Eurovision-jólasveinarnir sem þarna eru saman komnir eru bara stórskemmtilegir. Stemningin á tökustað er augljóslega mjög afslöppuð, sem skilar sér í skemmtilegheitum heim í stofu. Hvað veldur afslöppuninni veit ég ekki, og hitt er víst að öll eru þau afskaplega ólík. Hvort Charlotte Perelli, sem syngur aðallega lög sem Svíarnir nefna „dansbands"-tónlist, og rokkarinn Eiríkur Hauksson eiga samleið utan stúdíósins efast ég stórlega um. En samansafnið svínvirkar – líka með nýju þátttakendunum Adam Duvå Hall og Per Sundnes. Eftir búsetu mína í Svíþjóð getur mér heldur ekki annað en þótt vænt um Thomas Lundin og yndislegu Finnlands-sænskuna hans.

Þýðingin setur svo punktinn yfir hið víðfræga i. Ég veit ekki hvort hér ríkir mikill skortur á þýðendum, en mér þykir ég endalaust reka augun í svo klaufaleg mistök að það slær út í fyrir mér. Hvernig er til dæmis hægt að þýða September sem nóvember án þess að taka eftir því? Þýðandi norrænu þáttanna fór hins vegar á kostum, og notaði til dæmis hið vanmetna orð sprund. Ég hlakka til framhalds og fleiri gullmola að bæta í orðaforðann.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.00** Bruce Almighty
STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.00** Skólahreysti
SKJÁREINN



▶ **20.40** Everwood
SJÓNVARPIÐ



▶ **22.05** American Idol SIRKUS



▶ **22.20** The Unit STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2007** (1:4) e.
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Franklín (70:78)**
**18.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin (5:13)**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós - Borgarafundur** Í þættinum í kvöld, sem er í beinni útsendingu frá Ísafirði, verður meðal annars borgarafundur um samgöngu- og sjávarútvegsmál vegna þingkosninganna 12. maí. Þátturinn verður endursýndur í lok dagskrár og kl. 16.00 á miðvikudag.
▶**20.40 Everwood (9:22)**
**21.25 Ómur af Ibsen - Hundurinn (5:8)** Norsk þáttaröð þar sem sagðar eru nútímasögur byggðar á verkum Henriks Ibsens. Hér er fjallað um valdabaráttu í hjónabandi og sagt frá manni sem hefur styggan hund heim með sér til að ergja konu sína.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Dulnefni DP (2:2) (Nom de code: DP)** Frönsk sakamálamynd í tveimur hlutum. Leyniþjónusta stórveldis kemst á snoðir um áform íslamista um meiri háttar hryðjuverk og sendir flugumann inn í raðir þeirra til að afla upplýsinga. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**00.00 Kastljós - Borgarafundur**
**01.00 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 People I Know**
**08.00 The Legend of Johnny Lingo**
**10.00 Legally Blonde 2. Red, White & Blonde**
**12.00 Bruce Almighty**
**14.00 The Legend of Johnny Lingo**
**16.00 Legally Blonde 2. Red, White &B**
▶**18.00 Bruce Almighty** Rómantísk gamanmynd með ævintýralegu ívafi. Aðalhlutverk. Jim Carrey, Jennifer Aniston.
**20.00 People I Know**
**22.00 Narc**
**00.00 U.S. Seals II**
**02.00 The 51st State**
**04.00 Narc**

## STÖÐ 2

**07.20 Grallararnir**
**07.40 Tasmanía**
**08.00 Oprah**
**08.45 Í fínu formi 2005**
**09.00 Bold and the Beautiful**
**09.20 Forboðin fegurð**
**10.05 Most Haunted** (2.20)
**10.50 Arrested Development**
**11.15 Strong Medicine** (12.22)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Homefront**
**13.55 Las Vegas** (12.23)
**14.40 Veggfóður** (13.20)
**15.25 Whose Line Is it Anyway? 4**
**15.50 Shin Chan**
**16.13 Nornafélagið**
**16.38 Horance og Tína**
**17.03 Taz-Mania 1**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 The Simpsons** (9.22)
**20.05 The Apprentice** (9.15)
**20.50 Shark** (15.22)
**21.35 Las Vegas NÝTT** (1.17) Spennandi bandarísk þáttaröð sem gerist í partíborginni Las Vegas.
▶**22.20 The Unit** Önnur þáttaröð sem fjallar um störf leynilegrar úrvalsveitar innan bandaríska hersins sem hefur það hlutverk að fara í hættulegustu og leynilegustu sendiferðir sem upp koma. (2.18)
**23.05 Twenty Four** (13.24) Stranglega bönnuð börnum.
**23.50 Nip/Tuck** (15.15) Í lokaþætti þáttaraðarinnar er Sean enn að skipuleggja sölu á læknastofunni. Stranglega bönnuð börnum.
**00.40 Cold Case** (13.24)
**01.25 Crossing Jordan** (20.21)
**02.10 Cubbyhouse**
**03.40 Murder Investigation Team** (8.8) (e)
**04.30 Las Vegas NÝTT** (1.17)
**05.15 Fréttir og Ísland í dag**
**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider**
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld** (19.24) (e) Þegar Jerry fer að sofa hjá heimilishjálpinni sinni hættir hún að standa sig í vinnunni og Georg ákveður að hann verði að koma sér upp góðu gælunafni.
**19.55 Entertainment Tonight** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur. Leyfð öllum aldurshópum.
**20.50 Gene Simmons. Family Jewels**
**21.15 The Nine** Níu manns, allt ókunnugt fólk, eru tekin í gíslingu í banka einum. Þar er þeim haldið í 52 klukkustundir við erfiðar aðstæður. Þegar þau losna úr bankanum og fara að lifa lífi sínu finna þau að ekkert verður eins aftur. Líf þeirra er breytt að eilífu. Á milli þessara níu manna hafa nú myndast sterk bönd sem engin nema þau sem haldið var í bankanum skilja. Hvað gerðist í bankanum á þessum 52 klukkustundum sem gjörbreytti lífi þessa fólks svona mikið?
▶**22.05 American Idol** (28.41) (Bandaríska Idol-Stjörnuleit) Úrslitaslagurinn heldur áfram í American Idol en nú eru aðeins þeir bestu eftir. Dómarar eru ekki lengur með völdin og því þurfa keppendur að leggja enn harðar að sér til að vinna hylli almenningsins. Síðustu átta stíga á svið en í lok þáttarins verður einn sendur heim og aðeins sjö verða eftir.
**22.50 American Idol** (29.41) (Bandaríska Idol-Stjörnuleit) Úrslitaslagurinn heldur áfram í American Idol en hvaða keppandi verður sendur heim í kvöld?
**23.15 Dirty Dancing**
**00.10 Seinfeld** (19.24) (e)
**00.35 Entertainment Tonight** (e)
**01.05 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10:15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05:45 til 09:45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Melrose Place** (e)
**10.30 Óstöðvandi tónlist**
**14.55 Vörutorg**
**15.55 High School Reunion** (e)
**16.45 Beverly Hills 90210**
**17.30 Melrose Place**
**18.15 Rachael Ray**
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 Snocross** Íslenskir snjósleðakappar í skemmtilegri keppni þar sem ekkert er gefið eftir.
▶**20.00 Skólahreysti** (12.12) Grunnskólakeppni í fitnessþrautum. Haldnar voru tíu forkeppnir um allt land og stigahæsta skólaliðið úr hverjum riðli er komið í úrslit. Í kvöld höldum við áfram að hita upp fyrir úrslitin og rifjum upp fimm síðustu keppnir. Úrslitakeppnin fer síðan fram í Laugardalshöll fimmtudaginn 26. apríl og verður hún sýnd í beinni.
**21.00 Innlit / útlit**
**22.00 Close to Home** (e)
**22.50 Everybody Loves Raymond** Bandarískur gamanþáttur. Ray verður miður sín er Marie segir frá mjög vandræðalegu atviki sem henti Ray. Hann veit ekki hvernig stendur á því að hún veit af þessu þar til hann áttar sig á því að hún hlýtur að hafa leyst dulmálið sem hann notaði til að skrifa í dagbók sína.
**23.15 Jay Leno**
**00.05 Heroes** (e)
**01.05 Jericho** (e)
**01.55 Beverly Hills 90210** (e)
**02.40 Melrose Place** (e)
**03.25 Vörutorg**
**04.25 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**07.00 Þrumuskot** (e)
**14.00 Wigan - Tottenham** (frá 15. apríl)
**16.00 Ítalski boltinn** (frá 15. apríl)
**18.00 Þrumuskot** (e)
**18.50 Man. Utd. - Sheff. Utd.** (beint)
**21.00 Arsenal - Man. City** (frá í kvöld)
**23.00 Þrumuskot** (e)
**00.00 Ítölsku mörkin** (e)
**01.00 Dagskrárlok**


FÖGNUM SUMRI Á HERMAURABALLI MEÐ TODMOBILE
TODMOBILE
Á NASA MIÐVIKUDAGINN 18. APRÍL
(Síðasta vetrardag)



HERMAUR BRENNINNANÍMÉR
STÚLKAN PRESLEY STELPUROKK
MUNU HLJÓMA SEM ALDREI FYRR
Sýrland hönnun

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.35
### Las Vegas



Glæný þáttaröð af Las Vegas, spennandi, bandaríski þáttaröð sem gerist í partíborginni Las Vegas. James Caan er hér í hlutverki Big Ed Deline, yfirmanns öryggismála í stóru spilavíti þar sem allt getur gerst. Í þessari fjórðu þáttaröð heldur Big Ed áfram að sjá til þess að allt fari vel fram í spilavítinu en það er ekki auðvelt í Las Vegas. Í fyrsta þættinum eru starfsmenn spilavítisins í áfalli vegna árásarinnar á Ed en gestirnir þurfa enn alla athygli þeirra. Það er engin leið að skorast undan ábyrgðinni enda er stöðugur straumur gesta á hótelið og gestirnir eru allir í partístuði.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ DULNEFNI DP SJÓNVARPIÐ KL. 22.25

Í kvöld verður sýnd frönsk sakamálamynd í tveimur hlutum. Leyniþjónusta stórveldis kemst á snoðir um áform íslamista um meiri háttar hryðjuverk og sendir flugumann inn í raðir þeirra til að afla upplýsinga. Leikstjóri er Patrick Dewolf og meðal leikenda eru Anne Brochet, Maher Kamoun, Asil Raïs og Patrick Descamps. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Sólskinsfólkið
**14.30** Seiður og hélog
**15.03** Orð skulu standa
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn
**20.10** Tónlist Sólkonungsins
**21.00** Í heyranda hljóði
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Bókmenntir eftirstríðsáranna
**23.10** Fimm fjórðu

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**07.00 Iceland Expressdeildin 2007** (KR - Njarðvík)

**17.45 Enska bikarmörkin 2007**

**18.15 Iceland Expressdeildin 2007** (KR - Njarðvík)

**19.45 Meistaradeild Evrópu** (Man. Utd. - Roma)

**21.25 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur** (Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur 06/07) Allt það helsta úr Meistaradeildinni. Fréttir af leikmönnum og liðum auk þess sem farið er yfir mörkin, helstu tilþrifin í síðustu umferð og spáð í spilin fyrir næstu leiki.

**21.55 PGA Tour 2007 - Highlights** (Verizon Heritage) Svipmyndir frá síðasta móti á PGA-mótaröðinni í golfi í Bandaríkjunum. Farið er yfir helstu tilþrifin fyrstu þrjá keppnisdagana en svo er efstu kylfingunum fylgt eftir á lokaholunum.

**22.50 Coca Cola mörkin**

**23.20 Spænsku mörkin**

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.

**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

## DR 1

**6.00** Postmand Per **6.15** Noddy **6.30** Rabatten **7.00** Italienske fristelser **7.30** Viden om **8.00** Jersild & Spin **8.30** Arbejdsliv - find et job! **9.00** Den 11. time **9.30** Søren Ryge **10.00** TV Avisen **10.10** Horisont **10.35** Ud i naturen **11.00** Ud i det blå **11.25** Aftenshowet **12.20** I lære som stjerne **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawson's Creek **14.00** Flemmings Helte **14.15** SPAM **14.30** Shin Chan **14.35** Ninja Turtles: Tidsrejsen! **15.00** SportsNørd **15.30** Lille Nørd **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **16.55** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd **18.00** Hammerslag **18.30** Dig og mig **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Fantastiske mrs. Pritchard **20.55** Hercule Poirot **4.30** Dyrene fra Lilleskoven **5.00** Rasmus Klump **5.10** Palle Gris på eventyr **5.30** Kaj og Andrea **6.00** Postmand Per

## NRK 1

**7.30** Sydvendt **8.00** Siste nytt **8.05** Kulturprofilen **8.30** Faktor: Fremviseren **9.00** Siste nytt **9.05** Ung i Amerika **10.00** Siste nytt **10.05** Fra Dalarna til Gobi **11.00** Siste nytt **11.05** Lunsjtrav **12.00** Siste nytt **12.05** Høytidsgudstjeneste fra Byåsen kirke i Trondheim **13.00** Siste nytt **13.05** Lyoko **13.30** Duck Dodgers **14.00** Siste nytt **14.03** Den dårligste heksa i klassen **14.30** Liga **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Fra loft og kjeller **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Lille Prinsesse **16.15** Konrad katt **16.25** Frøken Nilsen er tilbake **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Ut i naturen: Magasin **18.00** Planeten **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Standpunkt **20.15** Extra-trekning **20.30** Safari: Eros i kunsten **21.00** Kveldsnytt **21.15** Kulturnytt **21.20** Utsyn: Fra MS "Tampa" til New Zealand **22.10** 4•4•2: Bakrommet: Fotballmagasin **22.40** Jazz i latinerkvarteret **4.25** Frokost-tv

## SVT 1

**7.30** När gräsrötterna tar över **8.00** Skolfront **8.30** Nya drömjobbet **9.00** Vetenskap - forskare mot alla odds **9.30** Alkohol i blodet **10.00** Rapport **10.05** Planet Earth **12.30** Springpojkar är vi allihopa **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Soñaba con una aventura **15.10** Courts de francais: Sur la route **15.30** Krokomax **16.00** Myror i brallan **16.30** Sagoberättaren **17.00** Lilla Aktuellt - kortnyheter **17.05** Grand Prix **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Slutet på historien **19.05** Höök **20.05** Argument **21.05** Rapport **21.15** Kulturnyheterna **21.25** Kobra **21.55** Stina! **22.55** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige





*Til hamingju meistarar!*

Enn og aftur hefur liðsheildin og metnaðurinn fært Haukastelpunum sigurinn en þær vörðu Íslandsmeistaratitilinn nú um helgina.

Þar með hafa þær unnið alla bikara sem keppt er um á þessari leiktíð.

Við erum stolt af að styðja Haukastelpurnar.

actavis

*Actavis er öflugur stuðningsaðili körfuknattleiks á Íslandi*

## BESTI BITINN



*„Ef ég er að flýta mér finnst mér best að fara á Á næstu grösum. Annars er ég mikið fyrir sælkeramat, þannig að mér finnst skemmtilegast að fara út að borða á Vox og í Sjávarréttakjallarann.“*

Þórunn Lárusdóttir, leik- og söngkona.



**LÁRÉTT** 2. viðbót, 6. frú, 8. tilvera, 9. eyða, 11. bor, 12. vondur, 14. unna, 16. skóli, 17. dreift, 18. for, 20. guð, 21. litlaus.

**LÓÐRÉTT** 1. fiskur, 3. býli, 4. ógætinn, 5. að, 7. stilltur, 10. einkar, 13. suss, 15. megin, 16. starfsgrein, 19. slá.

**LAUSN**

LÁRÉTT: 2. ábót, 6. fr, 8. ævi, 9. sóa, 11. al, 12. illur, 14. elska, 16. fg, 17. sáð, 18. aur, 20. ra, 21. grár.

LÓÐRÉTT: 1. ufsi, 3. bæ, 4. óvarkár, 5. til, 7. rólegur, 10. all, 13. uss, 15. aðal, 16. fag, 19. rá.




# Hjálmar rændur í Tjarnarbíói



**HJÁLMAR HJÁLMARSSON** Tölvunni hans var stolið í Tjarnarbíói en á henni var að finna mikið af persónulegum gögnum leikarans.

„Það er alveg grautfúlt að lenda í þessu svona skömmu eftir páska,“ segir leikarinn góðkunni Hjálmar Hjálmarsson en hann varð fyrir því óláni að fartölvu hans var stolið á miðvikudagskvöldinu í Tjarnarbíói. „Ég hef verið að leikstýra MK-ingum þar og hafði skilið tölvuna eftir í einhverri rælni,“ útskýrir Hjálmar. „Þegar ég uppgötvaði að tölvan var ekki þar sem hún átti að vera leitaði ég dyrum og dyngjum að gripnum en fann ekki. Og áttaði mig á því að einhver hafði tekið hana ófrjálsri hendi,“ útskýrir Hjálmar sem að vonum var sár yfir missinum.

Tölvan er af gerðinni Gateway og var í svartri, hefðbundinni tölvutösku sem innihélt jafnframt pappíra frá leikaranum og upptökutæki. „Svona þjófnaður kemur sér mjög illa fyrir flesta þá sem eru í svona sjálfstæðum rekstri,“ segir Hjálmar. „Og það er ekki eins og einhver eigi eftir að geta nýtt sér það sem þarna er að finna nema hann ætli að hasla sér völl í gamanleik,“ bætir Hjálmar við en á tölvunni var líka mikið af myndum og öðrum persónulegum gögnum. „Þetta er eins og parti af manni sjálfum sé stolið,“ segir Hjálmar sem vonaðist þó til að þessi missir myndi ekki bitna á lærlingum hans úr Kópavoginum sem frumsýna leikritið í kvöld.

Hjálmar biðlar þó til þeirra sem vita eitthvað um afdrif tölvunnar að láta sig vita og lofar veglegum fundarlaunum. „Svo getur líka sá sem tók tölvuna sent mér sms í síma 864 1440 og látið mig vita, nafnlaust, hvar hann vilji skilja hana eftir ef svo ber undir,“ segir Hjálmar. - fgg



**ÍSLENSKUR VOLDEMORT?** Leikarinn Jón Páll Eyjólfsson þykir koma til greina í hlutverk í sjöttu myndinni um Harry Potter. Hann var boðaður í prufur í gegnum félaga sinn frá námsárunum í London. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### JÓN PÁLL EYJÓLFSSON: STÓRT TÆKIFÆRI Í KVIKMYNDAHEIMINUM

# Prófaður í hlutverk í næstu Harry Potter-mynd

„Þetta er allt á mjög viðkvæmu stigi en er vissulega spennandi og magnað ef af verður,“ segir Jón Páll Eyjólfsson, leikari og leikstjóri, sem er nýkominn heim frá Englandi þar sem hann fór í prufur fyrir næstu Harry Potter-mynd. Um er að ræða Harry Potter og Blendingsprinsinn – sjöttu kvikmyndina um ævintýri galdramannsins unga sem kemur fyrir sjónir almennings á næsta ári.

Jón Páll segir að hann megi ekkert tjá sig um hlutverkið sem hann var prófaður í né myndina sjálfa. Honum gekk þó það vel í prufunum að hann var boðaður í næstu umferð. Það ætti að skýrast í maí hvort Jón Páll leiki í næstu Harry Potter-mynd. „Ég er búinn að fara og hitta aðilana sem standa að þessari mynd og lesa úr handritinu. Á þessu stigi fær maður bara að sjá búta úr handritinu og það hvílir mikil leynd yfir þessu öllu saman,“ segir hann. Þó ekkert fáist staðfest þess efnis telja Harry Potter-aðdáendur sem Fréttablaðið ræddi við ekki ósennilegt að umrætt hlutverk sé sjálfur Voldemort á yngri árum.

Jón Páll lærði á sínum tíma í East 15 úti í London. Á námsárunum kynntist hann Steven Kloves sem er handritshöfundur kvikmyndarinnar. Þeir hafa síðan verið í lauslegu sambandi og það var Kloves sem stakk upp á Jóni Páli fyrir myndina.

Næsta verkefni Jóns Páls átti að vera að leikstýra Partílandi, leikverki Jóns Atla Jónassonar, sem verður lokaatriðið á Listahátíð í Reykjavík hinn 26. maí. Möguleikinn á hlutverki í Harry Potter setur þó strik í reikninginn enda er Jón Páll boðaður út til London þegar æfingar ættu að standa sem hæst. „Já, þetta stefnir í voða og það getur verið að sýningin þurfi að frestast eða ég verði að gefa hana frá mér,“ segir Jón Páll. „Það er alla vega klárt að ef ég fæ þetta hlutverk er fram undan gríðarlegur undirbúningur fyrir myndina, mikil handritavinna og önnur vinna með leikurunum.“

hdm@frettabladid.is



**HARRY POTTER** Galdrastrákurinn og vinir hans gætu þurft að etja kappi við Íslending á næstunni.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Meistari **Megas** ásamt nokkrum meðlimum **Hjálma** og **Guðmundi Péturssyni** gítarleikari eru sagðir vera að hittast á leynilegum fundum í hljóðveri. Mikil leynd hvílir yfir þessum hittingi og félagarnir vilja lítið tjá sig um málið en planið ku víst að vera taka upp lög eftir Megas enda er hann sagður eiga nóg af þeim á lager.

Plata **Garðars Thors Cortes** kom út í gær á Bretlandi en hennar hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu. Garðar var í klukkustundarlöngu viðtali við **Classic FM** sjónvarpsstöðina á laugardagskvöld og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins loguðu allar línur sjónvarpsstöðvarinnar skömmu eftir þáttinn og vildu áhorfendur gjarnan fá að vita hvar og hvenær væri hægt að festa kaup á geisladisknum.



Allir vilja leggja sitt á vogarskálarnar í London til að endirinn á þessu mikla ævintýri tenórsins ljúki sem allra best. **Eggert Magnússon** er þar engin undantekning því hann hefur bókað Garðar til að syngja á undan leik **West Ham** og **Chelsea** í ensku úrvalsdeildinni á morgun. Þetta er endapunktur við hæfi því bæði lið hafa sterkar taugar til Íslands, West Ham í eigu þeirra Eggerts og **Björgólfs Guðmundssonar** og **Eiður Smári Guðjohnsen** er nánast í guðatölu hjá stuðningsmönnum enska meistaranna eftir sigursæla dvöl hjá félaginu. Hyggst Garðar þakka fyrir sig og syngja einkennislag West Ham sem heitir **Unblowing Bubbles** og er gamall og sígildur standard. - jar/fgg






# Heiðrún Anna á flugi

„Við gáfum út stóra plötu í ágúst sem heitir Cicada eins og hljómsveitin. Þetta er svona dans-elektrónísk tónlist,“ segir Heiðrún Anna Björnsdóttir söngkona. Heiðrún gerði garðinn frægan með hljómsveitunum Cigarette og Gloss auk þess sem hún lék í myndinni Nei er ekkert svar en hefur búið í Englandi um árabil. „Þetta er búið að ganga rosa vel og við erum búin að vera að fá mjög góða dóma úti um allt og spila um allan heim. Í sumar spilum við svo á Glastonbury í Bretlandi og sennilega í Japan síðar á árinu.“ Heiðrún segir það þó ekki vera í spilunum að koma til Íslands að spila. „Ég bý í London og er búin að búa þar í um tvö ár en það eru að verða ellefu ár síðan ég flutti til Englands. Ég kann mjög vel við mig hérna en sakna samt Íslands stundum, aðallega fjölskyldunnar og góða loftsins.“

Heiðrún Anna hefur margt annað á prjónunum. „Ég starfa orðið eingöngu við að semja tónlist og syngja. Ég er með „publishing“-samning við Universal þannig að ég er mikið að semja tónlist fyrir aðra. Þessa dagana er ég samt að einbeita mér að því að setja saman mína eigin plötu,“ segir Heiðrún Anna ánægð með lífið í London. Tónlist Cicada má heyra á www.myspace.com/cicada1 og það sem Heiðrún er ein að brasa má finna á www.myspace.com/heidrunbjornsdottir. - jar



**HEIÐRÚN ANNA BJÖRNSDÓTTIR** Hefur búið í Englandi í ellefu ár og hefur atvinnu af að semja tónlist og syngja.






KOLVIÐUR | Kolviður er sjóður sem stofnaður er af Skógræktarfélagi Íslands og Landvernd. Markmið Kolviðar er að bjóða einstaklingum og fyrirtækjum að kolefnisjafna útblástursáhrif samgöngutækja sinna með skógrækt. Bakhjarlar Kolviðar eru ríkisstjórn Íslands, Orkuveita Reykjavíkur og Kaupþing. Vefsíða Kolviðar er www.kolvidur.is.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



LYFJA
- Lífið heil
Lyfja Lágmúla
Lyfja Smáratorgi
Opið 8-24 alla daga




**BAKÞANKAR**
KARENAR D. KJARTANSDÓTTUR

## *Kynlegur þjófnaður*

Sárt er að glata einhverju sem manni er kært. Ég er elst fjögurra systra. Þegar ég var barn gætti móðir mín þess að við systur yrðum ekki klæddar í bleikt. Litinn tengdi hún væntanlega stöðluðum hugmyndum um kynin. Nokkuð sem hún hafði ekki áhuga á að troða upp á börnin sín. Síðar var bleiki liturinn frelsaður úr viðjum staðlaðra hugmynda og svo fór að karlmenn geta jafnvel gengið í þannig lituðum klæðum.

**SEXTÁN** ára gömul vann ég í verksmiðju. Iðjusemi er dyggð, sérstaklega meðal þeirra launalægstu. Færu konur að spjalla of mikið við vinnu sína virtist hvaða karlmanni sem var leyfast að koma með athugsemdir um hve ótrúlega mikið kellingar blöðruðu. Karlmenn máttu þó skiptast á skoðunum og ræða málin án þess að konur gætu blandað sér í málið á annan hátt en að taka undir með þeim eða hlæja að hnyttnum athugsemdum þeirra.

**Í** mörg ár sagði ég stolt hverjum þeim sem heyra vildi að ég væri femínisti. Ég hafði þá trú að orðið ætti við þá sem óskuðu kynjunum jafnra tækifæra og réttinda. Helstu framákonur femínismans hafa þó vakið með mér þá tilfinningu að undanförnu að ég hafi misskilið hugtakið. Það sé í raun svo flókið að aðeins útvaldir geti fjallað um það. Samt svo óhagganlegt að skiptar skoðanir um það eigi jafn illa við og fjöldi útkomna á einu stærðfræðidæmi.

**ÞEGAR** ég var komin á fremsta hlunn með að hvæsa í örvæntingu að ég gæti ekki kallað mig femínista lengur rann svolítið upp fyrir mér. Femínismanum hafði ekki verið stolið frá mér. Það hefur enginn eignarétt yfir orðum.

**GUÐ** hjálpi konunum á færibandinu. Hvað eiga þær til bragðs að taka nú þegar femínisminn hefur verið múraður inn í herbúðum menntakvenna Háskóla Íslands? hugsaði ég skelfingu lostin með mér áður en ég áttaði mig á því að orðaþjófnaðurinn var aldrei framinn. Það voru ekki kynjafræðingar sem unnu stærstu sigrana í kvennabaráttunni. Það var fólk úr ólíkum áttum sem vildi jafnrétti kynjanna. Takmark þeirra var það sama þótt hugmyndir um baráttuaðferðir væru skiptar. Þannig er það enn í dag. Við höfum bara meiri tíma til að þrasa.

**ANNARS** er það að frétta að ég var kílói þyngri en ég er vön að vera á vigtinni í morgun. Í reiði minni færði ég djöflamaskínuna til og þá komst allt aftur í samt horf.


Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is






Það er fátt gleðilegra en að byrja sumarið á því að kaupa sér góðan bíl. **KIA Picanto** er einkar lipur, fallegur og sparneytinn smábíll með skynsamlegri rýmisnýtingu. Nú getum við boðið fimm dyra Picanto dísil á lækkuðu verði, **1.450.000 kr.** (verð áður 1.560.000 kr.). Picanto er einnig fáanlegur sjálfskiptur, einn fárra smábíla.

**Fæst einnig með sparneytinni bensínvél á aðeins 1.365.000 kr.**

Engin útborgun, **21.257 kr.** á mánuði*

*M.v. 100% lán og 84 mánaða gengistryggt bílalán frá AVANT.

AVANT

HEKLA KIA *umboðið* á Íslandi er í eigu HEKLU • Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is

KIA MOTORS
The Power to Surprise™